









FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. janúar 2006 — 1. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Stund milli stríða



Var árið 2005 ekki eins og lognið á eftir storminum, eða undan honum? spyr Guðmundur Andri Thorsson í ársuppgjöri sínu.

Í DAG 20

## Góðir hlutir gerast hægt



Guðjón Sigmundsson hefur strengt áramótaheit í 35 ár en er nú hættur þar sem hann segir þau sjaldan hafa staðist.

FÓLK 38

## Kynntust við lundaveiðar

Húsvíkingurinn Björn Friðrik Brynjólfsson er nýr aðstoðarmaður Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra. Þeir kynntust við lundaveiðar í Grímsey á Steingrímsfirði.

TÍMAMÓT 24

## Viggó góður dómari



Landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson þótti standa sig sérstaklega vel í dómarahlutverkinu á fjáröflunarleik ÍR sem hann dæmdi á föstudag.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝTT FRAM EFTIR DEGI** Það verður nokkuð stíf suðvestanátt með skúrum allvíða en þurrt að mestu á norðanverðu landinu. Milt framan af degi en kólnar nokkuð þegar líður á síðdegið og kvöldið. VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 25-45 ÁRA

Húsnæðisleitin hefst í Fréttablaðinu




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

# Fær 130 milljónir króna eftir fimm mánaða starf

**Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrum forstjóri FL Group, fær 130 milljónir frá félaginu næstu fjögur til fimm ár vegna starfsloka í október. Sigurður Helgason, sem lét af störfum forstjóra í vor, fær 161 milljón.**

**STARFSLOK** Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrum forstjóri FL Group, fær 130 milljóna króna greiðslur frá félaginu næstu fjögur til fimm ár vegna starfsloka sinna í október.

Ragnhildur tók við starfinu af Sigurði Helgasyni, sem lét af störfum í vor eftir tuttugu ára stjórnartíð hjá fyrirtækinu. Sigurður fær 161 milljón króna í greiðslur frá félaginu næstu fjögur til fimm ár vegna starfsloka sinna. Ragnhildur gegndi stöðu forstjóra í fimm mánuði.

„Þessar greiðslur eru einungis uppgjör á ráðningarsamningi Ragnhildar,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður FL Group. „Hún er eins og aðrir launþegar með ákveðinn uppsagnarfrest, auk þess sem ýmis hlunnindi koma inn í samninginn.“



**RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR** FL Group greiðir henni 130 milljónir vegna starfsloka sem forstjóri fyrirtækisins.



**SIGURÐUR HELGASON** Lét af störfum sem forstjóri FL Group í vor og fær 161 milljón vegna starfslokanna.

Skarphéðinn Berg segir vissulega um háar fjárhæðir að ræða, en það sé hefðbundið í ráðningarsamningum forstjóra fyrirtækja að svo sé. „Launin eru há og kaupaukagreiðslur bætast við þegar vel gengur.“

Skarphéðinn Berg segir félagið hafa gengið vel í stjórnartíð Ragnhildar og tekið hafi verið mið af því. „Það var tiltölulega einfalt mál að gera upp ráðningarsamning hennar.“

Skarphéðinn segist ekki leggja mat á það hvort um óeðlilega háar fjárhæðir sé að ræða. „Þetta eru greiðslur sem Ragnhildi ber samkvæmt ráðningarsamningi hennar, og launakjör hennar voru eins og tíðkast hjá fólki í sambærilegum störfum,“ segir Skarphéðinn Berg. „Ragnhildur er öflug manneskja og hún vann vel fyrir félagið.“

„Ég þekki ekki þau viðmið sem ríkja við samninga af þessu tagi en ég get ekki annað sagt en að mér finnst mjög vel í lagt með þessum greiðslum,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, viðskiptafræðingur og hluthafi í FL Group. **- ht**



**HÚSNÆÐI HJÁLPARSVEITAR SKÁTA Í HVERAGERÐI BRANN Á GAMLÁRSDAG** Brunavarnir Árnessýslu lögðu til körfubíl við slökkvistarf í Hveragerði á gamlársdag, en vegna sprengihættu af birgðum flugelda í húsinu þótti ekki óhætt að manna körfuna, sem þó nýttist til að sprauta ofan í eldhafið. Mikið tjón var í brunanum og missti hjálparsveitin allan sinn búnað, utan tvo bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/KIDDI RÓT

Stórbruni varð hjá Hjálparsveit skáta í Hveragerði á gamlársdag:

# Stöðurafmagni kennt um eld

**ELDSVOÐAR** Stöðurafmagn er talið kunna að hafa valdið brunanum hjá Hjálparsveit skáta í Hveragerði á gamlársdag.

Snorri Baldursson, slökkviliðsstjóri í Hveragerði, telur koma til greina að banna björgunarsveitarmönnum að vera í flísfatnaði þegar höndlað er með sprengifim efni, en starfsmaður hjálparsveitarinnar var að ganga frá flugeldasýningu í húsinu. Stöðurafmagn getur myndast við núning gerviefna og þekkja margir hvernig er að fá í sig neista frá einhverjum sem gengið hefur yfir teppalagt gólf.

Einnig er talið að neisti kunni að hafa myndast við að hefti hafi skotist í annað hefti eða nagla. Verið var að vinna með heftibyssu þegar kviknaði í. „Ólíklegt er að hægt verði að sanna hvort var,“ segir Snorri, en telur að lagst verði yfir vinnulag við meðhöndlun skotelda í kjölfarið.

Í sama streng tekur Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Árnessýslu. „Brunamálastofnun hlýtur nú að taka þetta mjög föstum tökum,“ segir hann og telur líklegt að settar verði reglur um að sala og meðhöndlun skotelda verði alfarið færð yfir í sérstaka gáma fjarri öðrum byggingum. Sjá síðu 4 /- óká

Gleðskapur á nýársnótt:

# Manni bjargað af svölum húss

**LÖGREGLA** Drukkinn maður hékk utan á svölum á þriðju hæð fjölbýlishúss í Keflavík og hótaði að kasta sér niður á steypta stétt um klukkan fjögur á nýársnótt.

Lögregla hafði verið kvödd á staðinn vegna ölvunar og æsings mannsins. Að sögn lögreglu í Keflavík náðist að bjarga manninum af svölunum og hann var í kjölfarið vistaður í fangahúsi.

Fyrr um nóttina óskaði maður í Keflavík eftir aðstoð lögreglu þar sem hann hafði verið skallaður í andlitið, en tennur í honum brotnuðu og hann skarst töluvert.

Lögreglan fann meintan árásarmann skömmu síðar, en sá var með fjögurra sentímetra langan skurð á enninu. Árásarmaðurinn fékk að gista fangageymslu, en báðir voru ölvaðir. **- óká**

OFKEYRSLU TÓNLEIKAR
LAUGARDALSHÖLL
06.01.2006 kl. 18.00

ÓKEYPIS MIÐAR:
Náðu þér í ókeypis miða í Aygo hjólhýsinu á Lækjartorgi milli fimm og átta alla daga fram að tónleikum.





## SPURNING DAGSINS

*Edda, hvernig fannst þér Skaupið?*

„Mér til mikils léttis þá hló ég bara þó nokkuð."

Edda Björgvinsdóttir var einn af þremur umsjónarmönnum Áramótaskaups RÚV 2005 auk þess sem hún leikstýrði því og lét sig ekki muna um að leika nokkur hlutverk í þokkabót. Það gerði sonur hennar, Björgvin Franz Gíslason, líka.

Rannsókn miðar að því að upplýsa um dópsölu í Vestmannaeyjum:

# Tekin með dóp og milljón í peningum

**LÖGREGLA** Maður á fimmtugsaldri var úrskurðaður í viku gæsluvarðhald í Vestmannaeyjum seint á gamlárskvöld grunaður um dreifingu fíkniefna.

Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók um morguninn þrjár konur og einn karl, öll á þrítugs-og fertugsaldri, vegna meintra fíkniefnabrota og játaði ein konan umtalsverða sölu á fíkniefnum. Manninum var sleppt eftir yfirheyrslur en í fórum hans fannst ekkert, en smáræði af hassi í fórum kvennanna.

Á heimilum kvennanna og í bifreið fannst töluvert magn af eiturlyfjum til viðbótar, alls um 100 grömm af hassi og eitthvað af amfetamíni, að því er fram kemur hjá lögreglu. Konunum var svo einnig sleppt, en í framhaldi af játningu einnar þeirra var karlinn sem nú situr í gæsluvarðhaldi handtekinn. Þá fann lögregla við leit í tveimur húsum tæplega 100 grömm af hassi til viðbótar og tæpa milljón króna í peningum, bæði íslenskum krónum og dollurum. Lögregla segir manninn hafa játað því að eiga hassið en neitað fíkniefnasölu.

Lögreglan í Vestmannaeyjum segir rannsóknina halda áfram eftir helgina, en ljóst sé að hún sé nokkuð umfangsmikil og beinist að því að upplýsa ætlaða fíkniefnasölu í Eyjum undanfarna mánuði. Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir manninum var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands. **- óká**



**VESTMANNAEYJAR** Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur til rannsóknar umfangsmikið fíkniefnamál. Einn situr í gæsluvarðhaldi.

Áramótafagnaður í Grindavík:

## Raketta sprakk í hendi manns

**LÖGREGLA** Maður slasaðist alvarlega á hendi í Grindavík á miðnætti á gamlárskvöld þegar flugeldur sprakk í hendi hans.

Þá var félagi mannsins sem nærri stóð einnig fluttur á slysadeild í Reykjavík með minniháttar brunaáverka á brjósti og maga.

Lögreglu barst tilkynning um slysið þegar þrjár mínútur voru liðnar af nýja árinu, en mennirnir voru að skjóta upp flugeldum við heimahús. Flugeldur hafði losnað frá priki og hélt annar maðurinn á honum og ætlaði að henda frá sér þegar búið væri að kveikja í honum. Flugeldurinn sprakk hins vegar áður en hann náði að kasta honum. Mennirnir voru báðir fluttir með sjúkrabíl til Reykjavíkur. **- óká**

Umferðarslys í Miðdölum:

## Þrír hestar drápust

**LÖGREGLA** Þrír hestar drápust þegar ekið var á hestastóð fyrir utan bæinn Þorbergsstaði í Miðdölum laust fyrir klukkan 20.00 á gamlárskvöld.

Ökumaðurinn, sem er karlmaður kominn yfir miðjan aldur, slapp að mestu óskaddaður. Bíllinn er gjörónýtur. Að sögn lögreglunnar í Búðardal var gríðarleg hálka þar sem óhappið varð auk þess sem hestarnir hlupu inn á veginn í myrkri. **- fb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Slagsmál á dansleik** Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn grunaður um ölvun við akstur á Húsavík á nýársnótt. Auk þess var karlmaður frá Þórshöfn um tvítugt fluttur á heilsugæslu eftir slagsmál á dansleik.

**Ruslakassar sprengdir** Fjórir ruslakassar voru sprengdir á Höfn í Hornafirði á gamlárskvöld auk þess sem kveikt var í einum litlum ruslagámi. Enginn slasaðist og ekki þurfti að kalla út allt slökkviliðið á staðnum. Tjónið var engu að síður töluvert.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Ástæður hás matvælaverðs kannaðar

**Forsætisráðherra ætlar að kalla saman hagsmunaaðila til að finna ástæður þess að matvælaverð hér á landi er langtum hærra en í grannlöndunum og koma með úrbætur í kjölfarið.**

**ÁVARP** „Fátt skiptir hag fjölskyldunnar meira máli en verðlag á brýnustu nauðsynjum og ekki verður við það unað til framtíðar að matvælaverð hér á landi sé langt umfram það sem er í grannríkjum okkar," sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í áramótaávarpi sínu í fyrrakvöld. Boðaði hann aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar og fyrsta skrefið sé að koma á fót nefnd tengdra aðila sem eiga að tilgreina ástæður þess og koma með úrbætur í kjölfarið.

Forsætisráðherra er þarna að vísa til nýrrar skýrslu sem tekur af allan vafa um að matvælaverð á Íslandi er með því hæsta og mun hærra en í nágrannaríkjum þeim er við gjarnan berum okkur saman við. Var niðurstaða skýrsluhöfunda meðal annars sú að ástæðurnar mætti að mestu rekja til innflutningshafta og verndarstefnu stjórnvalda gagnvart íslenskum landbúnaði.

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, fagnar þessari ákvörðun forsætisráðherra og segir þetta stærsta skref sem stjórnvöld hafi tekið hingað til í þessu máli. „Þessu höfum við lengi barist fyrir enda sýna og sanna dæmin að þegar höft og tollar eru afnumin lækkar vöruverð til neytenda að sama skapi. Við höfum lengi bent á að stjórnvöld sjálf gætu auðveldlega lagað þessa stöðu sé vilji til þess og með þessu er forsætisráðherra að stíga stærra skref en nokkur í hans stöðu hefur gert."

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir bændur taka slíkum tillögum af æðruleysi þrátt fyrir að skýrslur sýni að það séu þeir sem eiga hvað mest á hættu ákveði stjórnvöld að aflétta tollum eða tilkynni með öðrum hætti um stórvægilegar breytingar á matvælamarkaði. „Við erum hvergi hræddir heldur þvert á móti því umrædd norræn skýrsla leiðir einmitt einnig í ljós að verðlagning er undarlega mikil á tollfrjálsum innfluttum vörum og þar komum við hvergi nærri." **albert@frettabladid.is**



**STÓRT SKREF** Forsætisráðherra hefur gengið lengra en forverar hans og vill skýringar á háu matvælaverði hérlendis. Sérstök nefnd verður sett á laggirnar eftir áramót og mun hún fara ofan í kjölinn á því hvers vegna svo sé.



**DÝRAST Á ÍSLANDI** Skýrslur sýna að landbúnaðarvörur hvers konar eru stór kostnaðarliður hjá heimilum og méta margir það svo að verðlagning sé úr takti við það sem eðlilegt megi teljast. Verndartollum ríkisins sé um það að kenna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÁNÆGÐ FJÖLSKYLDA** Fyrsta barn ársins ásamt foreldrum sínum og stóra bróður.
Fréttablaðið/GVA

Fyrsti Íslendingur ársins:

## Fæddist stuttu eftir miðnætti

**ÁRAMÓT** Ljósadýrð tók á móti fyrsta Íslendingi nýs árs sem fæddist á kvennadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss laust eftir klukkan hálfeitt á nýársnótt. Barnið, sem var drengur, er annað barn foreldra sinna, Önnu Lilju Stefánsdóttur og Jörgens Ívars Sigurðssonar, en þau áttu fyrir tveggja ára son.

Fyrsta barn ársins er mikill myndarpiltur og mældist hann 16 merkur og 53 sentimetrar við fæðingu. Allt gekk vel fyrir sig og móður og syni heilsast vel. **-ht**

Veitingahús í Reykjavík:

## Grunur um nauðgun

**LÖGREGLA** Maður um tvítugt er í haldi lögreglu vegna gruns um nauðgun á veitingahúsi í Reykjavík. Atvikið átti sér stað á fimmta tímanum á nýársnótt.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík er maðurinn sakaður um að hafa notfært sér ástand stúlku á sama aldri sem var mjög ölvuð. Málið er í rannsókn. **- fb**

Óhapp í Hafnarfirði:

## Flugeldur inn um glugga

**LÖGREGLA** Flugeldur fór inn um glugga á einbýlishúsi við Skerseyrarveg í Hafnarfirði rétt fyrir miðnætti á gamlárskvöld.

Enginn var heima þegar flugeldurnn sveif inn um gluggann en nágranni sem sá atvikið var fljótur til og slökkti eldinn með slökkvitæki inn um gluggann á húsinu. Húsið var síðan reykræst þegar slökkviliðið mætti á staðinn. **- fb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Átján útköll** Slökkviliðið í Reykjavík fór í átján útköll á gamlárskvöld og nýársnótt. Sautján þeirra voru vegna minniháttar elda í gámum. Mikill fjöldi sjúkraflutninga var um nóttina, eða um fjörutíu talsins.

**Sextíu á slysadeild** Um sextíu manns komu á slysadeild Landspítalans í Fossvogi á gamlárskvöld og nýársnótt. Talan er tvöfalt hærri en það sem gengur og gerist um helgar á sjúkrahúsinu. Eitthvað var um brunaslys vegna flugelda og blysa fram að miðnætti.

Áramótaræða Ólafs Ragnars Grímssonar forseta:

# Hlúa þarf betur að öldruðum

**ÁVARP** Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, varð tíðrætt um vanda aldraðra í áramótaávarpi sínu í Ríkissjónvarpinu á gamlárskvöld. Sagði hann þar enn skorta verulega á að bætt hefði verið úr brýnni þörf margra þeirra og ætti þjóðin öll að sýna sóma sinn í að hlúa enn betur að öldruðum og raunverulega búa þeim áhyggjulaust ævikvöld.

Íslensk list og menning voru forsetanum einnig hugfangin og gerði hann mikið úr frekari möguleikum að kynna fyrir veröldinni þá fjölmörgu listamenn íslenska og verk þeirra sem jafnast á við það besta sem gerist. „Við eigum óunnið hið brýna verk að kynna heiminum marga frábæra listamenn sem Ísland ól í árdaga lýðveldistímans, snillinga sem eingöngu ræktuðu garð sinn hér heima en gáfu okkur verk sem jafnast á við það besta sem þekkist í veröldinni."

Nefndi forsetinn þar sérstaklega til Ásmund Sveinsson og Kjarval en fagnaði líka góðu gengi yngri listamanna landsins á erlendri grund, listamanna á borð við Sigur Rós, Sjón, Arnald Indriðason og Ólaf Elíasson.

Fór forsetinn einnig nokkrum orðum um sóknarfæri Íslendinga á erlendri grund og nefndi heimsókn Indlandsforseta hingað til lands og heimsókn íslenskra aðila til Kína á síðasta ári sérstaklega. „Það eru mikil forréttindi fyrir okkur Íslendinga að Indverjar og Kínverjar vilji efla samvinnu við okkar þjóð og leggi áherslu á að gera hana árangursríka. Það skapar okkur vænlega stöðu í hinu nýja hagkerfi heimsins." **- aöe**



**MARGVÍSLEGUR ÁVINNINGUR** Forseti Íslands sagði heimsókn forseta Indlands hingað til lands á síðasta ári skapa Íslendingum sóknarfæri sem aðrar þjóðir gjarnan vildu njóta.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR


mest
Sterk samsteypa
Merkúr og Steypustöðin verða MEST
Með sameiningu Merkúr og Steypustöðvarinnar hefur orðið til eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafn hins nýja fyrirtækis, MEST, endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir.
mest
– allt til bygginga
ENNEMM / SÍA / NM19805

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 30.12.2005**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,98 | 63,28 |
| Sterlingspund | 108,59 | 109,11 |
| Evra | 74,49 | 74,91 |
| Dönsk króna | 9,985 | 10,043 |
| Norsk króna | 9,317 | 9,371 |
| Sænsk króna | 7,922 | 7,968 |
| Japanskt jen | 0,536 | 0,5392 |
| SDR | 89,98 | 90,52 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**104,9002**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

25 ára maður frá Tálknafirði fékk skoteld í augað:

# Sjúkraflugvélin lengi á leiðinni

**SJÚKRAFLUG** 25 ára gamall karlmaður frá Tálknafirði fékk skoteld í augað á gamlárskvöld og var fluttur með sjúkraflugi frá Bíldudalsflugvelli til Reykjavíkur.

Maðurinn var að kveikja í flugeldatertu og fékk þá flugeld í annað augað. Fékk hann að fara heim af Landspítalanum í Fossvogi í gær eftir skoðun.

Lögreglan á Patreksfirði er óánægð með hversu langan tíma tók fyrir flugvélina að mæta á svæðið en hún var staðsett á Akureyri. Var hún í 60 til 65 mínútur á leiðinni en á ekki að vera lengur en 45 mínútur. Engin sjúkraflugvél var á Vestfjörðum þegar slysið



**SKOTIÐ UPP FLUGELDUM** Maðurinn frá Tálknafirði var einn af fáum sem slösuðust alvarlega af völdum flugelda um þessi áramót.

varð því vél sem var á Ísafirði hafði skömmu áður verið færð til Vestmannaeyja. Skapaðist þá ákveðið millibilsástand sem verður leyst á næstu dögum.

„Ég er ekki búinn að fá svör við því hvað það var sem tafði vélina,“ segir Sveinbjörn Dúason, slökkviliðsvarðstsjóri á Akureyri. „Þeir voru búnir að fara í flug fyrr um kvöldið sem gekk vel fyrir sig. Þeir voru í hálftíma en máttu vera í 45 mínútur. Við ætlum að sjá hvað veldur þessu og sjá síðan til þess að það komi ekki fyrir aftur,“ segir hann. Fyrra flugið var farið til að sækja veikan mann til Vopnafjarðar.

Að sögn Sveinbjörns verður í framtíðinni komin sérhæfð vél á vestfirðina sem mun sinna þessu svæði. Mun hún geta staðið tilbúin með öllum græjum um borð þannig að ekki þurfi að tína til efni í hana þegar eitthvað kemur upp á. **- fb**

Reyndi að klifra milli svala:

# Féll niður af fjórðu hæð

**LÖGREGLA** Karlmaður á sextugsaldri meiddist lítillega eftir að hann féll á milli hæða í fjölbýlishúsi í Reykjavík seint á gamlárskvöld. Maðurinn féll af svölum á fjórðu hæð hússins niður á þá þriðju.

Hann var að reyna að klifra á milli svala á fjórðu hæðinni þegar slysið varð.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík eru meiðsli mannsins talin minniháttar og þykir mildi að ekki skyldi hafa farið verr. Ekki lágu fyrir upplýsingar um það hjá lögreglu hvað manninum gekk til með þessu glæfralega ferðalagi sínu. **- fb**



**LAUS ÚR PRÍSUND** Alessandro Bernardini í fylgd palestínskra öryggisvarða sem frelsuðu hann úr höndum palestínskra gíslatökumanna. MYND/AP

Palestínskar öryggissveitir:

# Gísl frelsaður

**GAZABORG, AP** Palestínskar öryggissveitir réðust inn í byggingu í bænum Khan Younis á Gazaströnd í gær og frelsuðu þar gísl úr höndum mannræningja. Til skotbardaga kom milli öryggissveitanna og gíslatökumannanna.

Gíslinn frelsaði heitir Alessandro Bernardini, ítalskur friðarsinni sem var í gær á ferð í litlum fólksflutningabíl ásamt tíu öðrum útlendingum þegar vopnaðir menn stöðvuðu bifreiðina og námu hann á brott.

Lögreglumaður í Khan Younis hélt því fram að lítill hópur, tengdur Fatah-hreyfingunni, hefði staðið að gíslatökunni. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvunarútköll í heimahús** Eitthvað var um ölvunarútköll í heimahús í Kópavogi á nýársnótt en annars var kvöldið rólegt í bænum rétt eins og í Hafnarfirði og Garðabæ. Enginn gisti fangageymslurnar og engin slys urðu vegna flugelda.

**Rólegt á Akranesi** Fjölmargir söfnuðust saman í miðbæ Akraness á nýársnótt. Að sögn lögreglunnar fór kvöldið þó friðsamlega fram og gisti enginn í fangageymslum.

# Heppinn að sleppa lifandi

**Hjálparsveit skáta í Hveragerði missti allan sinn búnað í stórbruna á gamlársdag. Eldur komst í flugelda sem nota átti í sýningu. Talið er að neisti hafi myndast af heftibyssuskoti eða stöðurafmagni. Málið er í rannsókn.**

**ELDSVOÐAR** Tjón hjálparsveitar skáta vegna sprengingarinnar sem varð við undirbúning flugeldasýningar sveitarinnar á gamlársdag hleypur á milljónum króna, að því er Ólafur Óskarsson, varaformaður sveitarinnar, segir. Hann segir húsnæðið tryggt og hluta tækjabúnaðar, fyrir utan fjóra vélsleða og vélsleðakerrur sem brunnu inni. Heildartjórn í brunanum hleypur á tugum milljóna. Um fimmtán manns voru í húsinu þegar eldurinn kom upp, fimm eða sex viðskiptavinir og svo hjálparsveitarmenn.

Maður sem var ásamt ungum börnum sínum að kaupa flugelda brákaðist á fæti þegar hann flúði húsið með þau. Mildi þykir hins vegar að ungur maður skyldi sleppa lifandi og ómeiddur úr atganginum þegar sprengingarnar hófust, en hann var einn að ganga frá flugeldasýningu sem sveitin ætlaði að vera með.

„Fyrsta kúlan sem fer er 15 sentímetrar í þvermál,“ segir Ólafur og bætir við að ef maðurinn hefði fengið skotið í sig hefði hann ekki þurft að kemba hærurnar, en hann slapp með sviðna peysu. „Svo hleypur hann bara með þetta hvínandi í kringum sig inn í söluaðstöðuna, en hún er lokuð af með járnhurð með pumpu.“ Ólafur segir eldvarnaveggi í húsinu hafa haldið vel. „En hávaðinn í þessu var gífurlegur og krafturinn þannig að það stóðu bara sprengingarnar upp úr þakinu. Það nötruðu hér hús um allan bæ,“ segir hann og kveður sprengingarnar hafa staðið í fimm til tíu mínútur.

Flugeldabirgðir sveitarinnar sem voru í lokuðu rými í húsinu miðju og flugeldasala sluppu hins vegar. Slökkvilið hafði hins vegar nokkrar áhyggjur af sprengihættu af birgðunum. „Við vissum ekki hvað þetta var mikið,“ segir Snorri Baldursson, slökkviliðsstjóri í Hveragerði. Hann segir slökkviliðið hafa fengið boð um eldinn rétt eftir klukkan eitt og notið aðstoðar bæði Brunavarna Árnessýslu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Lögreglan á Selfossi rannsakar brunann en Snorri segir upptök hans þó liggja nokkuð ljós fyrir. „Það er ekkert saknæmt í þessu. Menn telja mögulegt að stöðurafmagn hafi komið úr heftibyssunni, eða þá að neisti hafi myndast við að hefti úr henni hafi hlaupið í nagla eða annað hefti.“ Hann segir slökkvistarfið hafa gengið ágætlega og fólk á staðnum sloppið vel. „Sérstaklega strákurinn með heftibyssuna. Það er talið að hann sé heppnasti maður í heimi í dag og með hreinum ólíkindum að hann skyldi bjargast.“

**olikr@frettabladid.is**



**SLÖKKVISTARF Í HVERAGERÐI** Slökkvilið Hveragerðisbæjar naut aðstoðar Brunavarna Árnessýslu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðsins við að ráða niðurlögum eldsins. MYND/KIDDI RÓT



**HJÁLPARSVEITIN BRENNUR** Slökkvilið óttaðist mjög sprengihættu af flugeldabirgðum sem vitað var af í húsinu. MYND/KIDDI RÓT


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝTT OG SVO KALT**

Það er hlýtt loft yfir landinu en eftir því sem líður á síðdegið kólnar heldur. Á miðvikudag eru svo horfur á óvenju hlýju veðri ef fer sem horfir með vætu. Það verður því heldur dumbungslegt næstu daga og auk þess nokkuð vindasamt þó að ekki sé að sjá nein læti.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI**

Suðvestanátt. Yfirleitt nokkur vindur en bætir þó heldur í vind síðdegis eða í kvöld. Skúrir. Hiti 2-6 stig, svalast í kvöld.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*» þriðjudagur*




Víðast nokkur vindur.

*» miðvikudagur*




Víða allhvasst. Mjög hlýtt í veðri.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C léttskýjað | París | 6°C skýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Osló | -6°C skýjað | Berlín | 3°C alskýjað | Mílano | 11°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -3°C léttskýjað | Frankfurt | 5°C hálfskýjað | New York | 6°C rigning |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 11°C léttskýjað | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 9°C léttskýjað | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 21°C skúrir |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




SKRIFSTOFUVÖRU

# MARKAÐUR

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

2.-15. JAN.

**ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ HEILSA MÉR Í HVERT SKIPTI SEM VIÐ MÆTUMST!**



ODDI

SKRIFSTOFUVÖRUR

**Suðurlandsbraut 14 • opið virka daga 8:00-18:00, laugardaga 10:00-16:00, sunnudaga 12:00-16:00**

ODDI - M9676



## KJÖRKASSINN

*Á þingið að koma saman vegna deilna um Kjaradóm?*

| | |
|---|---|
| Já | 60% |
| Nei | 40% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Strengdir þú áramótaheit?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Engin lausn í sjónmáli í deilu Rússa og Úkraínumanna:

# Rússar skrúfa fyrir gas til Úkraínu

**MOSKVA, AP** Rússneska ríkisfyrirtækið Gazprom, sem hefur einkarétt til þess að selja gas, skrúfaði í gær fyrir allan útflutning á gasi til Úkraínu. Rússar hafa viljað hækka verð á gasi til Úkraínu, en Úkraínumenn sætta sig ekki við að borga hærra verð.

Í gær sökuðu Rússar Úkraínumenn jafnframt um að stela gasi sem leitt er í gasleiðslum gegnum Úkraínu til Vestur-Evrópulanda.

Óttast er að deilur Rússa og Úkraínumanna um gasverð geti leitt til þess að skortur verði á gasi víða í Evrópu, því um það bil helmingurinn af öllu því gasi sem notað er í löndum Evrópusambandsins kemur frá Rússlandi, og stór hluti þess fer um leiðslur sem liggja gegnum Úkraínu.

„Upplýsingar liggja fyrir um að Úkraínumenn séu byrjaðir að taka til sín gas sem ætlað er neytendum í Evrópu,“ var haft Sergei Kuprianov, talsmanni Gazprom, í rússneskum fjölmiðlum um það bil átta klukkustundum eftir að Rússar skrúfuðu fyrir gasið til Úkraínu.

Allt það gas sem nú streymir til Úkraínu frá Rússlandi er ætlað neytendum í Evrópuríkjum, að því er Gazprom segir. ■



**HÖFUÐSTÖÐVAR GAZPROM Í MOSKVU** Óttast er að deila Rússa og Úkraínumanna um verð á gasi valdi skorti á gasi í ríkjum Vestur-Evrópu. MYND/AP



**ORÐUHAFARNIR TÓLF** Forseti Íslands ásamt þeim tólf Íslendingum sem voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Forseti Íslands:

## Tólf sæmdir fálkaorðunni

**ORÐUVEITING** Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, sæmdi í gær tólf Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Kynjahlutfallið var jafnt að þessu sinni en meðal þeirra sem fengu orðu voru Brynja Benediktsdóttir leikstjóri fyrir störf í þágu leiklistar og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra fyrir störf í opinbera þágu.

**SR. BERNHARÐUR GUÐMUNDSSON** rektor, Skálholti, riddarakross, fyrir störf í þágu þjóðkirkjunnar og alþjóðlegs kirkjustarfs.
**BRYNJA BENEDIKTSDÓTTIR** leikstjóri, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í þágu leiklistar.
**GUÐLAUG HALLBJÖRNSDÓTTIR**, fv. matráðskona, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í þágu nýbúa.
**GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON** náttúrufræðingur, Stykkishólmi, riddarakross, fyrir ritstörf í þágu náttúruverndar.
**GUÐNI ÁGÚSTSSON** landbúnaðarráðherra, Selfossi, stórriddarakross, fyrir störf í opinbera þágu.
**HAFLIÐI HALLGRÍMSSON** tónskáld, Skotlandi, riddarakross, fyrir tónsmíðar.
**HREFNA HARALDSDÓTTIR** þroskaþjálfi, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í þágu þroskaheftra.
**JÓNAS JÓNASSON** útvarpsmaður, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf í fjölmiðlun og framlag til íslenskrar menningar.
**SIGRÚN STURLUDÓTTIR** húsmóðir, Reykjavík, riddarakross, fyrir störf að félagsmálum.
**VIGDÍS MAGNÚSDÓTTIR**, fv. forstjóri Landspítalans, Hafnarfirði, riddarakross, fyrir hjúkrunarstörf.
**ÞÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR** listfræðingur, Reykjavík, riddarakross, fyrir framlag til varðveislu íslenskrar menningararfleifðar.
**ÞRÁINN EGGERTSSON** hagfræðingur, Reykjavik, riddarakross, fyrir vísinda- og kennslustörf

# Séreignarsparnaður dregst frá bótunum

**Séreignarlífeyrissparnaður skerðir að fullu tekjutengdar bætur lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins. Dæmi eru um að bætur fólks hafi skerst vegna séreignarsparnaðar. Tryggingastofnun er að kanna umfang vandans.**

**LÍFEYRISMÁL** Dæmi eru um að greiðslur séreignarlífeyrissparnaðar skerði bætur sem fólk fær frá Tryggingastofnun ríkisins, hvort heldur sem um er að ræða ellilífeyri eða örorkubætur. Vakin var athygli á þessu á síðasta stjórnarfundi Tryggingastofnunar og framkvæmdastjóra lífeyristryggingasviðs falið að taka saman upplýsingar um málið.

„Stjórnarmaður rak sig á þetta hjá kunningja sínum, en augljóst er að þetta er réttlætismál,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, formaður stjórnar Tryggingastofnunar og þingmaður Framsóknarflokks. „Svo virðist sem þessi séreignarlífeyrissparnaður sé ekki meðhöndlaður með sama hætti gagnvart Tryggingastofnun og aðrar lífeyristekjur. Þetta er vegna þess að lög um almannatryggingar vísa í ákvæði laga um lífeyristryggingar og séreignarsparnaðurinn er fyrir utan það,“ segir Kristinn og bætir við að af þessum sökum skerði séreignarlífeyrissparnaður tekjutryggingar að fullu meðan aðrar lífeyristekjur geri það ekki nema að hluta. „Fljótt á litið virðist þarna vera mismunandi meðferð sams konar tekna.“



**KRISTINN H. GUNNARSSON** Kristinn er stjórnarformaður Tryggingastofnunar ríkisins.



**ÁGÚST ÞÓR SIGURÐSSON** Ágúst tekur saman upplýsingar um mögulega skerðingu bóta vegna séreignarsparnaðar.



**FUNDUR FÉLAGS ELDRI BORGARA Í NÓVEMBER** Vel var mætt á fund eldri borgara um kjaraog hagsmunamál eftirlaunaþega 26. nóvember síðastliðinn. Nú kemur upp úr dúrnum að séreignarsparnaður skerðir að fullu ellilífeyri frá Tryggingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristinn segir að til þess að fá þessu breytt þurfi að koma til lagabreyting. „Við ætlum að fá betri yfirsýn yfir málið áður en við förum með það fyrir stjórnina,“ segir hann, en málið yrði þá lagt fyrir heilbrigðisráðherra. Næst fundar stjórn Tryggingastofnunar í lok mánaðarins, en þá verður lögð fram samantekt um málið. „En þetta þarf að skoða, sérstaklega vegna þess að verið er að hvetja fólk til að spara sjálft. Ef liggur við því hálfgerð refsing þá er hvatningin nú kannski ekki mikil.“

Ágúst Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri lífeyristryggingasviðs Tryggingastofnunar, segir ekki liggja fyrir hversu margir kunna að verða fyrir skerðingu vegna viðbótarsparnaðarins. „Við erum nú að fara að taka saman upplýsingar um það og leitum þá væntanlega til Ríkisskattstjóra með það, til að fá upplýsingar út frá launamiðum. Við höfum svo sem ekkert í hendi í dag um hversu margir þetta eru eða um hvaða upphæðir er að ræða. En til eru um þetta einhver dæmi og þess vegna var þetta tekið upp á stjórnarfundinum.“

Samkvæmt heimildum blaðsins þarf þó ekki í öllum tilvikum að koma til skerðingar þrátt fyrir að fólk hafi lagt fyrir, fái það rétta ráðgjöf lífeyrissjóðanna, eða fjármálafyrirtækjanna þar sem séreignarsparnaðurinn er. Hægt er að taka sparnaðinn allan út í einu lagi áður en kemur að ellilífeyristöku og þá skerðast ekki greiðslur frá Tryggingastofnun.

olikr@frettabladid.is



**FLÚIN Í SJÓINN** Meðan kjarreldar brunnu í úthverfum Sydney flykktist fólk á ströndina til þess að svala sér í hitabylgjunni í gær. MYND/AP

Áramótin í Ástralíu:

## Kæfandi hiti og kjarreldar

**SYDNEY, AP** Ástralíubúar fögnuðu áramótunum í kæfandi hitabylgju. Norðan við Sydney brutust út kjarreldar og náðu eldslogarnir sums staðar eina 30 metra upp í loftið.

Að minnsta kosti þrjú hús urðu eldinum að bráð og fleira fólk þurfti að flýja heimili sín vegna eldanna. Héldu sumir þeirra á bátum á haf út þar sem fólk var óhult.

Hitinn komst allt upp í 44 stig á Celsiushitabylgjunni. Nýársdagur hefur aldrei mælst heitari í Sydney frá því að hitamælingar hófust. Spáð er rigningu og lækkandi hita síðar í vikunni. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Handtekin á Hvolsvelli** Stúlka innan við tvítugt var handtekin á Hvolsvelli í gærmorgun grunuð um ölvun við akstur. Annars gengu áramótin stórslysalaust fyrir sig í bænum.

**Lét lögreglu ekki í friði** Þrír gistu fangageymslur lögreglunnar á Selfossi á nýársnótt vegna ölvunar og óspekta. Einn af þessum þremur lét lögreglu ekki í friði á vettvangi. Ekki var hægt að koma fyrir hann vitinu og því var hann lokaður inni. Karlmaður á miðjum aldri var jafnframt handtekinn grunaður um ölvunarakstur um nóttina.

Súðvíkingar fjölga íbúum:

## Fjölgunarátak skilar árangri

**SÚÐAVÍK** Fólksfjölgunarátak Súðvíkinga, sem farið var af stað með í sumar, gengur vel að sögn Ómars Más Jónssonar sveitarstjóra.

Súðvíkingar brugðu á það ráð í sumar að afnema leikskólagjöld og veita sérstaka byggingarstyrki til að sporna við flótta fólks úr byggðarlaginu, auk þess sem byggingarlóðum er úthlutað endurgjaldslaust.

Ómar segir þetta hafa gefið góða raun. Síðan í sumar hafi fimm fjölskyldur flust til Súðavíkur og eftirspurn eftir húsnæði sé sívaxandi. -sh

Fyrsta barn ársins í Austurríki:

## Þrjú börn deila heiðrinum

**VÍNARBORG, AP** All sérkennilegar deilur settu svip sinn á nokkra fjölmiðla í Austurríki í gær þegar reynt var að skera úr því hvert væri fyrsta barn ársins þar í landi.

Svo vill til að þrjú börn fæddust klukkan eina mínútu yfir tólf á miðnætti á nýársnótt, og því var gert fyrir hönd þeirra allra tilkall um að teljast fyrsta barn ársins.

Austurríska ríkissjónvarpið taldi sig þó hafa leyst deiluna með því að segja að foreldrar allra barnanna þyrftu að sætta sig við að þau hefðu fæðst á sama tíma og verði því að deila með sér heiðrinum. ■

Styttist í að 300 þúsundasti Íslendingurinn líti dagsins ljós:

# Nýjar tölur birtar daglega

**ÍBÚATAL** Ef heldur sem horfir verða landsmenn orðnir 300 þúsund talsins á næstu misserum.

Að því tilefni hefur starfsfólk Hagstofunnar komið upp mannfjöldaklukku sem er að finna á vef Hagstofunnar. Þar geta landsmenn fylgst með þróun mannfjölda frá degi til dags.

Samkvæmt mannfjöldaklukkunni voru Íslendingar 299.892 talsins seinnipart gærdagsins.

Hagstofan heldur utan um talningu á landsmönnum og að sögn Brynjólfs Sigurjónssonar, starfsmanns á mannfjöldadeild Hagstofunnar, er talið upp úr daglegu afriti af þjóðskrá og heildartala landsmanna miðast við þá sem hafa lögheimili á Íslandi.

Á vef Hagstofunnar kemur fram að sá fyrirvari er á manntalinu að nokkur óvissa er í skráningum útlendinga í flutningum til og frá landinu og að það getur því dregist að útlendingar sem fá dvalarleyfi séu skráðir í þjóðskrá. Einnig kemur fram að liðið geti nokkrir mánuðir þar til einstaklingar sem flytjast af landi brott eru felldir úr þjóðskrá. -sk



**FÓLKSFJÖLGUN** Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur fólksfjölgun verið óvenjumikil undanfarin ár. Aðeins vantaði rúmlega hundrað einstaklinga í gær til að íslenska þjóðin yrði 300 þúsund.

*Opin íbúðalán*



# Láttu bankana ekki læsa þig inni

Opin íbúðalán SPRON eru **án þvingandi skilyrða um önnur bankaviðskipti** í allt að 40 ár eins og tíðkast hjá öðrum bankastofnunum.

Kynntu þér málin á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánsreglum SPRON.
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða www.spron.is



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hver er skólastjóri Tónlistarskóla FÍH?*

2 *Hvaða hornamaður í Val var nýlega valinn í landsliðið í handbolta?*

3 *Hvað heitir nýráðinn forstjóri 365?*

Gallabuxur skreyttar djöfullegum táknum vinsælar í Svíþjóð:

# Buxum beint gegn kristninni

**STOKKHÓLMI, AP** Nýjasta æðið í Svíþjóð eru gallabuxur af gerðinni Cheap Monday. Það væri ekki í frásögur færandi ef þær væru ekki settar kristinni trú til höfuðs.

Cheap Monday-buxurnar eru bleksvartar en merki þeirra er glottandi hauskúpa með öfugan kross á enninu. Með þessu kveðst Björn Atldax, hönnuður buxnanna, vera að andæfa kristinni trú. „Ég er ekki djöfladýrkandi en er þó mjög andsnúinn skipulögðum trúarbrögðum.“ Með merki buxnanna segist Atldax vilja vekja ungt fólk til vitundar um að kristin trú sé „illt afl“ sem kveikt hefur fjölda styrjalda í gegnum tíðina.

Talsmenn sænsku kirkjunnar láta sér fátt um finnast og segja umræður um trúarbrögð ætíð til góðs. Prestar landsins eru hins vegar ómyrkir í máli. „Ég get ekki orða bundist,“ segir séra Karl-Erik Nylund, prestur í Stokkhólmi. „Þetta er frekleg árás gegn kristnu fólki og ég hlýt að mótmæla þessu. Enginn vill styggja gyðinga eða múslima en það er talið í góðu lagi að ögra kristnum.“

Ekki fylgir sögunni hvort kaupendur buxnanna geri það vegna skilaboðanna eða af því að þær séu einfaldlega þægilegar. **- shg**



**CHEAP MONDAY** Brækurnar umdeildu kosta rúmlega fjögur þúsund íslenskar krónur. 200.000 pör hafa selst síðan í mars 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ungir Akureyringar fá dóm:

# Festu bíl sinn við Lindina

**DÓMSMÁL** Þrír átján ára Akureyringar voru dæmdir til að greiða sekt og sæta upptöku á kannabisefnum í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir jól.

Félagarnir fóru í bíltúr um Akureyri í mars síðastliðnum. Bílstjórinn var undir áhrifum slævandi lyfja og endaði ferðin á vegg við veitingasöluna Lindina. Þar hafði lögregla afskipti af piltunum, tók af þeim 0,34 grömm af kannabis.

Sá sem ók var dæmdur til að borga 50.000 krónur í sekt og hinir tveir 30.000 krónur hvor. Þá var bílstjóranum gert að borga 149.721 krónu í sakarkostnað. **- óká**

Áramótaávarp Danadrottningar:

# Málfrelsið er mikilvægt

**DANMÖRK** Margrét Danadrottning lagði mikla áherslu á málfrelsið í áramótaávarpi sínu á gamlársdag.



**DANADROTTNING** Náttúruhamfarir voru ofarlega í huga drottningar og þakkaði hún löndum sínum fyrir gjafmildi sína í fjársöfnunum handa fórnarlömbum þeirra.

Sagði Margrét að Danmörk væri opið og lýðræðislegt samfélag þar sem virðing væri borin fyrir fólki og skoðunum þess. En umræður um málfrelsi í landinu hafa verið töluverðar undanfarin misseri í kjölfar hótana múslímskra öfgamanna vegna teikninga af Múhameð spámanni sem birtar voru í Jyllands posten.

Að lokum ræddi drottningin fæðingu krónprinsins í október og óskaði öllum þeim sem höfðu eignast börn á árinu gæfu á komandi árum. ■

## SPÁNN

**Breyttir tímar** Um áramótin tóku gildi tóbakslög á Spáni en Spánverjar reykja einna mest allra þjóða Evrópu og þótt víðar væri leitað. Enn má reykja á flestum börum á afmörkuðum stöðum en veitingastaðir verða margir með öllu reyklausir.

Vanskil almennings minnka í fyrsta sinn í mörg ár:

# Árangurslausum fjárnámum fækkar

**EFNAHAGSMÁL** „Það er of djúpt í árina tekið að segja að vanskil séu í lágmarki en vissulega hefur þeim farið fækkandi á þessu ári og það hefur ekki gerst í mörg ár,“ segir Árni J. Magnús hjá Lánstrausti en það fyrirtæki hefur umsjón með svonefndri vanskilaskrá.

Vanskilum hefur fækkað á árinu 2005 en allar götur síðan 1997 hefur þeim sem lenda á vanskilaskrá farið stöðugt fjölgandi. Hefur skuldugu ungu fólki sérstaklega fjölgað undanfarin ár og kenna margir um auðveldara aðgengi að lánsfé en áður tíðkaðist. Árni varar þó við að dregnar séu of miklar ályktanir af fækkun vanskilafólks. „Það er ekki hægt að segja að um umtalsverða fækkun sé að ræða en fækkun er það engu að síður og það er markvert við árið í ár. Fækkunin er hjá öllum aldurshópum en skýringarnar á því geta verið margvíslegar. Innkoma bankanna á íbúðamarkaðinn gerði mörgum kleift að endurfjármagna lán sín og losna þannig við erfiðar byrðar. Einnig má tína til að almennt ríkir gott efnahagsástand í þjóðfélaginu og atvinna er næg. Aðrir þættir spila einnig þarna inn í en svo á eftir að koma í ljós hvort þessi fækkun vanskilamála heldur áfram. Jólamánuðurinn er yfirleitt einn af toppunum hvert ár og það kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra mánuði hvort öll þau kaup verða greidd upp að fullu.“ **- aöe**



**SKULDADAGAR** Pyngja margra léttist verulega um jólin og alltaf einhverjir sem geta ekki greitt skuldir sínar að þeim loknum. Hversu margir þeir verða eftir þessi jólin verður ekki ljóst fyrr en um mitt næsta ár.



**RÍFANDI SALA** Sala hvers kyns ökutækja hefur aldrei verið meiri hér á landi en í ár. Sala jókst hlutfallslega á öllum bílategundum sem Bílgreinasambandið heldur tölur yfir og hafa alls selst sex þúsund fleiri fólksbílar nú en á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aldrei fleiri keypt bíla

**Fleiri ný ökutæki voru skráð á árinu en nokkru sinni fyrr. Tölur Umferðarstofu sýna að salan hefur aukist um rúmlega sextíu prósent frá síðasta ári.**

**BÍLASALA** Ökutækjafloti landsmanna vex hröðum skrefum samkvæmt síðustu tölum Umferðarstofu. Fram til 16. desember höfðu verið skráð rúmlega þrjátíu þúsund ný ökutæki hér á landi en voru tæp nítján þúsund á sama tíma í fyrra, sem einnig þótti nokkuð gott ár. Eru aðeins þrjú ár síðan nýskráningar allra ökutækja náðu vart tíu þúsundum.

Sala á nýjum bílum hefur farið langt fram úr væntingum bílasala þetta árið. Alls höfðu selst tæplega átján þúsund nýir bílar 23. desember síðastliðinn en allt árið 2004 seldust tæplega tólf þúsund bílar. Það þýðir að fimmtíu nýir bílar hafa selst hvern einasta dag ársins og er þá ekki reiknað með nýskráðum notuðum bílum en umtalsverð viðskipti hafa verið með slíka bíla þetta árið. Er þar um fjögur þúsund bíla til viðbótar að ræða sem flestir hverjir eru afar nýlegir.

Sem fyrr ber Toyota höfuð og herðar yfir aðrar tegundir seldra bíla. Alls hafa selst rúmlega 4.200 slíkar bifreiðar á árinu en Volkswagen kemur næst með 1.400 seldar bifreiðar. Er það um 23 prósenta söluaukning hjá Toyota og rúmlega átta prósenta hjá VW. Aðrar bíltegundir seljast mun minna og athygli vekur að samkvæmt tölum Bílgreinasambandsins seldist hvorki Daihatsu né Isuzu-bíll allt árið en báðar tegundir voru vinsælar hér áður fyrr.

Af öðrum ökutækjum má nefna að yfir þúsund vörubílar voru nýskráðir á árinu og var tæpur helmingur þeirra fluttur inn notaður. Nýskráð bifhjól voru ellefu hundruð talsins, sendibílar 2.300 talsins og tæplega tvö hundruð rútur. Þá voru og nýskráð rúmlega fimmtán hundruð önnur ökutæki sem flokkast meðal annars undir fjórhjól, vinnuvélar og landbúnaðartæki.

Eigendaskipti á ökutækjum hafa einnig tekið kipp þetta árið. Tæplega 95 þúsund ökutæki skiptu um eigendur, tæplega 400 á hverjum einasta degi.

**albert@frettabladid.is**




Skrifstofuvörur
– á tilboði í janúar 2006




*Þú ert í góðum höndum*
*þar sem fagmennirnir vinna með þér*
**Katrín Edda Svansdóttir**
*- sölumaður í þjónustuveri RV*

329 kr

Gatari
2ja gata með kvarða

198 kr

Mopak ljósritunarpappír
500 blöð í búnti

138 kr

Bréfabindi A4
8cm kjölur

TUNGLIÐ RV2055A

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2
Sími: 520 6666
www.rv.is

# Útsalan
## er hafin
# 30-90%
afsláttur
af upprunalegu verði.

vorum að bæta við
NÝJUM vörum á
**500 OG 1000 KR.**
## MARKAÐINN



**allt á 500**
**eða 1000 kr.**
barnafatnaður, dömufatnaður, herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




Hugsanleg sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar:

# Kostirnir ótvíræðir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tillaga um sameiningu sveitafélaganna níu á Eyjafjarðarsvæðinu var felld í október síðastliðnum í öllum sveitarfélögum nema á Siglufirði og Ólafsfirði. Þar hefur farið fram vinna að undanförnu til að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna tveggja.

Kostir hugsanlegrar sameiningar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar eru ótvíræðir að sögn Runólfs Birgissonar, bæjarstjóra Siglufjarðar. Hann segir að með tilkomu Héðinsfjarðaganga, komi vegalengdin á milli sveitafélagana til að styttast úr rúmum sextíu kílómetrum á sumrin og tæpum 260 kílómetrum á veturna, niður í fjórtán kílómetra og því sé langskynsamlegast að sameinast.


**SIGLUFJÖRÐUR** Bæjarstjóri telur að með öflugu kynningarstarfi verði sameining við Ólafsfjörð samþykkt.

Hann segist bjartsýnn á að sameining verði samþykkt ef vel verður staðið að kynningunni fyrir bæjarbúana. Hann kennir lélegri undirbúningsvinnu um að sameining sveitafélaganna á Eyjafjarðarsvæðinu var felld í haust. - æþe

Eitraður hver í Japan:

# Fjölskylda dó eftir gaseitrun

**TÓKÝÓ, AP** Fjögurra manna fjölskylda beið bana eftir að hún andaði að sér eiturgufum úr hver í Norður-Japan.

Að sögn yfirvalda á svæðinu kom fjölskyldufaðirinn að eiginkonu sinni og tveimur barnungum sonum meðvitundarlausum nærri holu sem hverinn hafði brætt í snjó við bílastæði heilsulindar. Hann reyndi að draga þau frá holunni en féll þá sjálfur í öngvit.

Talið er að gufur, mettaðar eitruðum vetnissúlfíðum, hafi safnast saman í holunni og þær síðan streymt upp þegar snjóþekjan gaf sig. ■

# Íhugunarhlé hjá Evrópusambandinu

**Austurríkismenn tóku við formennskunni í Evrópusambandinu í gær. Þeir hyggjast nýta íhugunarhléið vel sem sambandið lenti í eftir að staðfesting stjórnarskrársáttmálans strandaði. Formennskudagskráin ber þess merki.**

**AUSTURRÍKI, AP** Austurríki tók við formennskunni í Evrópusambandinu nú um áramótin, sex árum eftir að Austurríkisstjórn var sett í pólitíska sóttkví af ríkisstjórnum hinna aðildarríkjanna fyrir að í Vínarborg skuli hafa verið mynduð ríkisstjórn með þátttöku Frelsisflokksins, flokks hins umdeilda hægripopúlista Jörgs Haider.

Þótt stuðningur kjósenda við Frelsisflokkinn hafi dalað mikið – og Haider reyndar búinn að yfirgefa hann og stofna nýjan flokk – á hann enn aðild að ríkisstjórninni og víst er að náið verður fylgst með því hvernig hægristjórnin í Vínarborg fer með formennskuvaldið í Evrópusambandinu næsta hálfa árið.

Í byrjun október í haust stóð tæpt að af því yrði að formlegar aðildarviðræður hæfust við Tyrki, eins og leiðtogar ESB höfðu annars ákveðið, vegna fyrirvara Austurríkisstjórnar við orðalag samningsumboðs ESB í þessum viðræðum, en þær eru taldar munu geta tekið að minnsta kosti áratug. Austurríkismenn vildu að í samningsumboðinu væri afdráttarlaust að viðræðunum myndi ekki endilega lykta með fullri aðild Tyrklands að ESB heldur kynni Tyrkjum að verða boðið annars konar fyrirkomulag á nánum tengslum við sambandið. Stjórnin í Vín hefur auk þess skipað sér í lið með þeim innan sambandsins sem eru tortryggnir á frekari stækkun sambandsins almennt (að Suðaustur-Evrópu og EFTA-löndunum undanskildum).


**VÍNARVALS Í UPPHAFI ESB-FORMENNSKU** Með ljúfum tónum Nýárstónleika Vínarfílharmóníunnar hófst formennskumisseri Austurríkis í Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Víst er að Evrópusambandið er ekki hægt að stækka takmarkalaust," sagði Heinz Fischer, forseti Austurríkis, í blaðaviðtali fyrir helgi. „Mörg þeirra vandamála sem við erum að glíma við nú, þar á meðal atvinnuleysi, tengjast í huga margra Austurríkismanna aðildinni að Evrópusambandinu," bætti hann við.

Víst þykir einnig að formennskumisseri Austurríkis verði framlenging á því „íhugunarhléi" sem margir sögðu Evrópusambandið þurfa að taka sér eftir að staðfestingarferli stjórnarskrársáttmála sambandsins stöðvaðist er kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslum í lok maí/byrjun júní.

Austurríski utanríkisráðherrann Ursula Plassnik lét reyndar svo ummælt í vikunni að þetta „íhugunarhlé" yrði í brennidepli formennskudagskrárinnar. Plassnik sagði að á dagskránni yrði meðal annars málfundaröð undir yfirskriftinni „Evrópa hlustar!", en markmiðið með henni væri að komast að því hvert borgarar ESB vilja í raun að sambandið stefni.

audunn@frettabladid.is

Bandarísku risarnir Coca Cola og Pepsi í óhefðbundnu gosdrykkjastríði í Mexíkó:

# Perúískt kóla hefur náð fótfestu

**MEXÍKÓ** Hvernig markaðssetur fyrirtæki nýjan gosdrykk á markaði þar sem vel yfir helmingur íbúa landsins býr við kröpp kjör og á í nægum erfiðleikum með að eiga dagsdaglega fyrir mat? Til dæmis með því að tappa gosinu á gamlar tómar bjórflöskur og selja vöruna á afar lágu verði.

Þetta er nákvæmlega ástæða þess að lítið þekkt gosdrykkjafyrirtæki frá Perú, Ajegroup að nafni, hefur tekist að hrifsa fimm prósent af ábatasömum gosdrykkjamarkaðnum í Mexíkó úr höndum bandarísku risanna Coca Cola og Pepsi Cola. Þetta hefur þeim tekist án auglýsinga að mestu, án þess að senda vöruna í verslanir á dýrum og flottum flutningabílum og án þess að bjóða upp á mikið úrval í vörulínu sinni.

Galdurinn er að framleiða góðan kóladrykk og selja afrakstúrinn á mun lægra verði en aðrir geta boðið. Þannig kostar þriggja lítra Big Cola frá Ajegroup úr verslun aðeins rúmar 80 íslenskar krónur sem er mun lægra verð en risarnir bjóða. Árangurinn lætur ekki á sér standa. Á aðeins þremur árum hefur Big Cola náð góðri fótfestu á markaði sem áður var nánast eingöngu í höndum Coke og Pepsi og hefur gert gott strandhögg í heimalandinu Perú líka þar sem Big Cola er nú ein mest selda gosdrykkjategundin í landinu. - aöe


**EKKERT ÓYFIRSTÍGANLEGT** Með því sem kallað hefur verið skæruliðamarkaðssetning hefur lítið fyrirtæki í Perú sölsað undir sig góðan hluta af gosdrykkjamarkaðnum í Perú og Mexíkó þar sem keppinautarnir eru tvö stærstu gosdrykkjafyrirtæki í heimi: Coca Cola Company og PepsiCo.

# Nýársbónus Apollo...

# Kanarí

## Flug og gisting í 2 vikur fyrir aðeins...

# 25.900

**8. og 22. febrúar í 2 vikur**

**Fyrstir koma - fyrstir fá!**

**Bókaðu á nýju heimasíðunni okkar, wwww.apollo.is**

**Örfá forfallasæti á jólabónus 18. janúar (1 vika) og 25. janúar (2 vikur).**

**Nú er málið að tryggja sér Nýársbónus!**

**Tvær sólríkar vikur á Kanaríeyjum í febrúar á verði sem heldur ekki vatni. Þeir sem eru fyrstir til fá besta verðið!**

**Þegar við blésum í lúðra síðast með jólabónusinn okkar seldust sætin upp á innan við sólarhring.**













Í boði eru 3 verðflokkar og ákveðinn fjöldi sæta í hverjum flokki. Fyrst bókast sæti í ódýrasta verðflokknum, næst í þeim næst ódýrasta og loks þeim þriðja uns öll tilboðssætin eru bókuð.

## 8. og 22. febrúar

Verð á mann í tvíbýli/þríbýli í 2 vikur:

Verðflokkur 1: **25.900 kr.**
Verðflokkur 2: **28.900 kr.**
Verðflokkur 3: **31.900 kr.**

Aukagjald fyrir einbýli: 16.000 kr.

**Flugfargjald eingöngu:**
23.900 kr. (flug og flugvallar–skattar).

**Innifalið er** flug og flugvallarskattar, ferðir til og frá flugvelli á Gran Canaria, gisting í tvíbýli/þríbýli án fæðis og íslensk fararstjórn. Athugið að forfallatrygging er ekki innifalin í verði en hún bætist sjálfvirkt við verð nema hún sé afþökkuð í bókunarferlinu.

**Við tryggjum þér íbúð/herbergi** án fæðis á hóteli í gæða–flokki 2+ (með sundlaug) í einum af sólarbæjunum á suður–strönd Gran Canaria. Nafn gististaðar verður gefið upp við komu til Gran Canaria.

Ef þú vilt tryggja þér ákveðinn gististað má einnig bóka á heimasiðu okkar og enn bjóðum við sannkallaðan útsöluprís.

**Bókun:** Ódýrast og fljótlegast er að bóka á netinu, **www.apollo.is,** en einnig má bóka á söluskrifstofunni frá kl. 10 á mánudagsmorgun gegn 2.500 kr.bókunargjaldi á mann og að því gefnu að tilboðssætin seljist ekki upp á netinu fyrir þann tíma.

**Greiða skal upp** ferðakostnað innan þriggja daga frá bókun. Um ferðirnar gilda ferðaskilmálar okkar sem liggja frammi á heimasíðunni, **www.apollo.is**, með þeim undantekningum sem fram koma að ofan.


LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00


Mundu MasterCard ferðaávísunina!

apollo

**www.apollo.is • 5 100 300**



**FAGNAR NÝJU ÁRI Á GÖMLU HJÓLI** Þessi Breti tók á nýársdag þátt í hinni árlegu nýársgöngu í Lundúnaborg á ævafornri reiðhjóli, sem hann er býsna stoltur af. Þetta árið tók meira en milljón manns þátt í nýársgöngunni, sem er með fjölmennustu útiviðburðum heims ár hvert. MYND/AP

Almennt viðskiptafrelsi á raforkumarkaði um áramótin:

# Samkeppni í raforkusölu

**NEYTENDUR** Íslensk heimili munu geta borið saman gjaldskrár orkufyrirtækja nú eftir áramótin og valið sér þann kostinn sem hagstæðastur er fyrir hvert og eitt heimili.

Þetta kemur í kjölfar laga sem sett voru 2003 um samkeppni á rafmagnsmarkaði en ár er liðið síðan fyrirtækjum og stórnotendum buðust sömu skilmálar og nú bjóðast almennum heimilum í landinu. Allar upplýsingar um verðlagningu og gjaldskrá hvers fyrirtækis fyrir sig verður að finna á heimasíðum þeirra fljótlega en einnig verða þær upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu Neytendastofu.

Var áætlað að þeir kaupendur sem breyta vilja til gætu skipt yfir þann fyrsta mars næstkomandi en vegna tæknilegra tafa verður það vart fyrr en undir júní. - aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LJÓSADÝRÐ** Á nýju ári verður virk samkeppni á rafmagnsmarkaði hér á landi og verið getur að um næstu jól verði jafnvel ódýrara fyrir íslensk heimili að tendra jólaljósin en nú er.

Bæjarstjórnarkosningar:

# Elín Margrét í 1. til 3. sætið

**AKUREYRI** Elín Margrét Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri Háskólans á Akureyri, gefur kost á sér í fyrsta til þriðja sætið á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Akureyri í vor.

Elín vill með framboði sínu stuðla að því að gera Akureyrarbæ betri búsetukost fyrir fjölskyldur þar sem atvinna, menntun, menningar- og tómstundastarf sé fjölbreytt, heilbrigðis- og félagsþjónusta góð og einstaklingar eigi þess kost að njóta hæfileika sinna.

Hún telur möguleika sveitarfélagsins mikla sem felast ekki síst í mannauðinum á svæðinu. - æþe



**VATNSMÝRIN** Skiptar skoðanir eru um hvernig skuli standa að skipulagningu hennar. svæðisins.

Úttekt á Reykjavíkurflugvelli:

# Tilboðin fjögur

**ÚTBOÐ** Fjögur tilboð bárust í rekstrar- og skipulagslega úttekt á Reykjavíkurflugvelli að sögn Helga Hallgrímssonar, formanns samráðsnefndar um úttekt á Reykjavíkurflugvelli.

Tilboðin sem bárust voru frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Línuhönnun, VSÓ-ráðgjöf og ParX viðskiptaráðgjöf og verður ákvörðun tekin fljótlega um hvaða tilboði verði tekið. ■

Árið erfitt fyrir ferðaþjónustu á Íslandi:

# Getur versnað enn frekar

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Um ákveðinn afturkipp hefur verið að ræða í ferðaþjónustunni á árinu miðað við það sem verið hefur undanfarin ár,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Hátt gengi íslensku krónunnar hefur orðið þess valdandi að Ísland er ekki lengur eftirsóttur kostur fyrir ferðaþjónustuheildsala erlendis og má vænta þess að næsta ár verði jafnvel enn verra.

Lítils háttar aukning hefur þó orðið á komum erlendra ferðamanna hingað til lands á árinu. Erna segir það gleðilegt en aukningin sé þó í engu samræmi við aukninguna í nágrannalöndum okkar. „Við getum ágætlega við unað þrátt fyrir allt en því er ekki að neita að gengið hefur sett strik í reikninginn og við höfum heyrt það frá erlendum ferðaheildsölum að þeir hafi beinlínis tekið okkur af skrá hjá sér vegna kostnaðarins og sá samdráttur mun að stórum hluta koma fram á næsta ári. Þannig erum við sérstaklega áhyggjufull hvað næsta ár varðar enda kemur öll niðursveifla illa niður á mörgum minni fyrirtækjum í greininni sem fjárfest hafa undanfarin ár fyrir háar upphæðir.“ - aöe



**DÝRTÍÐIN DREGUR EKKI AÐ** Lítilsháttar aukning varð á komum erlendra ferðamanna hingað til lands á árinu en hátt gengi veldur greininni slæmum búsifjum og margir erlendir ferðaheildsalar hafa afskrifað Ísland sem áfangastað meðan svo er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## JAPAN

**Filippseyjar heilla** Kostnaður við að dvelja á elliheimili í Japan er orðinn svo hár að fjöldi eldri borgara flytur til Filippseyja til að eyða ævidögunum. Er kostnaðurinn þar tífalt minni en í Japan þar sem hver mánuður á hjúkrunar- og elliheimili getur kostað nokkur hundruð þúsund krónur.

**Vilja fækka sjálfsvígum** Japönsk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að koma fjölda sjálfsvíga niður fyrir 25 þúsund á ári á ári komanda. Tíðni sjálfsvíga er mikið vandamál í þjóðfélaginu en tæp 33 þúsund styttu sér aldur á síðasta ári.

**Villur vega** Ökumaður nokkur slasaði tíu manns þegar hann ók bifreið sinni inn í verslunarmiðstöð í Tókýó á háannatíma. Ekki var vitað hvað honum gekk til en hann var handtekinn skömmu síðar.

## RÚSSLAND

**Mannskæður eldsvoði** Eldsvoði á heimili fyrir geðfatlaða í útjaðri Moskvuborgar varð á fimmtudag sjö manns að bana. Tólf manns slösuðust. Slökkvistarf tafðist þar sem ekki náðist í neitt vatn til þess nær en í kílómetra fjarlægð.







# Gleðilegt nýtt ár

Við flytjum viðskiptavinum DHL okkar bestu óskir um farsæld á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem var að líða.

*Starfsfólk DHL*

*DHL á Íslandi, Sundabakka 2. Sími: 535 1100.*

DHL

> SVONA ERUM VIÐ

**BÚFERLAFLUTNINGAR Á MILLI LANDA ÁRIÐ 2004**




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LEIKJATÖLVUSTRÍÐ

## *Reynt að saxa á Sony*

Nú færist senn í hönd nýtt leikjatölvustríð, eða ný lota í áframhaldandi stríði öllu heldur, þegar þrjár stórar leikjatölvur koma út með stuttu millibili og keppa um hylli kaupenda. Sony og Nintendo munu hleypa sínum af stokkunum snemma á nýju ári en Microsoft hefur þegar ýtt sinni úr vör.

**Microsoft X-box 360**

Gamla X-boxið hafði gríðarlegan fjárstyrk á bak við sig og náði öruggri fótfestu, sérstaklega í Ameríku en einnig í Evrópu. Hins vegar náði Microsoft aldrei að ryðja sér til rúms á Japansmarkaði sem er afar frábrugðinn þeim vestræna. Þetta er eitthvað sem arfberi X-boxins, X-box 360, er ætlað að bæta úr. En við fyrstu sýn virðist ekki ætla að rætast úr þeirri von Microsoft-manna. Gríðarleg eftirspurn, langar biðraðir og vöruskortur einkenndu útkomu tölvunnar í Ameríku og Evrópu, en Í Japan hefur tölvan silast af stað.



**Sony PlayStation 3**

PlayStation-tölvurnar eru ókrýndir konungar leikjatölvumarkaðarsins og Sony hefur haft töglin og hagldirnar á leikjatölvumarkaði í að verða áratug. Þriðja kynslóð leikjatölvunnar þeirra kemur út á vormánuðum um heiminn allan, og virðist munu verða tæknilega öflugasta leikjatölvan í þessari lotu rimmunnar, aldrei þessu vant. Líklegt verður að teljast Sony komi sterkir út úr baráttunni sem endranær en fyrirtækið virðist vita upp á hár hvernig markaðsetja eigi tölvuleiki. Þó hefur heyrst að erfitt sé að forrita fyrir nýju tölvuna vegna nýstárlegs aðalörgjörva auk þess sem forskot Microsoft gæti haft áhrif.

**Nintendo-byltingin**

Vinsældir Nintendo hafa dvínað á þeim rúma áratug sem liðinn er frá því að leikjatölvan trónaði á toppnum. Gameboy-lófaleikjatölvur fyrirtækisins sem eru arðbærustu leikjatölvur allra tíma, auk annara hliðarverkefna, svo sem Pokemon, munu þó halda þeim á floti lengi enn. Því þótt fyrirtækinu hafi ekki vegnað vel með tvær síðustu tölvur, ætlar Nintendo að reyna annars konar aðferð í þetta sinn. Í stað þess að keppa um tæknilega getu við Sony og Microsoft mun Nintendo gefa út hina tiltölulega ódýru Revolution í vor, og huga frekar að nýjungum, sem þeir kalla byltingarkenndar, hvað varðar spilun og stjórn.

## SPURT OG SVARAÐ

**SPRAUTUFÍKN**



ÞÓRARINN TYRFINGSSON

### *Fíknin er afar sterk*

Nýverið hafa morfínfíkn og sprautufíklar verið í sviðsljósinu í kjölfar tveggja dauðsfalla í miðborginni sem rekja mátti til slíkrar lyfjamisnotkunar.

**Um hvaða efni er að ræða?**
Fyrst og fremst morfín og heróín sem eru afar skyld efni og finnast í ýmsum sterkum verkjalyfjum. Til eru samsett efni með áþekka virkni.

**Hver eru langvarandi líkamleg áhrif?**
Sprautufíklar eru iðulega líkamlega veikari en aðrir fíkniefnanotendur. Mjög oft hafa þeir sýkst af lifrarbólgum og einnig er þekkt að þeir smitist af alnæmi þó það sé ekki algengt hérlendis.

**Hver eru langvarandi andleg áhrif?**
Langvarandi kvíði og þunglyndi og vanhæfni til að lifa án efnanna. Um er að ræða afar sterka fíkn.




# Íslendingar flytja nánast ekkert inn frá fátækustu löndum heims

**Innflutningur frá fátækustu þróunarlöndunum til Íslands nam 0,1 prósenti af heildarinnflutningi hvers árs, árin 2001 til 2004. Ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er nýlokið en þar voru málefni þróunarlandanna í brennidepli.**

Meginviðfangsefni fundarins, sem haldinn var í Hong Kong, voru viðræður um aukið frjálsræði í viðskiptum. Meðal fundargesta var Geir H. Haarde, utanríkisráðherra Íslands. Í ræðu Geirs, sem hann hélt á fundinum, kom fram að meirihluti landbúnaðarvara, sem fluttar eru inn til Íslands, væri fluttur inn án nokkurra viðskiptahindrana og að þar á meðal væru flestar mikilvægustu útflutningsvörur vanþróuðustu ríkjanna. Ráðherra hefur einnig látið hafa eftir sér að Íslendingar flytji inn fullt af matvælum og vörum frá fátækustu löndum heims.

Fátækustu lönd heims eru sett í sérstakan flokk samkvæmt greiningu Sameinuðu þjóðanna. Þessi ríki eru 48 talsins og eru í flokki sem kallast GSP-lönd. Skammstöfunin stendur fyrir „Generalized System of Preferences“, eða ríki sem njóta hlunninda samkvæmt „almennri skipan á bestu kjörum“, en á þriðju ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um minnst þróuðu löndin í maí 2001 voru gefin fyrirheit um að afnema ætti allar magntakmarkanir og tolla á innfutningi alls, nema hergagna, frá 48 fátækustu löndum heims. Ísland er eitt af ríkjum heims sem veitir GSP-ríkjunum tollafríðindi en til þess að tollur falli alveg niður þarf varan að fá svokallaðan z-toll. Sem dæmi, má nefna að ef vara er flutt inn beint frá Nepal, sem er eitt af GSP-ríkjunum, þá fær varan tollmeðferð sem kallast z-tollur en þá er ekki tekinn tollur af vörunni. Af fátækustu löndunum voru eingöngu vörur frá Bangladess og Nepal fluttar inn án tolls, það er, báru z-toll. Alls var flutt inn fyrir rúmar átta milljónir frá þessum löndum árið 2004, en eingöngu tæpar fimm milljónir á árinu sem nú er að líða.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni flytur Ísland inn vörur frá 14 af 48 fátækustu þjóðum heims. Á árinu 2004 voru fluttar inn vörur frá þessum löndum fyrir rúmar 325 milljónir íslenskra króna. Heildarinnflutningur til Íslands á þessum tíma nam rúmlega 260 milljörðum króna. Hlutfall innflutnings frá fátækustu þróunarlöndunum var því um 0,1 prósent af heildarinnflutningi til landsins. Af þessum 14 löndum var langmest flutt inn frá Bangladess, eða fyrir tæpar 212 milljónir króna. Innflutningur frá þremur öðrum löndum, Kambódíu, Kongó og Súdan, var rétt um eða yfir 30 milljónir en innflutningur frá hinum löndunum tíu náði ekki tveggja stafa tölu í milljónum talið. Raunar var flutt inn fyrir minna en hundrað þúsund krónur frá Malí og Afganistan.



**ÚTIMARKAÐUR Á BANGLADESS** Af fátækustu þróunarlöndunum er langmest flutt inn frá Bangladess til Íslands. Bananar eru þó ekki fluttir inn til landsins frá þessu fátæka ríki.



FRÉTTAVIÐTAL
STEINAR KALDAL
steinar@frettabladid.is

**ÞRÓUNARLÖND SEM NJÓTA TOLLFRÍÐINDA OG ERU SKILGREIND SEM GSP-RÍKI SAMKVÆMT SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM**

✡*Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Búrkína-Fasó, Búrma,Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Erítrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyjar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíribatí, Kongó, Kómoreyjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Máritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Saó-Tóme og Prinsípe, Síerra-Leóne, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda, Vanúatú.*

## Ýmsir samverkandi þættir hafa áhrif á innflutninginn

„Ég hef nú í sjálfu sér enga skýringu á því af hverju svona lítið er flutt inn frá þessum löndum,“ segir Jón Steindór Valdimarsson,aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hann bendir hins vegar á að væntanlega séu ýmsir samverkandi þættir sem hafi þar áhrif. „Til dæmis, þá eru þessi lönd, mörg hver, með mjög frumstæðan efnahag og iðnað og þá eru þau fjarlæg Íslandi og lítið samband þar á milli. Ég held því að skýringarnar séu aðallega þær að löndin eru ekki að framleiða vörur sem okkur vanhagar um. Hvorki eftirspurnin né framboðið er til staðar,“ segir hann.



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

Jón Steindór bendir á að það geti verið að Íslendingar séu í raun að flytja inn meira frá þessum löndum en tölurnar gefi til kynna. „Ef vörurnar hafa viðkomu, til dæmis í gegnum í heildsala frá Evrópu, þá eru þær ekki lengur skráðar sem innflutningsvörur frá þróunarlöndunum og því getur vel verið að við séum að versla meira en fram kemur í opinberum tölum.“

## Eigum að vera opin fyrir framleiðslu þessara ríkja

Ari Edwald, fyrrum framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að mestu máli skipti að engar hindranir séu á vörum frá fátækustu löndunum. „Mér finnst mestu máli skipta að það eru engar opinberar hömlur eða höft sem koma í veg fyrir að ekki er flutt meira inn frá þessum löndum,“ segir Ari. Þegar borið er undir Ara hvort innflutningur frá fátækustu löndum heims til Íslands sé ekki of lítill hluti af heildarinnflutningi segist hann ekki vera í aðstöðu til þess að meta það. Hins vegar segir hann að það verði að ráðast af áhuga neytenda og þeirra fyrirtækja sem þjónusta þá hversu mikið sé flutt inn frá þessum löndum og að ekki sé við stjórnvöld að sakast fyrst litlar sem engar hömlur eru á vörunum.



ARI EDWALD

„Almennt er það okkar skoðun að vænlegasta leiðin, til þess að fátækustu ríkin geti byggt upp sinn efnahag, er að við séum opin fyrir framleiðslu þeirra og útflutningsvörum. Við erum fylgjandi frjálsum viðskiptum og helst engum takmörkunum í flæði vöru og þjónustu á milli landa,“ segir Ari.

## Efnahagsstarfsemi minnst þróuðu ríkjanna er lítil

Innflutningur frá fátækustu löndunum til Íslands kemur oft í gegnum milliliði og því getur verið erfitt að greina hvaðan varan kemur upprunalega. Þetta segir Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

Hún bendir einnig á að oft er efnahagssstarfsemi minnst þróuðu ríkjanna lítil og áhrifin á heimsviðskiptin þar af leiðandi mjög takmörkuð og því eigi það í rauninni ekki að ógna neinum þó að viðskipti þessara ríkja séu gefin frjáls. „Ísland beitir mjög lágum tollum í viðskiptum en það hefur ekkert verið gefið í skyn af hálfu utanríkisráðherra um magn innflutnings frá fátækustu þróunarlöndunum, einungis að aðgengi þeirra fyrir þeirra framleiðsluvörur er að mestu leyti án kvóta eða annarra hindrana,“ segir Ragnheiður. Hún bendir á að tollar á vörur frá þessum ríkjum séu almennt mjög lágir eða engir.

Hins vegar segir hún að ekki standi til að fella niður tolla á vörur frá þróunarríkjunum, að frátöldum þeim fátækustu, nema á grundvelli fríverslunarsamninga.

# Gleðilegt nýtt kosningaár!




# Ný tækifæri – ný sókn

Tækifærið í kosningunum í vor byggist á góðum grunni sem skapar Reykjavík fjölmörg sóknarfæri í framtíðinni.

Reykvíkingar eiga kröfu á því að geta valið þann kost í vor sem þekkir þessi tækifæri og leiðirnar til að nýta þau.

Sigurstrangleg forysta byggir á trausti og reynslu.

**Við sem viljum öflugt framboð jafnaðarmanna og félagshyggjufólks höfum metnaðarfull markmið:**

- Að borgin reki þrjú gjaldfrjáls skólastig: leikskóla, grunnskóla og taki við ábyrgð á rekstri framhaldsskóla af ríkinu.
- Að í Vatnsmýrinni verði glæsilegt miðborgarsvæði 21. aldarinnar.
- Að borgin taki við heimahjúkrun og þjónusta við aldraða verði öflug og heildstæð undir einni stjórn.
- Að kalla borgarbúa til beinna áhrifa með því að styrkja hverfafélög í samvinnu við þjónustumiðstöðvar borgarinnar og fela þeim verkefni um grenndarmál sem varða öryggi, umferð og umhverfi.
- Að umönnun barna verði tryggð frá fæðingarorlofi til leikskóla, og á skólastigum yngri barna verði nám, íþróttir og frístundastarf hluti af samfelldum skóladegi.
- Að borgin tryggi fjölbreytt framboð af búsetu-möguleikum sem henta ólíkum lífsstíl fyrir fólk á öllum aldri. Ólíkar tegundir einbýlis- og fjölbýlishúsa þurfa að bjóðast í samræmi við óskir fólks.
- Að sjálfstæðir og fjölbreyttir skólar verði í fremstu röð á alþjóðlegum mælikvarða. Áhrif forráðamanna barna verði aukin með stefnumarkandi skólasáttmála þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk setja sameiginleg markmið skólans um nám og forvarnir. Starfsfólk skóla fái ríkulegt svigrúm til nýsköpunar. Einstaklingsmiðað nám verði styrkt enn frekar með einstaklingsáætlunum nemenda.
- Að efla samráð í skipulagsmálum og búa framsæknum fyrirtækjum umhverfi sem þau þarfnast svo þau laði að gott fólk til að skapa auð og störf.
- Að Reykjavík sé alþjóðleg menningarborg og jafnist á við framsæknar erlendar borgir í lífsgæðum – bæði hvað varðar mannlíf og umhverfi. Ný tónlistar- og ráðstefnuhöll verði vettvangur heimsviðburða.
- Að Reykjavík taki forystu um þróunaráætlun fyrir hið nýja samfellda borgarsvæði frá Borgarfirði til Árnessýslu þar sem nú eru að skapast ný sóknarfæri með efnahagslegum styrk og menningarlegri fjölbreytni.

**Ágætu Reykvíkingar, ég þakka það traust sem mér hefur verið sýnt og býð fram reynslu mína í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar í febrúar, saman vinnum við verðskuldaðan sigur í vor.**

Stefán Jón Hafstein

**Samfylkingin**

Samfylkingin efnir til opins prófkjörs í febrúar. Sjá nánar á **samfylking.is** og **www.sffr.is** sem er heimasíða Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Allir Reykvíkingar sem vilja styðja Stefán Jón Hafstein sem borgarstjóraefni geta lagt lið með því að taka þátt í prófkjörinu. Stefán Jón Hafstein sigraði glæsilega í prófkjöri fyrir fjórum árum og gefur kost á sér áfram í fyrsta sæti. Sjá nánar um stefnu og reynslu á **www.stefanjon.co.is**

# MYNDIR ÁRSINS 2005



**ÞAÐ BLÆS UM MENN Á TOPPNUM** Löngum hefur gustað um Davíð Oddsson á pólitískum ferli og það var kannski táknrænt að það blés hressilega á hann þegar hann kom á sinn síðasta ríkisráðsfund á Bessastöðum í haust. Þar með lauk einum glæsilegasta ferli eins manns í pólitík hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**SÍÐASTI GEIRFUGLINN ER LENTUR** Flugmaður þessarar litlu flugvélar brá á það ráð að nauðlenda á þjóðveginum um Mosfellsdal þegar bilun kom upp í vélinni. Gekk lendingin að óskum og engan sakaði. Þó varð að loka veginum um hríð meðan viðgerð fór fram en síðan tók fuglinn flugið á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GLYS OG GLAMÚR** Að venju sigldu Íslendingar utan með fullan farm af væntingum fyrir Júróvisjónkeppnina sem haldin var í Kænugarði í maí. Selma Björnsdóttir lét hins vegar slakt gengi ekki á sig fá og hvatti glysrokkarana Wig Wamm frá Noregi til dáða. FRÉTTABLAÐIÐ/ PJETUR



**GAPANDI UNDRUN** Þingmenn göptu af undrun þegar stúdentaráð Háskóla Íslands hitti menntamálanefnd Alþingis í anddyri þinghússins. Tilefni fundarins voru mótmæli stúdenta gegn hugmyndum um skólagjöld í Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BER ER HVER AÐ BAKI ...** Auðun Georg Ólafsson var öllum að óvörum ráðinn fréttastjóri Útvarps síðla vetrar þrátt fyrir litla reynslu af fréttamennsku. Hann mætti galvaskur til vinnu við litla hrifningu fréttamanna en útvarpsstjóri studdi hann í hvívetna. Auðun Georg hætti eftir einn dag í embætti og útvarpsstjóri lét af störfum nokkrum mánuðum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**BEÐIÐ FYRIR PÁFA** Sóknarbörn í Landakotskirkju báðu fyrir Jóhannesi Páli II páfa þegar hann lá banaleguna í mars. Jóhannes Páll andaðist 2. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI



**HVENÆR KEMUR WHAM?** Fyrir marga rættist 20 ára gamall draumur í lok júní þegar Duran Duran fyllti Laugardagshöll og sýndu og sannaði að hljómsveitin hefur engu gleymt. FRÉTTABLAÐIÐ/ TEITUR




**FRÍÐA OG ... HALLDÓR** Villtustu draumar Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur rættust í desember þegar hún ekki aðeins vann titilinn Ungfrú heimur heldur fékk líka að taka í spaðann á formanni Framsóknarflokksins, Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞAÐ ER SÆTT AÐ SIGRA** Það er ekki tekið út með sældinni að tapa varaformannskjöri hjá Frjálslynda flokknum. Gunnar Örlygsson og Magnús Þór Hafsteinsson tókust á um embættið og ekki fer á milli mála að Magnús Þór fór með sætan sigur af hólmi. Gunnar gekk skömmu síðar til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL




## Aldrei fleiri nemendur en árið 2005

# Aldrei fleiri námskeið í boði en árið 2006

### Sýnishorn af námskeiðum í boði hjá Tölvuskólanum Þekkingu:

| Almennir notendur | Std | Eldri borgarar | | Grafík, umbrot og myndvinnsla | | Vefsmíðar | | Microsoft kerfis- og netstjórnun | | Viðskiptagreinar | | Ýmis námskeið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byrjendanámskeið | 60 | Eldri borgarar 60+ grunnur | 30 | Grafísk hönnun | 84 | Vefsíðugerð grunnur | 42 | MCP XP | 60 | Tölvu og skrifstofunám | 260 | Kennaranámskeið I | 36 |
| Almennt tölvunám | 63 | Eldri borgarar 60+ frh. I | 30 | Photoshop | 21 | Vefsíðugerð framhald | 31 | MCP XP og MCDST | 108 | Tölvu og bókhaldsnám | 200 | Kennaranámskeið II | 36 |
| TÖK tölvunám | 100 | Eldri borgarar 60+ frh. II | 30 | Illustrator | 21 | FrontPage | 21 | MCP Server og netkerfi | 72 | Hagnýtt bókhald grunnur | 110 | Tölvuviðgerðir | 18 |
| Word | 22 | | | InDesign | 21 | Dreamweaver MX 2004 | 31 | MCSA & MCDST | 180 | Tollskýrslugerð | 18 | Öryggi og vírusvarnir | 9 |
| Excel | 22 | | | Acrobat Distiller PDF | 10 | ASP.NET vefforritun | 31 | | | Tölvubókhald í Navision | 21 | | |
| Excel í stjórnun og rekstri | 21 | | | Stafrænar myndavélar | 14 | | | | | Tölvubókhald í dkRetis | 21 | | |
| Outlook | 9 | | | | | | | | | | | | |
| PowerPoint | 14 | | | | | | | | | | | | |

**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**

*Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

## MYNDIR ÁRSINS 2005





**EIÐUR FYLGDI HJARTANU** Eggert Skúlason hjólaði hringveginn til styrktar samtökunum Hjartaheill í sumar. Eiður Smári Guðjohnsen hjólaði fyrsta spölinn með honum í júníbyrjun og aðdáendurnir létu sig vitaskuld ekki vanta.

**MÁLUÐU BÆINN BLEIKAN** Konur minntu á að þær eru ekki best geymdar bak við eldavélina þegar þær lögðu niður störf í október og fjölmenntu í tugþúsunda tali niður í miðbæ og létu í sér heyra. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA




**HIN NÝJA ÁSÝND FRAMSÓKNAR** Framsóknarflokkurinn hélt flokksþing sitt með pomp og prakt í febrúar þar sem gildum fjölmenningarsamfélagsins var hampað í hvívetna og munu ófáir framsóknarmenn hafa skráð sig á magadansnámskeið í Kramhúsinu eftir að boðið var upp á slíka sýningu á þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI



**SJÓSLYS Á VIÐEYJARSUNDI** Hörmulegt sjólys varð á Viðeyjarsundi í september þegar skemmtibátur steytti á skeri að næturlagi með þeim afleiðingum að tvennt fórst en þrennt komst af meira og minna slasað. Rannsókn leiddi í ljós að skipstjórinn var ölvaður við stjórn bátsins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**BAUGSMENN Í FJÖLMIÐLAFÁRI** Baugsmál voru ofarlega á baugi síðari hluta ársins eftir að ríkissaksóknari birti Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og öðrum forsvarsmönnum fyrirtækisins ákærur í 40 liðum fyrir margs konar fjármálamisferli. Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði 32 liðum málsins frá vegna vanreifunar en átta liðir standa eftir og bíða meðferðar fyrir dómstólum. Þá er alls ekki útilokað að saksóknaraembættið höfði nýtt mál á hendur stjórnendum Baugs en sérstakur saksóknari hefur málið til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR** Fylgismenn Múhameðs spámanns er víða að finna og líka í Ármúlanum. Þar eiga múslimar á Íslandi sér samastað og koma þar saman til bænahalds að sínum sið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**AÐ VERA EÐA EKKI VERA ... FORMAÐUR** Svilfólkið og samherjarnir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tókust á um formannsstól Samfylkingarinnar á árinu eftir einhverja lengstu kosningabaráttu sem um getur. Ingibjörg Sólrún stóð uppi sem öruggur sigurvegari en Össur tók tapinu með reisn og gerðist ötull bloggari í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Við óskum landsmönnum gleðilegs nýs árs og þökkum frábærar viðtökur á liðnu ári



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA - VÖRUM

Meiri gæði

Lægra verð

MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**...hjá okkur færðu gæðin alltaf á góðu verði**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Forseti og forsætisráðherra ræddu öldrunarmálin í ávörpum sínum.

## Kjör aldraðra og matarverð

Hvað boðar nýárs blessuð sól? Hún boðar náttúrunnar jól“ segir skáldið Matthías Jochumsson í áramótasálminum kunna, sem áreiðanlega hefur hljómað víða í kirkjum landsins um nýliðin áramót. Já, hvað er framundan á árinu? Það er spurningin sem brennur á mörgum á þessum tímamótum, en erfitt er að fá algild svör við. Við höfum heyrt nú um áramótin mikla umræðu um hið nýliðna ár, og sumir hafa líka spáð fram í tímann.

Það var kannski engin tilviljun að bæði forsætisráðherra og forseti Íslands töluðu um kjör og aðbúnað aldraðra í ávörpum sínum nú um áramótin, enda hafa þau mikið verið til umræðu á almennum vettvangi undanfarin misseri, ekki síst vegna þess að þessi hópur hefur ekki setið hljóður hjá eins og áður fyrr, heldur hafa forvígismenn aldraðra haldið málefnum þeirra hátt á lofti og opnað augu margra fyrir þeim kjörum sem aldraðir búa við.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í ávarpi sínu um þessi mál: „Við sem erum í blóma lífsins og sitjum nú við stjórnvölinn, í stjórnmálum og atvinnulífinu, höfum ekki aðeins skyldum að gegna gagnvart kynslóðunum sem erfa landið. Við eigum ekki síður að tryggja öldruðum örugga og góða afkomu. Við megum aldrei gleyma því að aldraðir hafa átt stóran þátt í að skapa þá velsæld sem nú ríkir og þeir eiga að geta notið ævikvöldsins með reisn.“ Á svipaða strengi sló forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, í ávarpi sínu í gær þegar hann sagði: „Við stöndum í mikilli þakkarskuld við það góða fólk, foreldra, afa og ömmur, ættmenni öll sem ruddu brautir og mikilvægt að við metum að verðleikum framlag þeirra. Það er til marks um siðmenningu hverrar þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið og gerir þeim kleift að njóta áranna sem eftir eru, tryggir öryggi og aðhlynningu.“

Þetta voru orð forseta og forsætisráðherra um aldraða, og skal undir þau tekið. En það er ekki nóg að tala með hástemmdum orðum um kjör aldraðra á tímamótum sem þessum, orðum verða að fylgja athafnir. Það er kannski hægara sagt en gert að fylgja þessum orðum eftir og stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið í heimahúsum eins og forsætisráðherra kom inn á í ávarpi sínu. Það þarf margt og þjálfað fólk til þess að svo verði, og því miður hefur verið skortur á slíkum starfskröfum. Hitt er deginum ljósara að þetta er það fyrirkomulag sem almennt virðist henta best fyrir aldraða, og svo að tiltæk séu hjúkrunarheimili fyrir þá sem á þeim þurfa að halda.

Forsætisráðherra kom líka inn á matarverðið margumtala í áramótaávarpi sínu og tilkynnti um stofnun nefndar til að fara í þau mál. Samanburður á matarverði hér og í nágrannalöndunum hefur mikið verið til umræðu í þjóðfélaginu undanfarnar vikur, en til að fá hina raunverulegu mynd af lífskjörunum hér og í nágrannalöndunum, þyrfti að kanna fleira en matarverðið. Hvað með skattana? Hvað með vextina af húsnæðislánum? Hvað með tryggingar og sjúkrahjálp? Hvað með orkukostnað? Hvað með kostnað við barnauppeldi og menntun? Til að fá raunverulega mynd af lífskjörunum þarf auðvitað að hafa heildarmyndina af heimilishaldinu í huga en ekki að taka út einstaka hluta þess. Við vitum að matarkostnaður hér er mun hærri en víðast annars staðar, en hvað með hitt, sem vegur líka þungt í heimilishaldinu.

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Framfarasókn**
Völd Framsóknarflokksins ná víðar en margur heldur – jafnvel til tungutaks annarra stjórnmálamanna. Í áramótaávörpum sínum í Fréttablaðinu á gamlársdag sýndu formennirnir að þeir eru sannarlega menn orðsins og kunna að koma sínu til skila á tungumáli sem alþýðan skilur, samanber „hækkandi væntingavísitölu“ og „aukinn rétt til fjölskylduþátttöku“. Sumir urðu þó óneitanlega klumsa yfir nýyrðinu sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde gripu bæði til; þau telja sumsé að mikil „framfarasókn“ hafi einkennt þjóðina og íslensk fyrirtæki á árinu sem leið – hvað sem það nú þýðir. Sumir telja að formennirnir hafi einfaldlega ruglast í ríminu, en þeir sem ekki trúa á tilviljanir gera því skóna að orðið „framsókn“ sé slíkt eitur í beinum Ingibjargar og Geirs að þau hafi ekki getað hugsað sér að nota það til að lýsa þjóðinni og hennar bestu sonum.



**Öðruvísi mér áður brá**
Og enn af formönnunum. Kryddsíldin rann áreynslulaust ofan í stjórnmálaleiðtogana og sjónvarpsáhorfendur á gamlársdag. Í gegnum tíðina hefur matargestunum stundum hlaupið kapp í kinn, brigslað hvor öðrum um dónaskap og þaðan af verra en því var ekki fyrir að fara í ár. Kannski hafði það sitt að segja að Össur Skarphéðinsson og Davíð Oddsson voru fjarri góðu gamni, en vinarþelið hreinlega geislaði af gestunum. Sérstaka athygli vakti að Steingrímur J. Sigfússon – af öllum mönnum – hældi Halldóri Ásgrímssyni – af öllum mönnum – í hástert fyrir hvernig hann hefði tekist á við starf sitt í forsætisráðuneytinu, hann hefði jú tekið við því við erfiðar aðstæður. Mátti ekki betur sjá en að hrósið hefði hrært við Halldóri sem þakkaði Steingrími bljúglega fyrir hlý orð í sinn garð.



**bergsteinn@frettabladid.is**

## Og liðið er nú ár

Í DAG
ÁRAMÓT



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

*Var ekki árið svolítið eins og stund milli stríða? Logn eftir storminn? Eða á undan honum? Ár hins lognmilda Geirs Haarde?*

Ég varði áramótunum í Danmörku. Ég var svolítið fordómafullur fyrst í stað, ekki viss um að Danirnir réðu við að halda áramót en þegar á reyndi sprengdu þeir meira en nóg fyrir mig og mína. Í Danmörku er líka flottari snjór en á Íslandi; og tré; og það sem verður að teljast verulegt áfall fyrir Íslendinga: Danir eru með miklu flottari snjóruðningsgræjur en Íslendingar.

Þegar ég varð þess var að verið var að horfa á okkur sem Íslendinga þá fannst mér sem snöggvast að ég yrði að standa undir því nýja nafni sem þjóðin er sögð vera að skapa sér hér ytra og verða ógurlega drífandi og duglegur að sjá nýja möguleika á svæðinu – bjóðast til að kaupa húsið og breyta því í Möntvask sem manni skilst að sé sérstök íslensk uppfinning – En því miður, mér datt ekkert í hug og hélt áfram að kyrja með hinum Máninn hátt á himni skín og Nú árið er liðið. Vonaði að það væri nógu íslenskt.

Nú árið er liðið og hvað gerðist? Til dæmis það að Íslendingar vaða yfir allt eins og logi yfir akur í Danmörku og kaupa allt sem þeir sjá á meðan heimamenn horfa ögn gáttaðir á aðfarirnar. Að öðru leyti er erfitt að rifja upp atburði ársins, sérstaklega þegar maður situr í útlöndum og klórar sér í hausnum. Mér er til dæmis ógerningur að muna hvort Íslendingar halda til streitu umsókn sinni um aðild að Öryggisráðinu svo að dæmi sé tekið af máli sem var á baugi. Var ekki árið svolítið eins og stund milli stríða? Logn eftir storminn? Eða á undan honum? Ár hins lognmilda Geirs Haarde?

Því að þetta var árið þegar Davíð Oddsson hætti ráðherradómi og hlammaði sér niður í Seðlabankann, kvaddi þannig stjórnmálin að sinni að minnsta kosti eftir að hafa hleypt öllu í bál og brand með yfirgengilegum átökum við alls konar viðskiptamenn. En það var ekki Samfylkingin sem uppskar – heldur Geir Haarde sem öllum líkar geysivel við fyrir þær sakir að hann lætur ekki eins og Davíð Oddsson.

Þetta var árið þegar allir tóku fimbullán út á húsnæðið sitt en eyddu peningunum því miður í vitleysu á borð við jeppa og pallbíla.

Þetta var árið þegar Reykjavíkurlistinn var lagður niður af Vinstri grænum sem gerðust þannig nokkurs konar Jóhannes skírari fyrir Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson.

Þetta var árið þegar allir töluðu um að „spá í því“.

Þetta var ár hamfara og óskapa víða um lönd og stjórnvöld brugðust með ýmsum hætti: í Bandaríkjunum sannaði George W. Bush eftirminnilega eigið vanhæfi á ögurstundu þegar flóðin urðu í New Orleans en í Bretlandi elti lögreglan saklausan mann uppi og tók af lífi með köldu blóði fyrir þær sakir einar að hann var í úlpu og dökkur yfirlitum – þetta gerðist eftir hryðjuverkin í London. En þegar hamfarir urðu í Pakistan og milljónir á vergang sendi íslenska ríkisstjórnin minna fé en til Bandaríkjanna eftir flóðin þar.

Þetta var árið þegar íslenskar bíómyndir urðu útlenskar.

Þetta var árið sem allt gekk á afturfótunum á Kárahnjúkum.

Þetta var árið þegar Morgunblaðið gerðist aftur málgagn Geirs Hallgrímssonar í deilum hans við Gunnar Thoroddsen. Einhver hefði haldið að það mál væri löngu útkljáð en Reykjavíkurbréf blaðsins hafa engu að síður að undanförnu snúist mjög um það að rétta hlut þessa mikla hluthafa í blaðinu, rétt eins og þau gerðu í gamla daga – milli þess sem deilt er á Fréttablaðið fyrir að vera í eigu kaupmanna í Reykjavík. Þeir kaupmenn munu að sögn vera „vonda auðvaldið“ en eins og Matthías skáld benti á í ítarlegri greinargerð fyrir jólin þá störfuðu þeir Styrmir fyrir „gott auðvald“ – svo gott raunar að blaðið á enn í harðvítugum deilum fyrir hönd þessara eigenda sinna.

Þetta var árið þegar lagadeilur Baugs við stofnanir Sjálfstæðisflokksins stóðu sem hæst – og eru varla byrjaðar enn. Muna lesendur eftir köflunum í Njálu þegar menn standa á þingi og segja: „Lýsi ég þar lýriti og lýsi ég þar lögriti“ og fara svo að þvaðra eitthvað um holundar sár og mergundar áður en þeir „ryðja dóminn“? Þegar mest gekk á í Baugsmálum fannst manni stundum eins og maður væri að upplifa þessa kafla úr Njálu og botnaði ámóta mikið í þessu. Almenningur er eflaust að verða hálf þreyttur á þessum væringum og sennilega er þarna ein af skýringum þess að Samfylkingin hefur átt undir högg að sækja hjá kjósendum að undanförnu: fólk tengir flokkinn við annan deiluaðilann – en finnst að Geir Haarde standi utan við þetta allt saman.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# allt fasteignir

hús o.fl. Halla Vilhjálmsdóttir og Þjóðleikhúsið bls. 3
Raki í gluggum bls. 2

fasteignir o.fl. Ekki er allt sem sýnist bls. 5
Hverfið mitt bls. 10

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ


| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.18 | 13.32 | 15.46 |
| Akureyri | 11.30 | 13.16 | 15.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

*Góðan dag!*
**Í dag er mánudagurinn 2. janúar**
**2. dagur ársins 2006**

**FASTEIGNASÖLUR**


| | |
|---|---|
| Ás | 8-9 |
| Bifröst | 13 |
| Draumahús | 16-17 |
| Eignastýring | 15 |
| Fasteignastofan | 12 |
| Hraunhamar | 14 |
| Nýtt | 6 |
| Lundur | 11 |
| Lyngvík | 7 |
| Neteign | 4 |


**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**


Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Húsið er teiknað af Jóni Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Verðlaunagarður og heitur pottur

***Glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr, mikilli lofthæð og fallegum innréttingum.***

Bifröst fasteignasala er með 230 fermetra einbýlishús í Krókabyggð í Mosfellsbæ til sölu. Húsið sem er á einni hæð stendur á hornlóð og er teiknað af Jóni Guðmundssyni en innanhúsarkitekt er Finnur P. Fróðason. Allar innréttingar, skápar og hurðir eru sérsmíðaðar úr lerki, innfeld halogen-lýsing er í öllu húsinu og lofthæð sérlega góð.

Gegnheilt parket úr hlyn er á stofu, gangi og öllum herbergjum en granítflísar á eldhúsi, forstofu, báðum baðherbergjum og þvottahúsi.

Forstofa er með klæðaskáp og gestasnyrtingu og þaðan gengt í opið rými. Eldhús er rúmgott með útgengi á suðvestur-verönd. Baðherbergi er með fallegri innréttingu, gufubaði og sturtu. Þvottahús er með hvítri innréttingu og útgengi á sólpall. Á svefnherbergisgangi er stór klæðaskápur og tvö rúmgóð herbergi. Stofan er um 50 fermetrar og þaðan er opið út á verönd.

Bílskúrinn er rúmgóður með tveimur fjarstýrðum hurðum og hvítri innréttingu. Steyptur kjallari er undir bílskúrnum. Verðlaunagarður er við húsið með tveimur sólpöllum, skjólveggjum, heitum potti og markísuhita í stéttum og bílaplani. Stutt er í alla almenna þjónustu svo og gönguleiðir í óspilltri náttúrunni.

Ásett verð er 59 milljónir.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ FASTEIGNIR ]**

**Sjö hundruð og fimm** athugasemdir bárust við skipulag miðsvæðisins á Álftanesi. Alls skrifuðu 683 íbúar undir undirskriftalista sem afhentur var bæjarstjóra fyrir jól, þar af voru 39 með lögheimili utan Álftaness og 11 íbúar eru undir lögaldri en 26 skrifuðu undir undirskriftalistann oftar en einu sinni.

**Önnur hæð** sundhallarhússins á Ísafirði verður breytt í skólahúsnæði í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir þremur kennslustofum þar á stærðarbilinu 50-65 m² auk salernis og neyðarútgangs. Kostnaður við breytingarnar er áætlaður um 19,2 milljónir.



**Ráðhús Húsavíkur** verður selt og sömuleiðis leikskólinn Bestibær. Meirihluti bæjarstjórnar hefur samþykkt að selja hlutafélaginu Fasteign eignirnar en það er eigu Íslandsbanka og sveitarfélaga. Í ráði er að endurbyggja leikskólann og stækka hann. Tilboð Fasteignar hljóðaði upp á 175 miljónir. Nokkur sveitarfélög hafa farið svipaða leið.


Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

**Útiseríurnar** má fara að láta niður hvað úr hverju. Sumir vilja samt njóta þeirra eitthvað lengur og það er líka allt í lagi að virða það.




HENRAD OFNAR 10 ÁRA ÁBYRGÐ
30% afsláttur
Ekki láta þér verða kalt
HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál




Móða sem kemur á glugga inni í íbúðum manna myndast vegna þess að rakastig andrúmsloftsins þar er of hátt. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Ráð gegn raka í gluggum

***Raki sem safnast fyrir og myndar móðu á gluggum og í gluggakistum er hvimleitt vandamál sem margir kannast við. Oftast er lélegri loftræstingu um að kenna.***

Ein af þeim spurningum sem iðnaðarmenn fá hve oftast er sú hvernig losna megi við raka og móðu úr gluggum. Slíkur raki getur safnast saman í nokkrum mæli og valdið tjóni á tréverki og öðru í kringum glugga.

Loft getur einungis innihaldið ákveðið magn raka og því minna sem hitastigið er lægra. Þannig að ef hitastig lækkar mjög snögglega, eins og það gerir við glugga, þéttist rakinn og döggvast. Þetta á sérstaklega við um einfalt gler sem heldur kuldanum mun verr fyrir utan íbúðina.

Rakastigið í loftinu getur hækkað af ýmsum ástæðum. Raki kemst í loftið út frá andardrætti manna, við notkun á heitu vatni, til dæmis er farið er í sturtu, þegar eldað er og ef þurrkari er inni í íbúð svo fátt eitt sé nefnt. Sé enginn gluggi hafður opinn verður loftið mjög fljótt mettað og því myndast móða á gluggum.

Almennt er talið að gott sé fyrir heilsu manna að um helmingur lofts endurnýist á hverjum klukkutíma. Það má gera með því að einfaldlega opna glugga. Við endurnýjunina minnkar líka rakamagnið í loftinu auk þess sem móðan ætti að minnka eða hverfa af rúðum. Enn mikilvægara er að lofta út eftir til dæmis bað, sturtu, þvotta eða eftir eldun.

Annað lykilatriði er staðsetning miðstöðvarofna. Ofnar ættu iðulega að vera staðsettir fyrir neðan glugga til þess að hita kalt loft sem þar berst inn og koma réttri hringrás á loftið. Passa þarf einnig að gluggakistan nái ekki of langt yfir ofninn. Það hindrar eðlilega hringrás og veldur því að ofninn getur ekki hitað eins vel upp kalda loftið við gluggana. Margir bregða á það ráð að setja jafnvel einhvers konar rákir eða raufar í gluggakisturnar þannig að heita loftið frá ofninum eigi greiðari leið að gluggum. Það er þó bæði flókin og dýr aðgerð.

Fyrst og fremst er mikilvægt að hafa tvöfalt gler og passa að listar séu vel þéttir. Sé allt þetta í lagi og passað upp á að reglulega sé loftræst þá á vandamálið við raka og móðu í gluggum að heyra sögunni til. **steinthor@frettabladid.is**


pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
ENGIN MÁLNINGAVINNA
HVORKI FÚI NÉ RYÐ
FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
FALLEGT ÚTLIT
MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING
PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is



GÍTARINN HLJÓÐFÆRAVERSLUN
Opið: Mán-Fös: 10-18 Lau: 11-16
Þjóðlagagítar Kr. 13.900,-
Rafmagnsgítar Kr. 22.900,-
Farfisa Hljómborð Frá Kr. 4.900,-
Klassískur Gítar Kr. 12.900,-
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



GLUGGA LAUSNIR
Góð lausn fyrir gluggann
Hafðu samband og við komum heim til þín
Blinds 534 1300
www.gluggalausnir.is



allt tíska
Alla fimmtudaga



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



## RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SKRIFAR UM FUNKISMA

## Hvernig má þekkja funkishúsið?

Mikið endurnýjað einbýli ásamt tvöföldum bílskúr. Eldhús hefur allt verið tekið í gegn, ný innrétting úr kirsuberjavið, eldhústæki eru frá Bosch og Samsung, úr burstuðu stáli, gólf flísalagt. Stofa er stór, upptekið panilklætt loft. Parket á stofu og gangi er úr gegnheilli eik sem nýl. er búið að pússa upp og setja nýja gólflista. Grunnur er fyrir 24 fm sólstofu fyrir framan stofuglugga. Allt hefur verið endurnýjað á baðherb., steyptur sturtukl., upph. wc, vaskur ofan á borði og laus skápur, gólfið flísalagt. Gestasnyrting er í forstofu. 3 sv.herb., öll með góðum skápum og nýju plastparketi. **Verð 25.900.000.**

**TIL LEIGU**
Fallegt 80 fm. skrifstofuhúsn. á 2. hæð við Hlíðasmára, Kópavogi.

Gleðilegt ár

# Að kaupa rétta eign

***Þegar fasteign er keypt þarf að huga að mörgum atriðum og ekki er á allra færi að vera sérfræðingar í íbúðakaupum. Mestu máli skiptir er að láta skoða eignina áður en gengið er frá kaupum.***

Ekki hafa það að markmiði að finna íbúð á „útsölu". Kauptu það sem hentar þér og fjölskyldu þinni. Náðu þér í allar þær upplýsingar sem þú þarft á að halda. Ekki hika við að spyrjast fyrir um fasteignasöluna sem þú skiptir við og einnig byggingafyrirtækið ef um nýbyggingu er að ræða. Reyndu að komast að því hvernig nágrannarnir eru ef mögulegt er.

Ágætt er að hafa í huga að eignir sem eru í kringum fimmtíu ára gamlar eru margar hverjar komnar á tíma og kalla sífellt á viðhald sem getur verið kostnaðarsamt. Viðmiðunin er að hurðir og innréttingar endist í þrjátíu ár, húsgrindur í áttatíu til hundrað ár, gler og listar í tvo áratugi, bárujárn galvaniserað og húðað í fjörutíu ár, þakmálning í sjö ár og raflagnir, steyptar skolplagnir og heimæðar í um það bil fimmtíu ár.


Sumir kaupa íbúð á byggingarstigi.


Þegar kaup eru gerð á eign er lykilatriði að afla sér upplýsinga um allt sem tengist sölunni og láta fagmann skoða eignina.

Fáðu alltaf skoðun hjá reyndum og traustum skoðunarmanni. Eftir kaup á eigninni fellur ábyrgðin á eigandann. Á kaupandanum hvílir sú skylda að skoða eignina áður en gengið er frá kaupunum.

Galli sem kaupandi hefði átt að sjá við venjulega skoðun telst ekki vanefnd af hálfu seljanda og getur kaupandi því ekki beitt vanefndarúrræðum vegna slíks galla. Seljandi hefur vissulega upplýsingaskyldu sem felur í sér að láta vita um þá galla sem ekki eru sjáanlegir á eigninni. Aðrir gallar á eign sem ekki flokkast undir leynda galla af hálfu seljanda eru á ábyrgð kaupandans.

Ef þú gerir tilboð í eign án þess að hafa látið skoða hana skaltu setja fyrirvara á tilboðið um að leiði skoðun í ljós galla getir þú dregið tilboðið til baka. Á Norðurlöndunum er lögboðið að ástandsskoða vegna sölu. Ef skoðunarmaður verður var við meinta stóra galla kostnaðar metur hann þá og er sú upphæð dregin frá kaupverði.


Aðrir velja íbúð í rótgrónu hverfi.

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI




Aðeins 90 þ.kr. útborgun + yfirtaka 580 þ. (17 þ. pr. mán) Ford Focus STW árg. 4/2000. Ek. 138 þ. km. Sérstaklega gott viðhald og virkilega fallegt eintak. CD-spilari, fjarst. samlæsingar, þakbogar, smurbók frá upphafi o.fl. Upplýsingar hjá eiganda í s. 899 3715 og til sýnis og sölu hjá Heimsbílum Kletthálsi 2, 110 Rvk, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

### Bílar til sölu







**Áramótatilboð.**
Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í splunkunýja 2005 bíla og spara enn meira. 1 milljón kr. undir listaverði. Jeep Grand Cherokee 2005 með nýja laginu frá kr. 2.590.000! Valinn Jeppi ársins 2005 af bílablöðum í USA. Splúnkunýjir eða næstum nýjir, lítið eknir Jeep bílar langt undir markaðsverði. Útvegum einnig frá öðrum framleiðendum, t.d. Ford og Hummer. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán fæst á alla bíla frá Islandus.com. Sími 552 2000 www.islandus.com.

### 0-250 þús.



Til sölu MMC Lancer, ssk (nýupptekinn skipting). Sk. '06. V. 175 þ. S. 861 3790.

### 500-999 þús.



Til sölu mazda 626 árg. '98, 2000 cc, ek. 128 þús. Verð 750 þús. S. 698 0949.

Ford Focus station árg. 2000, ek. 75 þús., sjálfskiptur, grænn. Verð 850 þús. Uppl. í s. 867 4418.

### Bílar óskast

Vilt þú gefa mér bílinn þinn? Námsmaður óskar eftir mjööög ódýrum, helst ókeypis bíl. Sími 823 9058.

### Jeppar




**Áramótatilboð.**
Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í splunkunýja 2005 bíla á tombóluprís. Hafðu samband strax og fáðu áramótatilboð. Nýja eða nýlega jeppa færðu ódýrari hjá Islandus.com. Útvegum frá öllum helstu framleiðendum langt undir markaðsverði. Öflug þjónusta, allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bílauppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com.

### Pallbílar




Til sölu Ford 350 Super Duty Lariat Luxury árg. '05. Ek. 10 þús. Verð 3.690 þús. Sími 892 5195.

### Vörubílar

**ÖJ-Arnarsson www.trukkur.is**
Óskar viðskiptavinum sínum sem og landsmönnum velfarnaðar á nýju ári. Minni á nýja heimasíðu www.trukkur.is Fjöldi bíla og tækja á góðum verðum. Með kveðju Örn Johansen framkvæmdastjóri.

### Vélsleðar

Til sölu Lynx Racing 440 árg. 2003, í toppstandi. Verð 600 þús. Uppl. í s. 848 5571.

### Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

### Lyftarar







**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573

### Varahlutir




**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í Renault megane, Megane Coupe, Ford Focus, Suzusuki Baleno, Hyundai Accent, Getz, Daewoo Lanos. S. 568 6860.

### Viðgerðir




Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.


**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**Eitt símtal**



550 5000

## Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.

**Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!**

Létt 96,7 · Bylgjan 98,9 · Talstöðin FM 90,9 · vísir · FRÉTTABLAÐIÐ

**Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna**



**Fimm miðlar**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Microsoft kerfisstjóranámið fyrir MCP og MCSA próf hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186.

### Flug

Flugfélagið Geirfugl heldur bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst 9. jan. nk. Skráning á www.geirfugl.is eða í s: 511-5511

### Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

### Hestamennska

Til leigu hesthúsapláss í nýju húsi í Mosfellsbæ. Full hirðing. Uppl. í s. 862 7849.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440 m2 og þá fylgir til viðbótar 80 m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsíbúð á svæði 101 til leigu. Laus núna. Uppl. í s. 820 4546.

### Húsnæði óskast

Óskum eftir snyrtilegri 4ja herb. íbúð helst á svæði 101. Reglusöm, barnlaus, meðmæli. Uppl. í s. 692 1522. Stefán. (stefan@sole.is).

Par óskar e. íbúð á sv. 101-108, frá 1. feb'06. V. 50 þús. Skilvísum greiðslum heitið. S. 6950256.

34 ára karlmaður, óskar eftir 2ja herb. íbúð. Er í vinnu og námi. Sími 659 1063.

Hafnarfjörður! Ungt par vantar 2-3 herb. í búð strax! Reyklaus og reglusöm. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 699 4162.

### Atvinnuhúsnæði

**Til leigu við Skipholt Rvk.**
70 fm lagerhúsnæði. 126 fm iðnaðar/lagerhúsnæði. 254 fm skrifstofu/lagerhúsnæði. 350 fm skrifstofu.
**Upplýsingar í s. 822 5125.**

### Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt.is 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

### Bílskúr

Til leigu ca. 30 fm bílskúrar við Móhellu í Hafnafirði. Innifalið í leigu er rafm. og hiti. Heitt og kalt vatn, lagt fyrir 3ja fasa tengli. Hentar vel sem vinnuaðstaða eða geymslupláss. Leiga 30 þ. Uppl. í 892 5829.

## HEIMILIÐ

### Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Sælgætisgerðin Freyja óskar eftir starfsfólki við framleiðslu og pökkun. Vinnutími má-fi: 8.00-18.00, frí föstud. Nánari upplýsingar í símum: 825 2048 og 825 2047.

**Afgreiðslustarf**
Leita af fólki til afgreiðslustarfa í stóru skólamötuneyti. Áhugasamir hafi samband í síma 691 5976.

**Starfsfólk óskast.**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 897 4796 & 553 8890.**

Hive

**Hvar ert þú að vinna í vetur?**
Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma milli 18-22, mán-fim. Starfsmenn vinna 2-3 kvöld í viku og ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.
**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@hive.is.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

## FERÐIR

**Komdu með.....**
...til Utah í 10 daga skíða og skoðunarferð í mars 2006, fararstjóri Jón Jóel
...til Slóveníu í 10 daga ævintýraferð í maí, fararstjóri Jón Baldur
...til Bayern í 8 daga konunglega skemmtireisu í maí, fararstjóri Jón Baldur
... á Nürburgring í helgarferð á Formúluna í maíbyrjun, fararstjóri Jón Baldur.

Hámarksstærð hópa um 20 manns.
Nánari upplýsingar á www.isafoldtravel.is.
Ferðaskrifsstofan Ísafold, sími 544 8866.
**Litlir hópar – lifandi ferðir!**

ÍSAFOLD







**Varanlegt forskot**

SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal fólks undir 50 ára. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

**Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!**

57% 37% 20%

MEÐALLESTUR UNDIR 50 ÁRA
TÖLUR SKV. GALLUPKÖNNUN Í OKTÓBER 2005

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn!



Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is.

**Aðstoð í eldhús**
Tímabundið starf í janúar-febrúar vinnutími sveigjanlegur. **upplýsingar veitir leikstjórastjóri í síma 567-5970 Lilja Eyþórsd Klettaborg Dyrhamrar 5.**

**Starfsmaður óskast í skiltagerð**
Kröfur: Margmiðlunarfræðingur með góða kunnátta á Freehand, Illustrator, Corel Draw, og vefsíðugerð. Leitum að reykl., stundvísum og snyrtil. starfskrafti. Um er að ræða framtíðarstarf. Góð laun í boði. Þarf að getað byrjað strax. Áhugasamir sendi uppl. um nafn, heimili, kennitölu, síma, hjúskaparstöðu, mynd og fyrri störf til Fréttablaðsins merkt "Vinna 2006" eigi síðar en 5 jan. '06. **Ath. aðeins verður svarað þeim umsóknum sem skila inn umbeðnar upplýsingar.**

Er ekki einhver sem treystir sér til að ráða 65 ára gamalan mann í vinnu. Hef verið í ábyrgðarstöðu í áratugi. Reglusamur, stundvís, meirapróf. Einhverskonar húsvarsla mundi henta vel ásamt fleiru. Uppl. í s. 564 1559.

Sjómaður óskar eftir góðu plássi. Sími 868 0917.

**Hellu-og varmalagnir ehf.**
Óska eftir verkamönnum í hellulagnir og jarðvinnu. Góð laun í boði. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. **Upplýsingar í síma 892 1882 eða 893 2550.**

**Ræstingar.**
Óskum eftir starfsfólki í hluta eða fullt starf. Góð laun í boði. Vinsamlegast hafið samband í síma 557 7300 & 899 5770 **eða á email : spikkogspan@spikkogspan.is**

Smiðir eða smiðsvanir menn/konur óskast til starfa. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 891 9938.

**Bakarí**
Bakari óskast í bakarí Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 eða 820 7370.

**Bakarí**
Starskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí/kaffihús, Skipholti, hálfan daginn og annan hvern laugardag. Uppl. í s. 820 7370.

Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Einnig vantar þjóna í sal. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.

Óska eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastörf. Pizzubakstur og heimsendingar ásamt fleiru. Uppl. í s. 867 8899.

Kaffi Roma Rauðarárstíg vantar starfsfólk í fullt og hlutastarf frá janúar. Nánari uppl. á staðnum milli 10 og 14.

Framsækinn veitingastaður og bar með nýjar áherslur í miðbænum óskar eftir metnaðarfullu og lífsglöðu fólki til starfa í sal og á bar. Ef þú ert drífandi, sjálfstæð/ur og tilbúin(n) til að brosa í vinnunni hafðu þá samband í síma 860 1929 eða 696 3633 sem fyrst.

Óska eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu, 20 ára og eldra. Heimabíó Njálsgötu 49 s. 552 6620 milli 10 og 18.

**Bernhöfts bakarí**
Bernhöfts bakarí óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa. Uppl. veitir Sigurður í síma 551 3083 & 898 0550.

**Bifreiðastjórar ATH.**
IcelandExcursions Allrahanda, óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf til aksturs almenningsvagna, við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um. Um framtíðarstörf er að ræða. Upplýsingar gefur Rúnar í s. 540 1313 & 660 1303 eða runar@iea.is. **Icelandexcursions Allrahanda, er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja vera hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi .**

**Góð laun - Dagvinna.**
Starfskraft vantar sem fyrst í þjónustu á Kaffi Milanó Faxafeni 11. **Upplýsingar á staðnum. Ekki í síma.**

## Atvinna óskast

Útvegum pólskt starfsfólk. S. 894 7799, adam1@visir.is

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kötturinn okkar hann Lilli týndist þann 17. des. frá Bragagötu 33, 101 Rvk. Lilli er 8 mánaða, ógeldur og mjög stór eftir aldri (mun stærri en meðalstórir högnar). Hann er hvítur og grábröndóttur og er ómerktur. Hann er gæfur og forvitinn og gæti því hafa álpast inn einhversstaðar. Endilega látið vita ef þið hafið séð hann eða vitið eitthvað um hann. Jón Sæmundur, s. 845 6822 og 561 1721.

## Einkamál

EKKILL AF GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

# Hefur þú áhuga á því að gerast fósturforeldri?

*Ár hvert er fjöldi barna í þörf fyrir að eignast fósturforeldra. Barnaverndarstofa hefur milligöngu um þá ráðstöfun.*

Hafir þú áhuga á að taka börn í fóstur tímabundið eða varanlega vinsamlegast hafðu samband við starfsmann Barnaverndarstofu, Hildi Sveinsdóttur í síma 530 2600 og leitaðu nánari upplýsinga.

BHS

## Til nemenda Borgarholtsskóla

Upphaf skólastarfs í janúar 2006 verður sem hér segir:

### DAGSKÓLI:

**Miðvikudagur 4. janúar:**
Nemendur sæki stundaskrár kl. 11:00-13:00.
**Fimmtudagur 5. janúar:**
Kennnsla hefst hjá bílgreinanemendum í lotukerfi skv. stundaskrá
**Föstudagur 6. janúar:**
Kennsla annarra nemenda hefst skv. stundaskrá.

### SÍÐDEGISNÁM / KVÖLDSKÓLI

**Kennsla í síðdegisnámi (aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum og félagsliðabrú) hefst mánudaginn 9. janúar kl. 15.**

**Kennsla í kvöldskóla hefst mánudaginn 9. janúar kl 18:10.**

**Innritun í kvöldskóla er auglýst sérstaklega.**

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu 5351700 og á heimasíðu skólans www.bhs.is

Skólameistari

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR
! 90,9 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs nýs árs og þökkum viðskiptin á liðnu ári.
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind Kópavogi.**

Framkvæmdabókin 2006. Frábær skipulagsbók.
**Bókaverslanir.**

Útsalan í fullum gangi. Opið til átta.
**Ikea.**

Lokað í verslunum Nóatúns í dag vegna vörutalningar.
**Nóatún.**

Skiptibókamarkaður.
**Penninn-Eymundsson.**

Öðruvísi Vínartónleikar 8. janúar.
**Íslenska Óperan.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

KONUR HLUSTA
83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.
Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

## Kvöldskóli BHS vorönn 2006

bhs.is

Innritun í málmiðndeild kvöldskóla Borgarholtskóla verður eftirfarandi daga:

miðvikudag 4. janúar kl. 17 - 19
fimmtudag 5. janúar kl. 17 - 19
föstudag 6. janúar kl. 17 - 19
laugardag 7. janúar kl. 11 - 14

**Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir almennt bóknám og allar málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar,ss. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða. Þá er í boði allir áfangar í rennismíði, handa og plötuvinnu,ásamt aflvélavirkjun og áfangar fyrir pípulagnir og fl.**

| Bóklegt | Fagbóklegt | Teikningar | Verklegir áfangar | | Suður | Rennismíði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| DAN-102 | EFM-102 | CAD-103 | AVV-203 | *Vélfræði* | HSU-102 | REN-103 |
| EÐL-102 | IRB-253 | ITB 254 | AVV-103 | *Vélfræði* | HSU-202 | REN-203 |
| ENS-102 | RAF-113 | ITB-134 | HVM-103 | Handavinna | LSU-102 | REN-304 |
| ENS-202 | VFR-102 | ITB-154 | HVM-203 | Handavinna | LSU-202 | REN-404 |
| ENS-212 | VFR-212 | ITB-234 | PLV-102 | Plötuvinna | RLS-102 | REN-313 |
| FEL-102 | VHM-102 | ITM-114 | PLV-202 | Plötuvinna | RSU-102 | REN-413 |
| ÍSL-102 | VT152 | ITM-213 | VVR-112 | *Verklegar loftstýringar* | RSU-202 | VVR-123 |
| ÍSL-202 | VVR-103 | GRT-103 | VVR-122 | *Smíðar* | | |
| STÆ-102 | VVR-123 | GRT-203 | VVR-123 | Verkleg kælitækni | | |
| STÆ-122 | ÖRF-101 | TTÓ-102 | VVR-214 | *Dísel vél* | | |

**Kennsla hefst mánudaginn 9. janúar**

**Ath: Áfangar geta fallið niður ef ekki næst nægur fjöldi í hópa**

**Innritunargjald er kr. 14000. Verð á bóklega einingu er kr. 1500 og verklega einingu kr. 3000.**

**Sími: 535-1716 í málmdeild** **Heimasíða: www.bhs.is**

TOPPLAGNIR

# Píparar

**Vantar vana pípulagningamenn til starfa. Bæði er verið aðleita eftir mönnum, til nýlagna og viðhaldsvinnu.**

**Upplýsingar gefur Brynjar í síma, 698-8412**

salt
LOUNGE BAR & RESTAURANT

Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

**Við leitum að:**

- **Barþjónum**

**Við leitum að fólki í fullt og hlutastarf! Reynsla æskileg.**

Vinsamlegast hafið samband fyrir 15.01. 2006.

**Sigurlaug Lydia Geirsdóttir, veitingastjóri**
Lydia.Geirsdóttir@Radissonsas.com
Gsm: 822 9037

Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik
Sími: 599 1000
Fax: 599 1001

**1919.reykjavik.radissonsas.com**

## Atvinna í boði

Hamrafell ehf. í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki til almennra fiskvinnslustarfa.

Nánari upplýsingar í síma 565 0830 eða hamrafell@hamrafell.is
**Hamrafell ehf**

KÓPAVOGSBÆR

## Félagsráðgjafi

- **Hjá Fjölskyldudeild Félagsþjónustu Kópavogs er laus staða félagsráðgjafa.** Verksvið er einkum vinnsla fjárhagsaðstoðarmála og almenn félagsleg ráðgjöf.

Hjá Félagsþjónustu Kópavogs er lögð áhersla á skipulögð, markviss vinnubrögð, góða samstarfshæfileika og frumkvæði. Stofnunin leitast við að sinna símenntun meðal annars með þátttöku í námskeiðum er varða starfssvið viðkomandi aðila svo eitthvað sé nefnt.

Krafist er félagsráðgjafamenntunar. Reynsla af starfi innan málaflokksins er æskileg.

Laun eru skv. launasamningi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Launanefndar sveitarfélaga .

Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2006
Frekari upplýsingar gefur
Kolbrún Ögmundsdóttir,
yfirmaður fjölskyldudeildar
í síma 570-1400.

KÓPAVOGSBÆR

## Forstöðumaður lífeyrissjóðs

- **Starf forstöðumanns Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar er laust til umsóknar.** Um er að ræða 60% starf. Viðskiptamenntun, svo og reynsla af störfum í opinberri stjórnsýslu og/eða við umsýslu fjármuna eða af sambærilegum störfum er áskilin.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar
gefa bæjarritari og
starfsmannastjóri
í síma 570 1500.
Starfsmannastjóri

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

KÓPAVOGSBÆR

## FRÁ LINDASKÓLA

- **Starfsfólk óskast í Dægradvöl Lindaskóla, frá og með áramótum.**

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

Upplýsingar gefur
skólastjóri í
síma 554 3900
og 861 7100.

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

# LEIKSKÓLAR stúdenta

FS

**Félagsstofnun stúdenta á og rekur þrjá leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands.**

**Leikskólar stúdenta eru:**
**Efrihlíð** við Ægissíðu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
**Sólgarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára.
**Mánagarður** við Eggertsgötu. Fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára.

## Leikskólakennarar leiðbeinendur

Leikskólar stúdenta leita að glaðlegum og geðgóðum leikskólakennurum eða leiðbeinendum með brennandi áhuga á börnum. Um er að ræða bæði heilar stöður og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um Leikskóla FS er að finna á www.fs.is. Umsóknir skal senda á Stúdentamiðlun, Stúdentaheimilinu v/ Hringbraut, 101 Reykjavík. Ennfremur er hægt að sækja um starfið á www.studentamidlun.is **Umsóknarfrestur er til 10. janúar n.k.** Nánari upplýsingar veitir Rósa G. Þórsdóttir síma 5700 888.

**Félagsstofnun stúdenta** er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar innan Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla stúdenta rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og Stúdentamiðlun. Starfsfólk FS er um 100 talsins.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



MENNTASVIÐ – LEIKSKÓLAR

**Spennandi stjórnunarstarf í boði.**

## Aðstoðarleikskólastjóri í Hálsaborg

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Hálsaborg, Hálsaseli 27 sem er þriggja deilda leikskóli í Seljahverfi. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Berit Bae, þar sem virðing, sjálfræði og viðurkenning eru lykilhugtök.

Allar nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Ólöf Helga Pálmadóttir í síma 557-8360.

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun er áskilin
Hæfni og reynsla af stjórnun
Færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð vinnubrögð
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.

Staðan er laus til umsóknar. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 23. janúar nk.

Umsóknir sendist í leikskólann Hálsaborg, Hálsaseli 27. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitafélaga. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

Fræðsluskrifstofa Kópavogs

## Frá leikskólum Kópavogs

**Eftirfarandi stöður eru lausar við leikskóla Kópavogs, nú þegar. Um er að ræða heilar stöður og hluta stöður.**

- **Dalur:** Matráður
- **Núpur:** Matráður og leikskólakennari
- **Rjúpnahæð:** Deildarstjóri, leikskólakennari og þroskaþjálfi
- **Grænatún:** Sérkennslustjóri
- **Kópasteinn:** Leikskólakennari
- **Smárahvammur:** Leikskólakennari og leikskólakennari v/ sérkennslu
- **Efstihjalli:** Leikskólakennari og leikskólakennari v/ sérkennslu
- **Álfaheiði:** Leikskólakennari
- **Fífusalir:** Deildarstjóri og leikskólakennari
- **Arnarsmári:** Leikskólakennari
- **Fagrabrekka:** Sérkennslustjóri

Upplýsingar um leikskólana er að finna á heimasíðu Kópavogs ***www.kopavogur.is*** en þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð ( ***Job.is***).
Nánari upplýsingar um stöðurnar veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla.

*Fáist ekki leikskólakennarar í störfin verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinendur.*

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

# Farandsalar framtíðarinnar

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Umsækjendur þurfa að hafa almenn ökuréttindi, ásamt því að hafa bíl til umráða. Vinnutími er frá frá kl. 17-22 virka daga og frá kl 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515-6158 frá kl. 09-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Ræsting o.fl. á skrifst. félagsþj.
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut
- Félagsráðgjafi í fjölskyldudeild

**Framkvæmda- og tæknisvið**
- Tæknifræðingur/verkfræðingur

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Helgarvinna baðv/afgr. kvenna
- Hlutastarf baðvarsla kvenna

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**
- Danskennari 11 st. á viku
- Gangavörður/ræstir

**Hjallaskóli:**
- Skólaliði

**Kársnesskóli:**
- Dægradvöl
- Stuðningsfulltrúi

**Kársnesskóli íþróttahús:**
- Baðvarsla stúlkna

**Lindaskóli:**
- Dægradvöl, frá og með áram.
- Starf við gangavörslu, ræstingu og að fylgja nemendum í sund

**Salaskóli:**
- Heimilisfræðikennari 100% st

**Smáraskóli:**
- Stuðningsfulltrúi 50%
- Umsjónarkennari í 7. bekk

Nánari upplýsingar á: *www.kopavogur.is* og *www.job.is*



FJARSKIPTALAUSNIR | HUGBÚNAÐARLAUSNIR | REKSTRARLAUSNIR

# STARFSÞRÓUNARSTJÓRI SKÝRR HF.

Skýrr hf. leitar að öflugum stjórnanda til að veita Mannauðssviði fyrirtækisins forstöðu. Fyrirtækið sækist eftir orkumiklum og jákvæðum starfsþróunarstjóra til starfa, manneskju sem getur axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni.

Í boði eru góð laun og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi.

Skýrr er eitt stærsta upplýsingatæknifyrirtæki landsins. Starfsfólk Skýrr er samhentur 200 manna hópur færasta UT-fólks landsins, sem veitir fjölbreyttar lausnir og þjónustu og vinnur af kappi fyrir liðlega 2000 kröfuharða viðskiptavini.

Mannauðssvið er eitt af hinum fjórum stoðsviðum fyrirtækisins, en þau veita tekjusviðum þess fjölþætta og öfluga þjónustu. Starfið heyrir beint undir forstjóra.

### Starfslýsing
- Stefnumótun og mótun aðgerða í mannauðsmálum
- Símenntun og þjálfun starfsmanna
- Þjónusta og ráðgjöf við stjórnendur
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna
- Launavinnsla og samningar

### Hæfniskröfur
- Háskólamenntun – framhaldsmenntun í mannauðsstjórnun æskileg
- Haldbær reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Skemmtilegt viðmót og mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hreinn Jakobsson (hreinnj@skyrr.is), forstjóri Skýrr hf. Fullum trúnaði er heitið. Eyðublað fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr. Umsóknarfrestur er til 6. janúar 2006.

skyrr.is / 569 5100

Skýrr

Fíton/SÍA



FISK

# Vélstjóri

Vélstjóri óskast á frystitogarann Arnar HU 1
Umsækjandi þarf að hafa VF1 réttindi
Upplýsingar í síma 825 4417
Umsóknum skal skila á netfangið
joningi@fisk.is



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá



## GILJASKÓLI

**Giljaskóli hóf starf sitt 1995 í húsnæði leikskólans Kiðagils en eftir nokkrar hrakfarir í húsnæðismálum flutti skólinn í fyrsta hluta núverandi skólabyggingar sinnar 1998. Fyrst um sinn var rúmt um nemendur en á aðeins tveimur árum fylltist skólinn svo brugðið var á það ráð að fá þrjár stakar kennslustofur. Haustið 2002 var skólinn loks fullbyggður, 4.500 fermetrar auk íþróttahúss, svo ekki væsir um nemendur Giljaskóla í dag. Á tíu árum hefur fjöldi nemenda Giljaskóla nær tífaldast. 1995 voru nemendur 44 og bekkjardeildir 2 en nú eru bekkjardeildirnar orðnar 10 og nemendur 407.**
**Núverandi skólabyggingu Giljaskóla teiknaði Fanney Hauksdóttir.**

DRAUMAHÚSIÐ MITT HULDA BJÖRK Á SÉR DRAUMAHÚS VIÐ HAFIÐ

# *Vill fá dagsbirtuna inn um þakið*

Mig langar alveg ofboðslega að eignast hús með stórum frönskum hurðum sem opnast úr eldhúsi út í garð – franskar hurðir eru með litlum rúðum, alveg ótrúlega fallegar. Ég kynntist því þegar ég bjó í London að hafa slíkar hurðir og það var alger draumur," segir Hulda Björk glaðlega og heldur síðan áfram. „Ef ég leyfi mér nú að fara alveg í mína villtustu dagdrauma þá sé ég fyrir mér hús með svoleiðis hurðir ná næstum yfir heilan vegg og hinir veggirnir væru bara venjulegir. Svo væri glerþak til að hleypa allri dagsbirtunni inn. Ég vildi helst byggja þetta hús við hafið þar sem ég heyrði ekkert nema náttúruhljóð," segir söngkonan og er afar dreymandi í málrómnum.



Hulda Björk elskar franskar hurðir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*




*þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisisins.



Bæta á við áhorfendastúkum á Laugardalsvellinum.

# Nýjar áhorfendastúkur

***Húsnæði og stúkur munu rísa í Laugardal en ÍSTAK sér um framkvæmdir.***

Samið hefur verið um framkvæmdir við íþróttasvæðið í Laugardal. Knattspyrnusamband Íslands fékk ÍSTAK til verksins en áætlað er að reisa hús við vesturhlið núverandi bygginga við Laugardalsvöll ásamt nýjum áhorfendastúkum.

Húsið verður um 800 fermetrar að grunnfleti en þar verður kjallari auk þriggja hæða. Á efstu tveimur hæðum eru áætlaðar skrifstofur og fræðslumiðstöð í eigu KSÍ. Nýjar áhorfendastúkur, 1000 fermetrar hvor, rísa beggja vegna við núverandi áhorfendastúku. Framkvæmdir að uppgreftri er lokið. ■



Ás, Sólvallagötu 23, Reykjavík.

# Leiðrétting

Í Fasteignablaði Fréttablaðsins þann 19. desember var einn af íbúum hússins Áss við Sólvallagötu rangnefndur.

Dýralæknirinn sem þar bjó hét Ásgeir Ó. Einarsson en ekki Ásgeir L. Jónsson. Aðstandendur og aðrir lesendur eru beðnir velvirðingar á mistökunum. ■



# Breytum viðhorfum til leikskólakennara

UMRÆÐAN
LEIKSKÓLAR



SIGRÚN L. ÓSKARSDÓTTIR

*Hugsið ykkur ef tvítugur sonur ykkar kæmi nú til ykkar, loksins búinn að finna köllun sína í lífinu og segir: „Ég ætla að verða leikskólakennari.“ Eins og staðan er núna borgar sig fyrir ykkur að letja hann frá því að fara í háskóla til að læra fyrir það starf.*

Þann 27. desember síðastliðinn birtist grein í Morgunblaðinu eftir skólasystur mína, Svövu Björg Mörk, um verðleika menntunar okkar, leikskólakennaramenntunina. Mig langar að skoða nánar hversu mikilvægt er að þessi menntun sé metin að verðleikum í samfélaginu og hvernig við förum að því að auka virðingu almennings á henni.

Það er okkur öllum ljóst að mikilvægt er að hafa vel menntað fagfólk innan leikskólanna. Leikskólarnir gegna því hlutverki að ala upp kynslóðir framtíðarinnar, þar með talið ráðherra og jafnvel forseta. Því er nauðsynlegt að leikskólakennarar hafi sjálfsvirðingu, þol og þrek til að sinna því starfi. Þetta næst meðal annars með því að launin séu í samræmi við menntun starfsmanna og það álag sem á þeim hvílir dagsdaglega.

Sjálfsvirðing mín hefur farið hríðminnkandi frá því ég hóf námið. Í lokaritgerðinni minni fjallaði ég um viðhorf til leikskólakennara og sagði þar m.a.: „Ég hóf námið af eldmóði, yfir mig glöð að hafa tekið ákvörðun og að hafa loksins fundið nám við mitt hæfi. Fljótlega fór ég að finna fyrir viðbrögðum umhverfisins við vali mínu á háskólanámi. Fólk spurði mig hvort ég vissi ekki hver launin væru og hvað ég ætli svo að gera, hvort ég ætli „bara“ að fara að vinna í leikskóla.“ Þessi viðbrögð frá samfélaginu hef ég ítrekað orðið vör við eftir að námi mínu lauk og hafa þau orðið til þess að ég nú sit ég uppi með minnimáttarkennd auk námslána á bakinu.

Viðhorf til leikskólans virðast blendin. Leikskólinn er viðurkenndur sem nauðsynlegur skóli fyrir börnin okkar en á sama tíma er ekki skynsamlegt með tilliti til launanna að velja sér hann sem starfsvettvang. Hugsið ykkur ef tvítugur sonur ykkar kæmi nú til ykkar, loksins búinn að finna köllun sína í lífinu og segir: „Ég ætla að verða leikskólakennari.“ Eins og staðan er núna borgar sig fyrir ykkur að letja hann frá því að fara í háskóla til að læra fyrir það starf. Betur kæmi út fyrir hann að fá sér vinnu strax og vegna nýjustu samninga starfsmanna í Eflingu stéttarfélagi þá margborgar sig fyrir hann að flytja bara til Reykjavíkur ef þið eruð utan af landi.

Til þess að auka sjálfsvirðingu leikskólakennarastéttarinnar er nauðsynlegt að viðhorf til hennar séu jákvæð. Þetta hefst með mannsæmandi launum. Ekki bara háum launum heldur launum sem hvetja fólk með metnað til starfsins.

Að lokum hvet ég leikskólakennara til að bera höfuðið hátt og spyrna gegn minnimáttarkenndinni. Líta stolt á nám sitt og starfvettvang, láta í sér heyra í samfélaginu og segja hátt: „Ég er leikskólakennari.“

*Höfundur er leikskólakennari.*

GARÐAR H. BJÖRGVINSSON
SKRIFAR UM RÉTTARFAR

# Íslenskir dómar

Náttúruverndarsamtökin Framtíð Íslands voru stofnuð 1996. Markmiðið er verndun hafsbotnsins og lífríkisins á landgrunni Íslands. Nú hafa samtökin ákveðið að færa út kvíarnar og hefja afskipti af dómskerfinu á Íslandi að gefnu tilefni. Grein Gunnars D. Ólafssonar ( www.sus.is) í Blaðinu 22. desember vakti athygli mína á réttmæti dóma almennt. Nú er það svo.

Undirritaður hefur átt í samskiptum við Hæstarétt Íslands og margrætt þar um það atriði hve lífsnauðsynlegt það er að þjóðin geti borið fullt traust til dómstóla og réttarkerfisins. Þannig er nú ástatt fyrir mér, sjálfum framkvæmdastjóra Framtíðar Íslands, sem einnig er bátasmiður, að nýsmíðuðum bát var stolið af mér ógreiddum að fullu á sínum tíma, og siglt frá Hafnarfirði til Ólafsvíkur.



GARÐAR H. BJÖRGVINSSON

Þrátt fyrir endalausar tilraunir til þess að fá réttlætinu fullnægt í þessu máli þá hefur tekist að flækja því fram og til baka með lagalegum klækjum til þessa en nú er boltinn hjá Hæstarétti varðandi það hvort um endurupptöku verður að ræða eða ég sit uppi með tap minnar unnu vinnu og óbætanlegt tjón fyrir mig og Framtíð Íslands.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Framtíðar Íslands.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


**ROPE YOGA**

*Gleðilegt nýtt ár !*

Námskeið í Mosfellsbæ
Kennari: Gunnlaugur B. Ólafsson

Upplýsingar og skráning
í síma **699-6684** og **566-8587**

**MANNRÆKTIN**

**ATORKA**

**www.man.is**




Búlgaría
Rúmenía - Búlgaría
Ungverjaland - Serbía - Búlgaría
Kína
Pétursborg
„Gamla“ Júgóslavía
Bled
Perlur Króatíu
Suður-Ameríka
Suður-Afríka
Austurríki - Ítalía
Ítalska rivíeran
Dónársigling
Ítölsku alpavötnin
Perlur Ítalíu
Gardavatn
Gönguferðir
- Slóvenía
- Cinque Terre
- Króatía
Glæsisiglingar









# Glæsilegar sérferðir
## Heimsferða 2006

Heimsferðum er sérstök ánægja að kynna sérferðir sínar árið 2006. Framboðið hefur aldrei verið glæsilegra en í ár þar sem farið er til 4 heimsálfa. Einstakar ferðir til Suður-Ameríku og Suður-Afríku eru meðal nýjunga í ár ásamt stórkostlega spennandi ferðum um nýjar slóðir í Evrópu, m.a. til Búlgaríu, Rúmeníu, Rússlands og „gömlu“ Júgóslavíu. Einnig bjóðum við 2 frábærar Kínaferðir, 6 lúxussiglingar, auk spennandi gönguferða og annarra ferða sem bjóða þér ævintýri, upplifanir og ógleymanlegar minningar.






**Heimsferðir óska þér og þínum góðrar ferðar hvert sem leiðin liggur á árinu 2006.**

*Kynntu þér glæsilegan sérferðabækling okkar á*
*www.heimsferdir.is*

**Sérferðadagatal 2006**

| | | |
|---|---|---|
| **Apríl** | | |
| 23. apríl | Kína | 15 dagar (13 nætur) |
| **Maí** | | |
| 6. maí | Vor í Pétursborg | 4 |
| 8. maí | Ungverjaland - Serbía - Búlgaría | 10 |
| 17. maí | Fjallaperlan Bled | 7 |
| 17. maí | Vorsigling um Miðjarðarhaf | 14 |
| 24. maí | Cinque Terre - gönguferð | 7 |
| 25. maí | Búlgaría – menning, saga, rósailmur | 7 |
| 31. maí | Cinque Terre - gönguferð | 7 |
| 31. maí | Ítalska rivíeran | 7 |
| **Júní** | | |
| 7. júni | Glæsisigling um Eyja- og Adríahafið | 14 |
| 21. júní | Perlur Króatíu | 7 |
| 22. júní | Austurríki - Ítalía | 12 |
| **Júlí** | | |
| 8. júli | Lúxussigling um norsku firðina | 8 |
| 26. júlí | Ítölsku alpavötnin | 7 |
| 26. júlí | Króatía - gönguferð | 7 |
| **Ágúst** | | |
| 1. ágúst | Sigling á Dóná | 14 |
| 2. ágúst | Fjallaperlan Bled | 7 |
| 9. ágúst | Perlur Ítalíu | 14 |
| 23. ágúst | Töfrar „ gömlu Júgóslavíu“ | 14 |
| 25. ágúst | Lúxussigling um Eystrasaltið | 9 |
| 30. ágúst | Slóvenía - gönguferð | 7 |
| 30. ágúst | Gardavatn | 7 |
| 31. ágúst | Búlgaría – Rúmenía | 14 |
| **Sept.** | | |
| 6. sept. | Töfrar Miðjarðarhafsins | 14 |
| 6. sept. | Cinque Terre - gönguferð | 7 |
| 6. sept. | Slóvenía - gönguferð | 7 |
| 6. sept | Króatía - gönguferð | 7 |
| 13. sept. | Slóvenía - gönguferð | 7 |
| 13. sept. | Gersemar Miðjarðarhafsins | 14 |
| 13. sept. | Cinque Terre - gönguferð | 7 |
| **Okt.** | | |
| 17. okt. | Kína | 17 dagar (15 nætur) |
| **Nóv.** | | |
| 1. nóv | Ævintýri í Suður-Ameríku | 19 dagar (16 nætur) |
| 19. nóv. | Ævintýri í Suður-Afríku | 12 dagar (10 nætur) |

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is**

# Hugmyndir um betri Háskóla

**UMRÆÐAN**
HÁSKÓLI ÍSLANDS



**ANDRI HEIÐAR KRISTINSSON OG ÞORGEIR ARNAR JÓNSSON**

*Einn af útgangspunktum hópsins var að umfjölluninni og hugmyndunum yrði ekki leyft að snúast eingöngu um hugsanlega upptöku skólagjalda við skólann enda eru þau vandamál sem blasa við hinum almenna nemanda á hverjum degi, of mikilvæg til að falla í skuggann af eilífu þrasi um fjármál.*

Með hækkandi menntunarstigi þjóðarinnar hefur mikilvægi háskólanáms aukist mikið undanfarin ár, og kemur það einna skýrast fram í þeirri miklu fjölgun sem orðið hefur á háskólanemum á Íslandi síðustu ár. Háskóli Íslands finnur fyrir þessu og augljóst að ekki er auðvelt fyrir stofnun af slíkri stærð að bregðast við svo örum breytingum. Því er mikilvægt að allir sem skólanum tengjast leggi sitt af mörkum svo hægt sé að gera Háskólann að eins góðum vinnustað og mögulegt er, bæði fyrir starfsfólk og nemendur.

Hópur Vökuliða tók sig saman í vor og lagði út í vinnu við að meta stöðu HÍ og skoða hvernig hægt er að bæta starf Háskólans, ekki hvað síst það sem snýr að nemendum. Einn af útgangspunktum hópsins var að umfjölluninni og hugmyndunum yrði ekki leyft að snúast eingöngu um hugsanlega upptöku skólagjalda við skólann enda eru þau vandamál sem blasa við hinum almenna nemanda á hverjum degi, of mikilvæg til að falla í skuggann af eilífu þrasi um fjármál. Þessi vandamál fela oftar en ekki í sér einfaldar lausnir. Í þessari grein verður farið lauslega yfir nokkrar af þeim hugmyndum sem hópurinn vann úr og gaf út í skýrslu undir titlinum „Frumkvæði til framfara“.

**Einingar fyrir kennslu**

HÍ stendur sig vel í ýmsum deildum við að halda nemendahópum fámennum og auka þannig nánd milli nemenda og kennara, en í sumum af stærri deildunum bitnar stærð hópa á þeirri kennslu sem þar fer fram. Helsta ástæðan fyrir þessu er sú að í reiknilíkani Háskólans er innbyggður hvati fyrir mjög fjölmenn námskeið með fáum kennurum, þar sem kennslan byggist eingöngu á fyrirlestrum og námsmatið er aðeins í formi 100% lokaprófs. Það er sérstaklega mikilvægt í slíkum námskeiðum að geta boðið uppá umræðutíma og/eða verkefnatíma til að brjóta hópinn upp og bjóða hverjum og einum nemenda uppá námsvænna umhverfi og aukna örvun.

Við teljum að til að bæta úr þessu gæti skólinn boðið meistara- og doktorsnemum greiðslu í formi eininga, í staðinn fyrir að greiða nemendum fyrir slíka kennslu með peningum. Um sameiginlegan ávinning væri að ræða þar sem hægt yrði að bjóða nemendunum upp á persónulegri og gagnvirkari kennslu en fyrirlestraformið gefur kost á, um leið og meistaraneminn lærir að miðla efninu til annarra.

**Próftöflur tilbúnar við skráningu – aukin fjárframlög?**

Í Háskóla Íslands skrá stúdentar sig í námskeið á vorin og við skráningu er ekki vitað hvenær lokapróf eru haldin í viðkomandi námskeiði. Það er ekki fyrr en um tveimur mánuðum fyrir lokapróf sem nemendum eru birtar próftöflur. Þetta gerir það að verkum að nemendur lenda oft í þungum prófum dag eftir dag eða jafnvel tvisvar á dag sem leiðir of oft til þess að nemendur segja sig úr einu af prófunum. Þá verður Háskólinn af dýrmætu kennsluframlagi frá ríkinu fyrir þann nemanda og er þarna um verulegar fjárhæðir að ræða. Það hefur sýnt sig að erlendir háskólar, bæði stærri og minni en Háskóli Íslands, geta auðveldlega birt próftöflur fyrir skráningar í námskeið. Í því fælist hagræði fyrir bæði stjórnsýsluna og nemendur sjálfa, sem gætu skipulagt nám sitt með skilvirkari hætti.

**Framkvæmdastjórastaða við deildir Háskólans**

Stjórnkerfi Háskóla Íslands á að vera í stöðugri endurskoðun. Í dag er kerfið byggt á svonefndri jafningastjórnun en með því fyrirkomulagi eru æðstu ákvarðanir deilda á hendi deildarfundar, sem einnig kýs sér deildarforseta. Við teljum réttara að skilja á milli akademískrar ábyrgðar og rekstrurs deilda þannig að þessir þættir væru ekki á ábyrgð sama aðilans. Deildarforsetar yrðu þá akademískir leiðtogar innan deildarinnar en faglega ráðinn framkvæmdastjóri myndi sjá um rekstur og fjármögnun. Slíkur framkvæmdastjóri yrði ráðinn til frambúðar, en ekki í stuttan tíma eins og deildarforsetar, og myndi vinna náið með kjörnum deildarforseta hverju sinni. Einnig mætti vel hugsa sér að ráðinn yrði sameiginlegur framkvæmdastjóri deilda á svipuðum sviðum. Með því að akademískir starfsmenn þyrftu ekki lengur að hafa áhyggjur af daglegum rekstri deildanna yrði stigið mikið framfaraspor í átt að betri skóla.

**Stúdentaráð vaktar Þjóðarbókhlöðuna**

Þjóðarbókhlaðan er besta lesaðstaða sem Háskóli Íslands býður sínum nemendum uppá. Nemendur við skólann eru um 90% gesta safnsins. Margir dvelja þar löngum stundum og í próftíð er lesaðstaðan því sem næst fullnýtt. Hins vegar hefur reynst erfitt að tryggja opnunartíma safnsins um kvöld og helgar, þrátt fyrir að fulltrúar bæði safnsins og skólans segist fylgjandi rýmri opnunartíma; fjárskortur skólans virðist standa í vegi fyrir samningum. Ein hugmynd að lausn er að Stúdentaráð manni vaktir í sjálfboðavinnu á safninu á kvöldin og um helgar og komi þannig tvennu til leiðar: auka möguleikann á enn rýmri opnunartíma og lækka launakostnað safnsins; gæti sá sparnaður nýst við endurnýjun tækjakosts, bókakaup og fleira.

Skýrslu sem við tókum saman um þessar hugmyndir og fleiri má nálgast inn á heimasíðu Vöku, www.vaka.hi.is. Við vonum að þessar hugmyndir verði innlegg í þá umræðu sem á sér stað um Háskóla Íslands um þessar mundir.

*Höfundar eru félagar í Vöku, félagi lýðræðissinnaðra stúdenta.*












# Þróun og breyting á fæðingarþjónustu á kvennasviði LHS

**UMRÆÐAN**
KVENNASVIÐ LHS



**MARGRÉT I. HALLGRÍMSSON OG REYNIR TÓMAS GEIRSSON**

*Markmið með breytingum og þróun þjónustunnar nú eru að nýta aðstöðu Hreiðursins betur fyrir fleiri konur og útvíkka og þróa þá góðu reynslu sem fengist hefur af MFS-starfseminni við eðlilegar fæðingar.*

Fæðingarþjónusta á höfuðborgarsvæðinu hefur verið nær óbreytt síðustu tíu ár. Fæðingardeild Landspítalans var í byrjun síðasta áratugar, eins og nú, stærsti fæðingarstaður landsins með 2.500 til 2.800 fæðingar á ári. Fæðingarheimilið var sameinað fæðingardeildinni 1994 og lokað endanlega 1995. Þar höfðu verið 300-500 fæðingar síðustu árin. Á þessum tíma var víða í nágrannalöndunum verið að koma á nýju þjónustuformi til að tryggja að konur hittu í sem mestum mæli einn eða tvo aðal umsjónaraðila (ljósmóður og heimilislækni eða fæðingarlækni) í mæðraverndinni, í fæðingunni og sængurlegu.

Þessu var ábótavant hér, því konur sáu oft óþarflega margt fagfólk í mæðraverndinni og enn aðra þegar kom að fæðingu og sængurlegu, sem oft var 4 til 6 sólarhringa á spítalanum eftir eðlilega fæðingu. Til að bæta úr þessu var árið 1994 stofnuð lítil eining við Landspítalann sem fékk nafnið MFS, en það vísaði til þess markmiðs að veita sem mest samfellda þjónustu ljósmæðra og eftir atvikum fæðingarlækna í meðgöngu, fæðingu og sængurlegu (MFS). Sex ljósmæður störfuðu við þessa einingu og var talið að þær gætu sinnt um 200 konum á ári.

Þessi nýja þjónusta varð strax vinsæl og svaraði að miklu leyti þáverandi þörf fyrir fleiri þjónustuform í mæðravernd og við fæðingar. Sængurlegan var stytt í einn til tvo sólarhringa og lögð áhersla á að heilbrigðar konur eftir eðlilega fæðingu kæmust sem fyrst heim í umsjá sömu ljósmæðra fyrstu vikuna eftir fæðinguna. Forsenda þess var nýr þjónustusamningur um heimaþjónustu ljósmæðra við Tryggingastofnun. MFS-einingin var tvöfölduð nokkrum árum seinna og einni af deildum kvennasviðsins gjörbreytt til að skapa aðstæður sem urðu í senn heimilislegar og fjölskylduvænar. Þessi nýja deild, Hreiðrið, var smám saman opnuð fyrir stutta sængurlegu eftir allar eðlilegar fæðingar, ef foreldrarnir óskuðu eftir að vera þar. Þetta hefur verið vinsæll kostur. Hins vegar hafa þar nær einungis fætt konur sem hafa verið í MFS-einingunni.

Nú þiggja yfir 60 prósent allra fæðandi kvenna heimaþjónustu og dvelja aðeins einn til tvo sólarhringa á spítala. Mæðravernd hefur færst í vaxandi mæli til heilsugæslunnar. Á nær öllum heilsugæslustöðvum starfa nú saman ljósmæður, heimilislæknar og hjúkrunarfræðingar og þar er lögð áhersla á að konur fái samfellda þjónustu sem tengist ungbarnavernd í heilsugæslunni. Mikilvægur þáttur í samfelldri þjónustu er að heilbrigðisstarfsmenn vinni að sameiginlegu markmiði og að fræðsla og upplýsingar séu ekki misvísandi. Hugmyndin um samfellt þjónustuform í barneignaferlinu hefur nú teygt sig frá kvennasviði Landspítalans til heilsugæslunnar og til baka. Með því móti hafa skapast forsendur til að láta þjónustuna ná til mun fleiri kvenna, en ekki aðeins þess hóps kvenna sem MFS annaði (300-350 konur/ár). Stjórnendur á kvennasviði Landspítalans hafa oft fengið athugasemdir frá konum sem sótt hafa mæðravernd á „sinni“ heilsugæslustöð, um að óeðlilegt sé að ákveðinn hópur kvenna (sem eru í MFS) séu þær einu sem geti fætt í Hreiðrinu. Af þessum sökum er nú eðlilegt er að endurskoða þjónustuna og útfæra hana þannig að samfelld og fjölskylduvæn þjónusta verði að leiðarljósi í barneignarferlinu.

Á kvennasviði LSH er veitt fjölbreytt þjónusta fyrir þungaðar og fæðandi konur. Oft þarf ýmis sérstök úrræði fyrir konur með áhættuþætti eða veikindi í meðgöngunni, en reynt er að koma í sem mestum mæli til móts við óskir konunnar (foreldranna). Minna má á þá valkosti sem eru í ágætri fæðingaraðstöðu á heilbrigðisstofnunum í nágrannabyggðunum (Keflavík, Selfossi og Akranesi) sem sumar konur af höfuðborgarsvæðinu notfæra sér. Stutt er frá þessum stöðum á LSH ef þörf verður á viðbúnaði og aðstöðu sem þar er stöðugt til reiðu. Þá fæða um 30 konur heima á hverju ári. Með þessu sýnist vera vel séð fyrir fæðingarvalkostum á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorni landsins, auk þess sem fæðingardeildin á Landspítala-háskólasjúkrahúsi sinnir konum hvarvetna að af landinu. Bæta þarf aðstöðu kvenna sem þurfa sérstakt eftirlit á fæðingardeildinni. Við það að opna Hreiðrið meira fyrir eðlilegar fæðingar skapast svigrúm til þess.

Markmið með breytingum og þróun þjónustunnar nú eru að nýta aðstöðu Hreiðursins betur fyrir fleiri konur og útvíkka og þróa þá góðu reynslu sem fengist hefur af MFS-starfseminni við eðlilegar fæðingar. Með fyrirhuguðum breytingum má gera ráð fyrir að allt að 700 konur geti fætt í Hreiðrinu og með tímanum enn fleiri. Samhliða verður stofnað til enn nánara samstarfs milli Heilsugæslunnar og kvennasviðs LSH. Þannig verður vonandi hægt að koma betur til móts við óskir kvenna með ólíkar þarfir og bæta aðstöðu fyrir konur og fjölskyldur þeirra á kvennasviði LSH.

*Höfundar eru sviðsstjórar á kvennasviði (Kvennadeild) Landspítala-háskólasjúkrahúss.*


Mazda6 MPS
Verð 3.390.000 kr.

# Við erum Mazda


Mazda2
Væntanlegur


Mazda3
Verð frá 1.690.000 kr.

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavina Mazda liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.

**Við erum Mazda á Íslandi.**


Mazda5
Verð 2.190.000 kr.


Mazda6
Verð frá 2.190.000 kr.

Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.

**Við seljum Mazda nú þegar.**
Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.


Mazda MX-5
Væntanlegur

**Veldu annan stíl. Vertu Mazda.**
Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.


Mazda RX-8
Verð 3.290.000 kr.

***Vertu Mazda.***
***Mazda er á öruggum stað.***
***Komdu í Brimborg.***

## Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

*Greitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.mazdabrimborg.is**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**JOHANN KASPAR LAVATER (1741-1801) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Sá sem sjaldan mælir en getur með einu vel tímasettu orði gert þá málglöðu orðlausa er snillingur eða hetja.“*

***Johann Kaspar Lavater var þýskt skáld og guðfræðingur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 2. JANÚAR 1971

## *Knattspyrnuhörmung á Ibrox Park*



Á þessum degi árið 1971 létust 66 knattspyrnuáhugamenn þegar hindranir á vellinum Ibrox Park í Glasgow gáfu sig um leið og þúsundir áhorfenda yfirgáfu íþróttaleikvanginn eftir leik liðanna Celtic og Rangers. Talið var að slysið sem varð í tröppum nr. 13 hefði orðið þegar áhangendur Rangers yfirgáfu leikinn þar sem þeir töldu ljóst að leikurinn væri tapaður.

Jimmy Johnstone hafði skorað fyrir Celtic þegar aðeins ein mínúta var eftir af leiknum en Colin Stein tókst að jafna fyrir Rangers í uppbótartíma og upphófust mikil fagnaðarlæti í stúkunni.

Rannsókn leiddi í ljós að fólk tróðst undir vegna þess gríðarlega mannfjölda sem reyndi að komast aftur inn á völlinn. Þegar fólk fór að detta olli það keðjuverkun sem leiddi til þess að 66 lágu í valnum. Aðeins ein kona var meðal hinna látnu.

Þetta er versti harmleikur í sögu skoska fótboltans og aðeins atvikið á Hillsborough er verra í sögu breska boltans.

## MERKISATBURÐIR

**1492** Konungsríkið Granada fellur í hendur herja Ferdinands V Spánarkonungs og Isabellu drottningar.

**1871** Stöðulög eru sett. Þar er kveðið á um að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum.

**1884** Saumakona á Ísafirði verður fyrsta konan til að kjósa til bæjarstjórnar.

**1899** Kristilegt félag ungra manna, KFUM, er stofnað í Reykjavík.

**1958** Óperusöngkonan Maria Callas gengur af sviði á stórtónleikum í Rómaborg eftir aðeins eitt lag. Margir töldu að hin skapstygga díva hefði farið í fýlu.

**1998** Fyrsti starfsdagur nýs háskóla, Kennaraháskóla Íslands.

## AFMÆLI



Halldór Hermannsson, skipstjóri á Ísafirði, er 71 árs.



Björgólfur Guðmundsson athafnamaður er 64 ára.



Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, er 53 ára.

Pjetur Sævar Hallgrímsson, kaupmaður í Neskaupstað, er 52 ára.



Jón Gnarr, skemmtikraftur og pistlahöfundur, er 38 ára.



Kjartan Sveinsson, tónlistarmaður í Sigur Rós, er 27 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1699** Osman III soldán af Tyrklandi.

**1885** Gísli Ólafsson skáld frá Eiríksstöðum.



**1912** Renato Guttuso, ítalskur listmálari.



**1920** Isaac Asimov, vísindaskáldsagnahöfundur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

BJÖRN FRIÐRIK BRYNJÓLFSSON: NÝR AÐSTOÐARMAÐUR SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

# Kynntust við lundaveiðar



**BJÖRN FRIÐRIK BRYNJÓLFSSON** Segir Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra til algjörrar fyrirmyndar og getur ekki hugsað sér betri yfirmann. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Mér líkar gríðarlega vel í nýja starfinu og raunar betur og betur með hverjum deginum sem líður,“ segir Björn Friðrik Brynjólfsson, sem nýlega tók við starfi aðstoðarmanns Einar Kr. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra. Þó að Björn Friðrik sé lærður stjórnmálafræðingur hefur hann ekki komið nærri stjórnmálum fyrr um ævina, utan að fjalla um þau í frétta- og dagskrárgerð hjá Ríkisútvarpinu þar sem hann vann áður. Hann fylgir þó Sjálfstæðisflokknum að málum og dregur ekki dul á að hafa kosið hann í gegnum árin.

En í hverju ætli nýja starfið felist? „Þetta er gríðarlega víðfeðmt en eins og starfsheitið felur í sér felst það fyrst og fremst í að aðstoða ráðherrann eftir fremsta megni og sinna svo öðrum verkefnum í ráðuneytinu,“ segir Björn Friðrik.

Hann lætur vel af samstarfsmönnum sínum en viðurkennir um leið að hann sakni svolítið gamalla samstarfsmanna sinna úr Ríkisútvarpinu. Og hann fer ekki leynt með ánægju sína með Einar Guðfinnsson. „Hann er til algjörrar fyrirmyndir í hvívetna, ég gæti ekki hugsað mér betri yfirmann,“ segir Björn og hlær.

Leiðir Björns og Einars lágu fyrst saman í Grímsey á Steingrímsfirði og kynnin þar urðu til þess að Einar bað Björn að aðstoða sig þegar hann varð ráðherra í haust. „Þannig er að Einar hefur veitt lunda í Grímsey á Steingrímsfirði til teknahelgi á ári um árabil. Fyrir rúmum átta árum kynntist ég konu frá Hólmavík og hef veitt lunda í þeirri sömu Grímsey síðan, þessa sömu helgi og Einar. Við kynntumst því þar og höfum hist þar einu sinni á ári síðan,“ segir Björn, sem vill ekki skera úr um hvor þeirra sé lunknari við lundaveiðarnar.

Björn ólst upp á Húsavík og varði sumrum í sveit hjá afa sínum og ömmu í Kelduhverfinu og þangað fór hann í jólaleyfinu. ■



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, systur og fósturdóttur,*

**Ólafar Guðjónsdóttur**
Flúðaseli 90, Reykjavík.

Fyrir hönd annarra vandamanna.

| | |
|---|---|
| **Marvin Ingólfsson** | **Þóra Björk Ingólfsdóttir** |
| **Ingi Guðjónsson** | **Margrét Ólafsdóttir** |



*Okkar elskulega*

**Aðalbjörg S. Guðmundsdóttir**
frá Mosfelli, Hlíðarvegi 46, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 4. janúar kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Bjarki Bjarnason** | **Þóra Sigurþórsdóttir** |
| **Sif Bjarnadóttir** | **Hilmir Þór og Ásbjörn Ibssynir** |
| **Ýr Þórðardóttir** | **Hlynur Þórisson** |
| **Bjarni Bjarkason** | **Þóra Björk Gísladóttir** |
| **Vilborg Bjarkadóttir** | **Guðmundur Bjarkason** |
| **Aðalbjörg Egilsdóttir** | **Óskírður Hlynsson** |



**FORNBÍLL** Félagar í Fornbílaklúbbnum eiga yfir 300 gangfæra fornbíla.

# Fornbílasafn í Elliðaárdal

Fyrsta skóflustungan að fyrirhuguðu bílasafni og félagsheimili Fornbílaklúbbs Íslands ásamt þjónustuhúsi Orkuveitu Reykjavíkur, var tekin síðastliðinn föstudag. Bílaáhugamenn hafa lengi bent á nauðsyn þess að koma upp bílasafni í Reykjavík enda telja þeir slík söfn njóta mikilla vinsælda erlendis. Félagar Fornbílaklúbbsins eiga í dag yfir 300 gangfæra fornbíla af öllum stærðum og gerðum. Auk þess sem klúbburinn á töluvert af áhöldum sem tengjast ökutækjasögunni, líkt og bensíndælur og verkfæri, auk ljósmyndasafns með um fimm þúsund myndum.

Bílasafnið mun njóta nálægðar Minjasafns Orkuveitu Reykjavíkur og Rafheima en söfnin verða tengd saman af þjónustumiðstöð Elliðaárdalsins. ■

# Framtíð forleifafræðinnar

Fornleifafræðingafélag Íslands (FFÍ) stendur fyrir málfundi um framtíð fornleifafræðinnar á Íslandi eftir Kristnihátíðarsjóð. Fundurinn verður haldinn á morgun klukkan 16.00 í húsakynnum Fornleifaverndar ríkisins, Suðurgötu 39.

Kristnihátíðarsjóður var stofnaður til að minnast þess að 1000 ár voru liðin síðan kristni var lögtekin hér á landi. Styrkirnir voru veittir til fornleifarannsókna og til verkefna sem miðuðu að því að efla þekkingu og vitund um menningararf. Í ár var úthlutað úr sjóðnum í síðasta sinn.

Sólveig Georgsdóttir, verkefnisstjóri stefnumörkunar á vegum Fornleifaverndar ríkisins, dr. Bjarni F. Einarsson, framkvæmdastjóri Fornleifafræðistofnunar og Hrafnkell Brimar Hallmundsson, formaður Kumls, félags fornleifafræðinema, munu halda stutt framsöguerindi þar sem þau greina frá sínu sjónarhorni en að því loknu verður opnað fyrir umræður. Fundurinn er öllum opinn. ■



**VIÐ UPPGRÖFT** Í ár var úthlutað úr Kristnihátíðarsjóði í síðasta sinn.




# NISSAN X-TRAIL

Hann er strangt til tekið jepplingur, bara stærri og öflugri en sambærilegir bílar innan vega sem utan. Hann er einstaklega skemmtilegur í akstri og umgengni og áreiðanlegur eins og Nissan. Þetta er einfaldlega frábærlega heppnaður bíll. Við skorum á þig að skoða samkeppnina fyrst og koma svo til okkar!

### Ríkulegur staðalbúnaður

– 17" álfelgur
– litað gler
– 6 diska CD spilari
– loftkæling
– sjálfskipting
– útvarpsfjarstýring í stýri

**Tilboðsverð**

| | |
|---|---|
| X-Trail Sport | 2.690.000 kr. |
| X-Trail Elegance | 2.890.000 kr. |

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
**„Bestur“** - *Fifth Gear*
**„Best recreational 4x4“** - *Auto Express*
**„Best compact 4x4“** - *What Car?*
**„Best in class“** - *Channel 4*
**„Best Small Wagon“** - *Overlander Magazine*

**NÝARSTILBOÐ**
**Öllum Nissan X- TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk.**



**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00




# STUÐ MILLI STRÍÐA Er það núna sem við drekkum kampavínið?

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** RIFJAR UPP EFTIRMINNILEG ÁRAMÓT



Gamlársdagur er merkilegur, þetta er auðvitað síðasti dagur ársins en þar kviknar alltaf einhver gríðarleg skemmtanaþörf í hugum unga fólksins þegar þessi blessaði dagur rennur upp. Það undirbýr kvöldið með löngum fyrirvara, býður í partí, kaupir sér flugelda og brennivín fyrir tugi þúsunda. Svo fer allt til fjandans, öllum seinkar, einhver týnir skóm og alltaf er einn vinur á bömmer yfir ástarmálum sínum.

Ein áramót eru mér þó minnisstæðari en önnur. Nýorðinn tvítugur keypti ég mér miða á ball. Mamma pressaði jakkafötin og ég pússaði skóna af mikilli natni. Miðnætti rann upp og spenningurinn varð sífellt meiri. „Eigum við ekki að drekka kampavínið núna?“ Spurði ég, þurr í hálsinum af taugaspennu. Með hvelli var flaskan opnuð og síðan skálað fyrir nýju ári.

Þegar loks var komið að stóru stundinni rættist hins vegar martröð sérhvers ungs pilts. Miðinn var ekki þar sem hann átti að vera. Fyrst gerði smá hræðsla vart við sig sem þróaðist út í móðursýki með tilheyrandi öskrum og látum. Á meðan jafnaldrar mínir myndu skemmtu sér konunglega yrði ég að standa gaddfreðinn fyrir utan. Allt fjölskyldufólkið lagði kapp á að finna miðann. Jafnvel móðir mín keyrði niður á skemmtistaðinn til að reyna að gráta son sinn inn. Áramótin voru hægt og bítandi að fara til fjandans. Loksins fannst miðinn á botni útiruslatunnu þar sem hann hafði lent fyrir „slysni“.

Ég hefði hins vegar alveg eins getað farið að dansa í sardínudós því allir jafnaldrar mínir voru auðvitað í sömu hugleiðingum og höfðu líka keypt sér miða. Eftir að hafa verið troðinn niður allt kvöldið, séð fatahengið hrynja, týnt jakkanum mínum og ekki einu sinni komist á séns neyddist ég til að ganga heim enda hvergi hægt að fá leigubíl. Eftir tuttugu mínútna göngutúr í næfurþunnum jakkafötum ákvað ég að næstu áramót yrðu haldin í faðmi fjölskyldunnar... að minnsta kosti þar til annað kæmi í ljós.







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | | | | | | 5 | 7 |
| | | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | | |
| | | | | | | | | |
| | 4 | | 3 | | 1 | | 9 | |
| | | | | 9 | | | | |
| | 3 | | 5 | | 2 | | 8 | |
| | | | | | | | | |
| | | 5 | 9 | 2 | 7 | 4 | | |
| 9 | 7 | | | | | | 1 | 8 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 |
| 8 | 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 7 | 5 | 6 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 4 | 3 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 |
| 1 | 9 | 7 | 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 |




## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og Pa** Eftir SÖB




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# Er fasteignin þín að seljast?







**35%**

**Fasteignablað Fréttablaðsins**

**20%**

**Fasteignablað Morgunblaðsins**

# 80% fleiri lesa Fasteignablað Fréttablaðsins




Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005*) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að meðal fólks á aldrinum 25 - 54 ára lesa **35% Allt – fasteignir**, sem berst **frítt með Fréttablaðinu** á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Moggans. Auglýsing í **Allt – fasteignum** birtist einnig í **heila viku á visir.is** í kaupbæti. Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að kaupa fasteignaauglýsingu.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt-fasteignir

– mest lesna fasteignablaðið

Fiton/SÍA

**!** **Kl. 22.15**
*Þær **Ása Briem, Berglind María Tómasdóttir** og **Lana Kolbrún Eddudóttir** sjá um þáttinn **Úr tónlistarlífinu** á Rás 1 í Ríkisútvarpinu í kvöld þar sem þær leika valda kafla úr tónleikahljóðritunum liðins árs.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Franskt og freistandi

Á fimmtudaginn kemur verða haldnir hádegistónleikar í Hafnarborg í Hafnarfirði, eins og jafnan í hádeginu fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Að þessu sinni fær Antonia Hevesi píanóleikari, sem skipuleggur tónleikana, til sín Hlín Pétursdóttur sópransöngkonu. Þær ætla að flytja frönsk sönglög og aríur undir fyrirsögninni „Franskt og freistandi".

Hlín Pétursdóttir flutti heim haustið 2004 eftir nærri tíu ára dvöl við nám og störf sem óperusöngkona í Þýskalandi. Hún hefur síðan þá haldið ljóðakvöld og sungið á kammertónleikum, meðal annars á Sumartónleikum í Skálholti. Næsta verkefni Hlínar í Íslensku óperunni er hlutverk Clorindu í Öskubusku sem verður frumsýnd 5. febrúar næstkomandi.

Antonía Hevesi er fædd í Ungverjalandi. Hún hóf píanónám tíu ára gömul og hefur haldið fjölda tónleika sem orgelleikari og píanó-meðleikari í Ungverjalandi, Austurríki, Svíþjóð, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi, á Spáni og á Íslandi. Hér hefur hún leikið á tónleikum víða um land og spilað inn á geisladiska.



Hafnarborg hefur frá því í ágúst 2002 staðið fyrir tónleikum í hádeginu einu sinni í mánuði. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar, enginn aðgangseyrir, og öllum opnir á meðan húsrúm leyfir.

## > Ekki missa af ...

... **Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói, sem verða fjögur kvöld í röð, frá miðvikudegi til laugardags í þessari viku.

... hádegistónleikum í Hafnarborg á fimmtudaginn þar sem **Hlín Pétursdóttir** sópran syngur franska tónlist. Með henni leikur **Antonia Hevesi** á píanó.

... „öðruvísi" Vínartónleikum í Íslensku óperunni á sunnudaginn kemur, þar sem **Kammersveitin Ísafold** leikur óhefðbundna tónlist frá Vínarborg. Með sveitinni syngur **Ágúst Ólafsson** barítón.

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er lokuð til 2. janúar. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn: www.opera.is
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum farsældar á nýju ári!

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus, 9. sýn. sun. 8/1 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 12/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1, lau. 14/1.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fös. 6/1, lau. 7/1 **kl. 17:00,** sun. 8/1, fös. 13/1, lau. 14/1, fös. 20/1, lau. 21/1.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Árinu fagnað með tangó

**Hvað er betra en að hefja nýtt ár með því að bregða sér á tangóball í Iðnó? Þar ætlar Tangósveit Lýðveldisins að stíga á stokk eins og jafnan fyrsta þriðjudag hvers mánaðar í vetur.**



**TANGÓSVEIT LÝÐVELDISINS** Lætur ekki deigan síga og fagnar nýju ári með tangósveiflu í Iðnó.

Tangósveit lýðveldisins lætur ekki deigan síga og hefur hið nýja ár með tangókvöldi í Iðnó annað kvöld. Að venju er boðið upp á leiðsögn í hinum funheita dansi frá klukkan tuttugu en stundvíslega klukkan 21 stígur síðan Tangósveit lýðveldins á svið og leikur til klukkan 23.

Tangókvöldin hafa nú fest sig sessi sem einn af hornsteinum miðbæjarmenningarinnar og koma gestir ýmist til að stíga dansspor eða eingöngu til að hlusta á góða tónlist í lifandi flutningi og í einstöku umhverfi.

Tangósveitina skipa þeir Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Tatu Kantomaa bandoneonleikari, Ástvaldur Traustason harmónikuleikari, Vignir Þór Stefánsson píanóleikari og Gunnlaugur T. Stefánsson kontrabassaleikari.

Tangósveit Lýðveldisins hefur staðið fyrir reglulegum tangókvöldum í Iðnó fyrsta þriðjudag hvers mánaðar allar götur frá því haustið 2003. Hugmyndin er sú að gefa fólki tækifæri til að dansa tangó snemma kvölds, frekar en að þurfa að treysta á þau stopulu tækifæri sem gefast til þess að næturlagi um helgar þegar skemmtanalífið er á fullu.

Tangósveitin leikur bæði finnska og argentínska afbrigðið af tangótónlistinni, en gerir það með sínum eigin hætti og leikur íslensk lög ekki síður en erlend.



# Leikhús eftir smásögum

## LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Eldhús eftir máli**

Þjóðleikhúsið / Smíðaverkstæðið / Eldhús eftir máli / Höfundur: Vala Þórsdóttir, byggt á nokkrum smásögum eftir Svövu Jakobsdóttur / Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir / Leikmynd: Stígur Steinþórsson / Tónlist: Björn Thorarensen / Búningar, grímur og hattar: Katrín Þorvaldsdóttir / Lýsing: Hörður Ágústsson / Leikarar: Aino Freyja Järvelä, Kjartan Guðjónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, María Pálsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Þórunn Lárusdóttir.

**Niðurstaða**: Sýning Þjóðleikhússins er stílhrein og einlæg og allir listamenn sem að henni standa geta kinnroðalaust klappað sjálfum sér á bakið fyrir vel unnið starf.



**HÚSMÓÐIR UMKRINGD BÖRNUM SÍNUM** Þjóðleikhúsið minnist Svövu Jakobsdóttur með því að sýna Eldhús eftir máli, sem Vala Þórsdóttir hefur unnið upp úr smásögum Svövu.

Svava Jakobsdóttir hefur með verkum sínum markað dýpri spor í íslenska kvennabaráttu en margan óraði fyrir og nú, eftir fráfall hennar á því ári sem hún hefði orðið 75 ára setur Þjóðleikhúsið upp leikhúsverk sem byggir á fimm vel þekktum smásögum hennar. Það er vel, enda eru verk hennar margslungin, hafa djúpa merkingu og eru tíðum hárbeitt ádeila á þá tilveru sem konum fyrr og nú hefur verið búin í þjóðfélagi sem kallar sig siðmenntað og stundum vestrænt einhverra hluta vegna. Raddir stórkvenna á borð við Svövu heyrast allt of sjaldan nú um stundir.

Við að rifja upp þessar smásögur Svövu sem Vala Þórsdóttir hefur hér spunnið leikverk upp úr vakna hugrenningar um hvers konar tilveru þjóðfélag okkar býr dætrum mínum og hvaða fyrirmyndir og hugmyndir verði þeim hugleiknar þegar þær vaxa úr grasi. Mér rennur kalt vatn milli skinns og hörunds fyrir þeirra hönd að þurfa að vinsa úr allt hismið sem kemur með þessari tegund bandarísks sjónvarpsefnis sem raunveruleikasjónvarp kallast og yfirskyggir flest sem birtist á skjám landsmanna um þessar mundir. Ekki kannast ég við þann raunveruleika sem þar birtist. Þar er sjálfsvirðingu kvenna misboðið hvað eftir annað.

En hvað þá með konurnar í leikritinu? Jú, sá heimur sem þær hrærast í verður um síðir þeirra fangelsi og þær eiga ekki undankomu nema með hugarfarsbreytingu. Ekki bara þeirra sjálfra heldur líka samfélagsins. Það er enginn sökudólgur – því miður. Ekki einu sinni karlarnir eiga sök á því hvernig fyrir þeim er komið heldur erum við öll föst í hlekkjum hugarfarsins. Við getum ekki lengur greint sundur aðalatriði og aukaatriði – hvað er mikilvægt eða hvaða gildi við viljum varðveita. Afhelgunin er orðin algjör og nú þurfum við að fara að skilgreina dyggðirnar og lestina upp á nýtt.

„Heil mannsævi og ég hef ekkert að segja,“ segir aumingja Aðalheiður í leikritinu eftir að börnin hennar hafa tekið úr henni heilann og af því hjartað er orðið svo stórt þá þarf að skera það úr líka. Sögurnar hennar Svövu eru tímalausar og eiga alltaf erindi við okkur eins og allar góðar sögur. Þær eru bæði harmrænar og bráðfyndnar.

Hvað varðar sýningu Þjóðleikhússins þá er hún stílhrein og einlæg og allir listamenn sem að henni standa geta kinnroðalaust klappað sjálfum sér á bakið fyrir vel unnið starf. Svo er alltaf umdeilanlegt hvernig smásagnaformið er yfirfært á leikhúsið og hlýtur það að ráðast af smekk hvers og eins.

Mér þótti Vala komast smekklega frá því að flétta textann og að sama skapi tókst leikstjóranum að nýta rýmið á Smíðaverkstæðinu sem Stígur hefur hannað svo þénanlega leikmynd inn í. Lýsing við hæfi í samspili við nostursamlega búninga og grímur. Leikkonurnar áttu allar góðan dag og eini karlleikarinn á gömlum slóðum, einn með stelpunum.

Fyrir mína parta langar mig að fara að sjá góðan leikstjóra eins og Ágústu Skúladóttur glíma við verkefni sem reyna meira á leikara hvað varðar persónusköpun og dramatísk átök. Hún kann öll „leikhústrikkin“ og hefur sýnt það oft að undanförnu. Í heildina: Fallegt minni um Svövu Jakobsdóttur.


GERÐUBERG

GLEÐILEGT ÁR!

Ath! Lokað í dag 2. janúar

Sýningum
Sólveigar Eggerz Pétursdóttur
Eggerts Magnússonar
og Þetta vilja börnin sjá
lýkur 9. janúar

Sýningar eru opnar:
virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21
og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is






| Stóra svið | | Nýja svið/Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **SALKA VALKA** | | **MANNTAFL** | |
| Su 8/1 kl. 20 | Su 22/1 kl. 20 | Su 8/1 kl. 20 | Lau 14/1 kl. 20 |
| Fi 26/1 kl. 20 | | SÍÐUSTU SÝNINGAR! | |
| **WOYZECK** | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| Lau 7/1 kl. 20 | Su 15/1 kl. 20 | SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í FEBRÚAR! | |
| Lau 21/1 kl. 20 | Su 29/1 kl. 20 | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | Lau 7/1 kl. 20 | Su 15/1 kl. 20 |
| Su 8/1 kl. 14 | Su 15/1 kl. 14 | Fö 20/1 kl. 20 | Lau 28/1 kl. 20 |
| Lau 21/1 kl. 14 | Su 22/1 kl. 14 | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| **CARMEN** | | EFTIR GARY OWEN. Í SAMSTARFI VIÐ STEYPIBAÐSFÉLAGIÐ STÚT | |
| Fi 12/1 kl. 20 FORS. | miðav. 2.000- kr | Fi 12/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. | Fö 13/1 kl. 20 |
| Fö 13/1 kl. 20 FORS. | miðav. 2.000- kr | Lau 21/1 kl. 20 | Su 22/1 kl. 20 |
| Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | | **Naglinn** | |
| Fi 19/1 kl. 20 Gul kort | | e. Jón Gnarr í samstarfi við Leikfélagið Regínu | |
| Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort | | Fö 20/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | |
| Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort | | Lau 21 /1 kl. 20 | Fö 27/1 kl. 20 |
| Lau 28/1 kl. 20 Blá kort | | Lau 28/1 kl. 20 | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



# Vínartónleikar
## Frábær byrjun á nýju ári

Helstu perlur höfuðtónskálda Vínar með Strauss-feðga í broddi fylkingar, hinn frábæri einsöngvari Anton Scharinger og einn mesti sérfræðingur í Vínartónlist, hljómsveitarstjórinn Peter Guth. **Tryggðu þér miða núna á www.sinfonia.is** á hina bráðskemmtilegu og sívinsælu Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar.

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN **4. JANÚAR** KL. 19.30
FIMMTUDAGINN **5. JANÚAR** KL. 19.30 – ÖRFÁ SÆTI LAUS

AUKATÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
FÖSTUDAGINN **6. JANÚAR** KL. 19.30
LAUGARDAGINN **7. JANÚAR** KL. 17.00 – ÖRFÁ SÆTI LAUS



Hljómsveitarstjóri ::: Peter Guth
Einsöngvari ::: Anton Scharinger

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

Fíton/SÍA F I 0 1 5 0 2 8



# ... að lifa!

Netbankinn – með betri vexti

Þess vegna býður Netbankinn sérsniðna bankaþjónustu, NB Námsmenn, utan um allar þarfir námsmanna heima sem erlendis.

Sæktu um á nbnamsmenn.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800 til að fá nánari upplýsingar.

Námsmenn




Himinn og haf / SÍA

nb.is sparisjóður hf.



**ROKKARAR SAMTÍMANS** Bjöggi heggur skarð í Austur-Evrópu.




**HUGLEIKUR** Fyndin mynd, en þarf að bæta við sig.

# BRENGLAÐUR OG HVERFULL RAUNVERULEIKI TÍSKUNNAR

Oscar Wilde sagði einhvern tímann að tískan væri svo skelfilegt fyrirbæri að það yrði að breyta henni á sex mánaða fresti. *Valur Gunnarsson* lítur til baka og skoðar tískufyrirbæri sem stóðu upp úr árið 2005 og mega hverfa sem fyrst.



**ÍSLENDINGAR** Mun fólk enn hafa áhuga þegar það kemst að því að það eru engir álfar hér?

Eitt árið stofnuðu allir pítsustað, og það næsta voru það súlustaðir sem áttu að gera alla athafnamenn ríka. Niðurstaðan varð að staðirnir settu hver annan á hausinn, en við sátum eftir sem þjóð uppfull af akfeitum kynlífsfíklum. En hvað var í tísku árið 2005? Og hvað af því viljum við alls ekki sjá aftur?

### 1. Raunveruleikasjónvarp

Bandaríski ritstjórinn HL Mencken sagði eitt sinn að enginn hefði tapað pening á því að vanmeta alþýðuna. Íslenskir dagskrárgerðarmenn virðast reyna að byggja lífsafkomu sína á þeirri speki, en ekki er hægt að miða endalaust á botninn áður en maður brotlendir á honum. Þjóðin tók við Ástarfleyinu eins og ísjakinn tók við Titanic. Íslenski bachelorinn var jafn mikið klúður eins og mótsagnarkennt nafnið gefur til kynna og Idolið verður leiðinlegra eftir því sem Bubbi verður pirraðri. Stelpurnar sýndu fram á ótvíræða kosti þess að hafa fyrirfram skrifuð handrit, sérstaklega þegar þær eru bornar saman við Strákana. Íslendingum hlýtur þó á endanum að takast að búa til leikið efni sem er ekki samansafn atriða í áramótaskaupsstíl. Það er að minnsta kosti eitthvað til að stefna að fyrir fjörutíu ára afmæli íslensks sjónvarps á næsta ári.

### 2. Viðbjóður

Sin City var fyndin þrátt fyrir (eða vegna þess) að gegndarlaust var verið að limlesta menn, og sérstaklega var haft gaman af því að misþyrma kynfærum karlmanna. Hostel skorti húmorinn, og reyndi að bæta upp fyrir það með enn meiri viðbjóð. Gallinn er fyrst og fremst sá að erfiðara er að ganga fram af manni í hvert skiptið, og verður þetta því oft leiðigjarnt fyrir vikið. Túskildingsóperan átti mögulega að ganga fram af einhverjum með platbyssum, kynlífi og Marilyn Manson-bolum (man einhver eftir honum?). Viðbjóðurinn hefur smám saman verið að rata inn í íslenskar bókmenntir, svo sem í Barnagælur Óttars Norðfjörð og í bók Ófeigs Sigurðarsonar. Einhverjar íslenskar hryllingsmyndir eru á leiðinni, og Hugleikur Dagsson hefur einnig komið ógeðinu á svið og í teiknimyndasögur sínar, sem eru vissulega fyndnar. Líklega á þessi ástúð á líkamsvessum eftir að eldast af strákunum. En miðað við hvað raunveruleikasjónvarpið var lengi á leiðinni eigum við enn nokkur ár eftir þangað til að viðbjóðurinn hér nær hámarki.



**SUMARLIÐI** Er fullur efasemda um næsta ár.

### 3. Koverlagaplötur og safnplötur

Satanistarnir hjá Senu hafa aldrei verið þekktir fyrir hugrekki í plötuútgáfu, en nýjum lægðum var náð nú fyrir jólin. Enn eitt ár líður af öldinni og færir okkur enn eina safnplötu með Nó-Gó Bó, sem virðist hafa hætt að reyna eftir að hann tapaði Eurovision. Einar Bárðarson heldur áfram að reyna að semja texta, en heldur sig að mestu við að velja annarra manna lög á koverplötur. Ólíklegt þykir að útgáfa Nylon af Have You Seen Your Mother skáki Stóns. Gaman væri að heyra Brynhildi syngja eitthvað annað en gamlar lummur, og að heyra Lummurnar syngja sem minnst. Það er þó ekki allt slæmt í þessum efnum, Le Amour Fou gerðu stórskemmtilegar tangóútgáfur af gömlu slögurunum, KK og Ellen fluttu jólalögin betur en þau hafa heyrst lengi og meistari Mugison tók frábæra útgáfu af Tom Waits-laginu Little Trip to Heaven. En samt sem áður, ekki er endalaust hægt að flá dauðan hest, og fyrr eða síðar verða menn að byrja að semja aftur. Sem betur fer.



**ÆVAR ÖRN** Bíður eftir símtalinu sem kveikir nýjar hugmyndir.

### 4. Krimmar

Fyrir nokkrum árum voru allir að skrifa sjálfsævisögulegar harmsögur, nú eru það krimmar. Samt laumaðist sjálfsævisöguleg saga Thelmu upp fyrir krimmaflóðið og varð óvænt ein af vinsælustu bókum ársins, meðan krimmarnir kæfðu hver annan. Mesta krimmabylgjan virðist vera hjöðnuð í bili, því ekki er hægt að hella stöðugt salti í sama glasið. Það er pláss fyrir jafnt sjálfsævisögulegar harmsögur sem krimma, bara svo lengi sem menn einbeita sér ekki allir í einu að því sama.

### 5. Fjárfestar og fótboltamenn

Fjárfestingar eru nýja rokkið. Hjá breskum ungmennum eru Beckham og Kaninn Bill Gates helstu fyrirmyndirnar, hér Bjöggi Thor og Eiður Smári. Nú dreymir alla um að stofna banka frekar en að læra á rafmagnsgítar. Bjöggi Thor var maður ársins og á nú allar símalínur Austur-Evrópu frá Grikklandi til Finnlands. Hannes Smárason lætur sér nægja að kaupa alla götuna sem hann býr í, til að geta svo endurskapað hana í eigin mynd. Hvenær hættum við að líta upp til ríka og fallega fólksins og förum aftur að tilbiðja listamenn sem berjast fyrir því að uppgötva hin miklu lífssannindi? Og því að komast á listamannalaun?

### 6. Hnakkar

Hnakkarnir slógu frá sér á árinu sem leið og tókst loksins að finna nafn á höfuðandstæðinga sína, hina svonefndu trefla. Líklega þarf að fara aftur til diskósins og pönksins til að finna jafn skýrar línur í poppmenningunni. Næsta ár lítur vel út fyrir hnakkana, þar sem bæði konungur og drottning hinna aflituðu (og sumir myndu segja afleitu), Gilz og Brynja, fá sína eigin sjónvarpsþætti á Sirkus. Kannski endar þetta allt með því að ástir takast yfir víglínuna í anda Rómeó og Júlíu. Eiríkur Örn Norðdahl og Brynja Björk? Kristín Eiríks og Gilz? Eiríkur og Gilz? Allt mun þetta að sjálfsögðu enda með harmleik.

### 7. Jólin

Svo virðist sem nýtt sölumet sé sett um hver jól. Múgurinn flækist hlýðinn á milli yfirvinnu og innkaupa og heldur tannhjólum kapítalismans vel smurðum með því að bæta hag kaupmanna hvern desembermánuð. En að launum fær hann ekki nema einn aukafrídag í ár, sem er varla nóg til að jafna sig eftir tveggja mánaða undirbúninginn. Aldrei hefur verið meira selt, en eitthvað minna fór fyrir gleðinni. Jafn þreytandi og jólin sjálf eru svo hinar endalausu kjallaragreinar sem bölva þeim en geta engu breytt. Því standa vonir til að jólin komist ekki aftur í tísku næsta desember (og nóvember og október), heldur líði hljóðlega framhjá eins og Rikshaw og Pelican um árið.

### 8. Íslendingar

Á þessum miklu útrásartímum tíðkast það sem aldrei fyrr að bregða sér til útlanda í nokkrar vikur eða mánuði og koma svo til baka og „skilgreina“ Íslendinga, tala statt og stöðugt um hvað Íslendingar séu hitt og þetta, og hverju þeir þurfi nú að breyta til að geta orðið jafnmiklir heimsborgarar og sá sem mælir. Álíka þreytandi er umræðan um sérstöðu Íslands, sem nær til bæði landbúnaðarmála sem drykkjusiða og gerir okkur undanskilin því að veita þróunaraðstoð. Enn geta allir farið úr landi og slegið í gegn fyrir það eitt að vera Íslendingar, að því er virðist. En fyrr eða síðar fær umheimurinn leið á okkur, og við þurfum að læra að komast af án forgjafarinnar. Ísland verður ekki alltaf í tísku. Það er enginn vafi á því að við höfum margt annað til brunns að bera en þjóðernið eitt, en það er eins gott að vera undirbúin sviptingunum.



**GILZ KONUNGUR** Ríkir yfir Hnakkalandi líkt og Macbeth yfir Skotlandi.



**EINAR BÁRÐAR** Fyndin mynd, en þarf að leggja af.

**JÓLIN** Ætli þau lifi af eitt árið í viðbót?


ÚTSALA
OPNUM KL: 13:00
ZARA









**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn vinsæli ætlar að endurgera Mary Poppins.

# Vill endurgera Mary Poppins

Leikstjórinn Steven Spielberg hefur áhuga á því að endurgera söngvamyndina Mary Poppins frá árinu 1964 sem naut mikilla vinsælda á sínum tíma og er fyrir löngu orðin sígild.

Búið er að tala við Sir Richard Eyre, sem stjórnar leikhússuppfærslu á Mary Poppins í London, um að vera í hlutverki ráðgjafa við gerð myndarinnar. „Það verður erfitt að gera betur en í fyrri myndinni en krakkar elska þessa sögu og ég er viss um að endurgerðin verður vinsæl,“ sagði Eyre.

# Mugison meðal tíu bestu í Svíþjóð

Tónlistarmaðurinn Mugison féll greinilega í kramið hjá frændum okkar Svíum á árinu sem leið því plata hans Mugimama – Is This Monkey Music? hafnaði í 9. sæti í úttekt dagblaðsins Göteborgs-Posten á tíu bestu plötum ársins 2005.

í umsögn um plötuna segir að hinn sérstaki hljómlistarmaður Mugison svíki engan með frumlegri plötu undir sterkum áhrifum Tom Waits og bjóði upp á svimandi fallega dúetta með söngkonunni Rúnu.

Mugison er ekki í samfloti með neinum aukvisum. Í efsta sæti yfir bestu plötur ársins, að mati sænska dagblaðsins, er plata heimamannanna í Kent, annað sæti vermir Antony and the Johnsons með plötuna I Am a Bird Now, X&Y með Coldplay þykir fjórða besta plata ársins, You Could Have It So Much Better með Franz Ferdinand er í því þriðja og í því sjöunda er Bright Eyes með plötuna I'm Wide Awake, It's Morning svo fáeinir séu nefndir.

Mugimama – is this Monkey Music? kom út árið 2004 á Íslandi en kom út árið eftir í Svíþjóð.


**MUGISON** Göteborgs-Posten þykir hann sérstakur hljómlistarnaður sem hefur gefið út frumlega plötu undir áhrifum Tom Waits.

# Samviska Kanada

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Eins og ókunnugir menn banka sumar plötur á bakið á þér og heimta athygli. Þessi hér var búin að reyna að fanga athygli mína í þónokkurn tíma áður en ég loksins lét verða að því að hleypa henni inn í stofu til mín. Ég tók henni nokkuð opnum örmum, enda hefur farið gott orð af þessari sveit og hún meðal annars endað á listum margra gagnrýnanda yfir þær bestu á liðnu ári. Þrátt fyrir að það séu sex bráðgáfaðir Kanadamenn í þessari sveit, gat sameinuð viska þeirra ekki fundið betra nafn á hljómsveitina. Þau bæta þó upp fyrir það með sæmilegri tónlist, sem mætti staðsetja einhvers staðar á milli indierokks og hráu gáfumanns poppi. Ekki svo ósvipaðri öðrum grúskara uppáhöldum á borð við Arcade Fire og Fiery Furnaces.

Hér er slatti af góðum lögum sem sveitin keyrir áfram með groddaralegum trommuleik, barnalegum hljómborðslínum og fallegum röddunum söngvaranna Neko Case og Carl Newman. Lagið The Bleeding Heart Show er gott dæmi um þetta. Lögin eru þannig í eðli sínu nokkuð sykursæt en útsetningar eru það alls ekki. Þetta er því að mörgu leyti nokkuð brothætt tónlist, því það væri mjög auðveldlega hægt að klúðra þessum lögum með röngum útsetningum. Önnur frábær lög, þar sem þessi blanda gengur upp, eru The Jessica Numbers og lokalagið Stacked Crooked.



**THE NEW PORNOGRAPHERS TWIN CINEMA**

Að sama skapi vantar sveitina hið óskiljanlega „það“ sem ýtir sveitum eins og þessari upp á yfirborðið. Twin Cinema er virkilega góð plata og áhugaverð, en hún náði aldrei að toga mig það djúpt inn að ég gleymdi algjörlega stað og stund. Kannski full harkalegt af mér að ætlast til þess, en þar grunar mig að orðspor plötunnar hafi kannski byggt upp hjá mér of miklar væntingar. Þó að þessi sveit sé ekkert sérstaklega vinsæl á hún sér hópdýrkendur hér og þar á plánetunni. Ég held að sú staða sé ekkert að fara að breytast í bráð. Ég get ómögulega bent nákvæmlega á það sem vantar, en get þó sagt að það vantar bara örlítið af því. Flest lögin eru nefnilega þannig að maður á erfitt með að gera upp með sér hvort maður eigi að fara syngja með, eða bara skipta yfir á næsta lag.







Gleðilegt ár!










### ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 1.40-3.45-5.50-9-11.10 | |
| RUMOR HAS IT VIP | KL. 9-11.10 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 1-2-3-4-5-6-7-8-10-11.10 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 3-6 | |
| KING KONG | KL. 6-8-11 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 3 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 1 | |

### KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6-9 | |
| KING KONG | KL. 5.30 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 9 | |

### AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.30 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |

### KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 11-2-5-8-10.10 | |
| KING KONG | KL. 2-5.40-9-11 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 8 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 11-2-5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 11-12.30 | |

MORGUNBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 11 1.-3. JANÚAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 1.50-3.50-5.50-8-10.05 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-4-5-7-8-10.45 | |
| KING KONG | KL. 4-8-10 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 2-5-8-10.45 | B.I. 10 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 2 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2 | |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Lost-stjarnan **Michelle Rodriguez** er í vondum málum. Hún var handtekin á dögunum fyrir ölvun við akstur og hefur með því líklega brotið skilorð að mati lögreglunnar. „Við teljum að með þessu umferðarlagabroti sínu hafi hún brotið skilorð. Þetta getur þýtt að hún þurfi að dúsa í fangelsi í um 18 mánuði," sagði talsmaður lögreglunnar í Los Angeles.



Leikkonan **Christina Applegate** er komin með nýjan kærasta upp á arminn. Sá heppni heitir Lee Grivas og er ljósmyndari og sjómaður. Hittist parið í gegnum sameiginlegan vin. „Við erum mjög ánægð með hvort annað. Við tökum bara eitt skref í einu. Við njótum félagsskaps hvors annars og það er nóg í bili," sagði leikkonan að lokum.



Ljósmyndarinn sem klessti á bíl **Lindsay Lohan** fyrr á árinu hefur verið sýknaður af öllum ákærum. Komst dómari í Kaliforníu að því að ljósmyndarinn hefði ekki gert neitt af sér. „Áreksturinn var ekki af neinum ásetningi, þetta var hreint og beint slys," sagði saksóknarinn William Hogdmann við fjölmiðla. Lohan sagði að áreksturinn hefði átt sér stað þegar hún var að reyna að stinga ljósmyndarann af á bíl sínum.





**Lokað í dag**

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

KRINGLAN SAMBÍÓIN Gleðilegt ár




Sýnd kl. 11 FRÁ 1. - 3. JANÚAR




Sýnd kl. 11 FRÁ 1. - 3. JANÚAR




Sýnd kl. 11 FRÁ 1. - 3. JANÚAR með íslensku tali

MORGUNBÍÓ 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 11 FRÁ 1. - 3. JANÚAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## Bjarni bestur hjá Val

Knattspyrnumaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson var á gamlársdag kjörinn íþróttamaður Vals. Bjarni lék mjög vel með Val í Landsbankadeildinni og var síðan valinn í íslenska landsliðið.

# sport

sport@frettabladid.is

FJÁRÖFLUNARLEIKUR ÍR-INGA: VIGGÓ SIGURÐSSON SLÓ Í GEGN SEM DÓMARI

# *Viggó góður en ekki nógu harður*





Tæplega 700 manns mættu í íþróttahúsið í Austurbergi á föstudaginn þegar gamlir ÍR-ingar tóku á móti núverandi meistaraflokki ÍR í fjáröflunarleik meistaraflokksins. Það voru margir áhugaverðir leikmenn sem spiluðu með gamla ÍR-liðinu sem bar sigur úr býtum, 39-35. Gömlu mennirnir tóku svo fast á ungu strákunum að þeir urðu hálfhræddir. Fyrr en varði höfðu gömlu kempurnar náð miklu forskoti, 20-7. Í gamla liðinu voru menn eins og Júlíus Jónasson, Finnur Jóhannsson og Erlendur Ísfeld. Betur gekk hjá ÍR-liðinu í síðari hálfleik og það náði að bjarga sér frá niðurlægingu. Landsliðsþjálfararnir Viggó Sigurðsson og Bergsveinn Bergsveinsson dæmdu leikinn og fórst þeim verkið vel úr hendi að því er Hólmgeir Einarsson, stjórnarmaður í ÍR og þjálfari „gamla“ liðsins segir.

„Þeir stóðu sig eins og hetjur og ég verð að gefa Viggó 9,5 í einkunn fyrir dómgæsluna,“ sagði Hólmgeir kátur en leikurinn markaði tímamót hjá honum en hann er hættur að vinna fyrir handknattleiksdeildina vegna heilsufarsástæðna eftir margra ára óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf. „Eina sem ég get sett út hjá Viggó er að hann var ekki nógu harður. Hann gaf hvorki gul né rauð spjöld í leiknum. Ég reyndi eins og ég gat að fá spjald og lyfti meðal annars buxunum upp að hnjám en það virkaði ekkert á hann.“

Eftirlitsdómararnir Kjartan Steinbach og Hákon Sigurjónsson mættu á svæðið til þess að taka Viggó út og þeir skiluðu skýrslu um frammistöðuna. „Viggó var farinn áður en skýrslan kom. Hann hlýtur að hafa fengið fína útkomu hjá þeim félögum,“ sagði Hólmgeir kátur með að hætta á toppnum sem þjálfari.

## > Ágúst tekur við körlunum og Helena best



Hinn ungi og efnilegi þjálfari kvennaliðs Hauka í körfuknattleik, Ágúst Björgvinsson, hefur verið ráðinn sem þjálfari karlaliðs félagsins í stað Predrag Bojovic sem lét af störfum eftir tap gegn Hetti milli jóla og nýárs. Ágúst mun einnig halda áfram sem þjálfari kvennaliðs félagsins. Fyrirliði þess, Helena Sverrisdóttir, var síðan kjörin íþróttamaður Hauka á gamlársdag.

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| MAN.UTD-BOLTON | 4-1 |

1-0 Bruno N´Gotty, sjm (8.), 1-1 Gary Speed (33.), 2-1 Louis Saha (44.), 3-1 Cristiano Ronaldo (68.), 4-1 Cristiano Ronaldo (90.).

| | |
|---|---|
| ASTON VILLA-ARSENAL | 0-0 |
| CHARLTON-WEST HAM | 2-0 |

1-0 Shaun Bartlett (21.), 2-0 Darren Bent (63.).

| | |
|---|---|
| CHELSEA-BIRMINGHAM | 2-0 |

1-0 Hernan Crespo (25.), 2-0 Arjen Robben (43.).

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM-NEWCASTLE | 2-0 |

1-0 Tainio (43.), 2-0 Mido (66.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-WBA | 1-0 |

1-0 Peter Crouch (52.).

| | |
|---|---|
| MIDDLESBROUGH-MAN. CITY | 0-0 |
| PORTSMOUTH-FULHAM | 1-0 |

1-0 Gary O´Neill (43.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **20** | **18** | **1** | **1** | **43:9** | **55** |
| MAN.UTD. | 20 | 13 | 5 | 2 | 40:17 | 44 |
| **LIVERPOOL** | **18** | **12** | **4** | **2** | **26:9** | **40** |
| TOTTENHAM | 20 | 10 | 7 | 3 | 29:18 | 37 |
| **WIGAN** | **20** | **11** | **1** | **8** | **25:24** | **34** |
| ARSENAL | 19 | 10 | 3 | 6 | 27:15 | 33 |
| **BOLTON** | **18** | **9** | **4** | **5** | **23:18** | **31** |
| MAN.CITY | 20 | 8 | 4 | 8 | 27:22 | 28 |
| **BLACKBURN** | **19** | **8** | **3** | **8** | **24:24** | **27** |
| WEST HAM | 20 | 7 | 5 | 8 | 26:27 | 26 |
| **NEWCASTLE** | **19** | **7** | **4** | **8** | **18:21** | **25** |
| CHARLTON | 18 | 8 | 1 | 9 | 23:27 | 25 |
| **ASTON VILLA** | **20** | **5** | **7** | **8** | **23:29** | **22** |
| MIDDLESBRO | 19 | 5 | 6 | 8 | 23:28 | 21 |
| **FULHAM** | **20** | **5** | **5** | **10** | **23:29** | **20** |
| EVERTON | 20 | 6 | 2 | 12 | 11:30 | 20 |
| **W.B.A.** | **20** | **5** | **4** | **11** | **19:29** | **19** |
| PORTSMOUTH | 20 | 4 | 5 | 11 | 15:31 | 17 |
| BIRMINGHAM | 19 | 3 | 4 | 12 | 13:29 | 13 |
| **SUNDERLAND** | **19** | **1** | **3** | **15** | **14:36** | **6** |

# Michael Owen fótbrotinn

**Enski landsliðsframherjinn stefnir á að verða kominn í toppform fyrir HM næsta sumar þrátt fyrir að hafa fótbrotnað í leik Newcastle og Tottenham.**



**BROTINN EN EKKI BUGAÐUR** Michael Owen sést hér á ferðinni í leiknum örlagaríka gegn Tottenham á gamlársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Newcastle og enska landsliðið varð fyrir miklu áfalli á gamlársdag þegar Michael Owen braut bein í einni tánni. Meiðslin eru svipuð mjög frægum meiðslum sem David Beckham varð fyrir á sínum tíma. Meiðslin þýða að Owen verður að hvíla í tvo til þrjá mánuði.

„Þetta er ótrúlega svekkjandi,“ sagði Owen eftir leikinn en hann þótt hann sé brotinn er hann ekki bugaður. „Ég efast ekki um að ég verði klár í slaginn fyrir HM í sumar. Sérfræðingarnir segja mér að það sé ekki nokkur vafi á að löppin verði orðin góð fyrir þann tíma.“

Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfara Englands, var að vonum nokkuð brugðið en hann ætlar sér að fylgjast ítarlega með bata framherjans. „Þetta er ansans óheppni og kemur sér illa fyrir landsliðið og Newcastle. Michael er frábær framherji og gríðarlega mikilvægur fyrir landsliðið og félag sitt. Vonandi nær hann sér á strik hið fyrsta.“

Owen gerir sér grein fyrir því að hann verði að vera þolinmóður enda eru þetta mjög hvimleið meiðsli.

„Það er ekkert hægt að gera til að koma mér í slaginn á stuttum tíma. Beckham, Rooney og Gerrard hafa allir lent í þessu og ég er búinn að heyra í þeim. Það lenda allir í mótlæti en ég get í það minnsta huggað mig við að ég verð klár fyrir HM. Þetta hefði svo sannarlega getað orðið verra,“ sagði Owen. **henry@frettabladid.is**



**PATRICE EVRA** Gæti verið á leið til Man. Utd. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Manchester United:

## Tveir Frakkar í sigtinu

**FÓTBOLTI** Leikmannamarkaðurinn í Evrópu opnaði á nýjan leik um áramótin og verður opinn út mánuðinn. Manchester United er eitt þeirra liða sem þurfa klárlega að styrkja sig og sögur bárust af því í gær að liðið væri með tvo Frakka í sigtinu. Þetta eru Patrice Evra, leikmaður Monaco, og Franck Ribery, leikmaður Marseille.

Ribery er 22 ára miðjumaður en Tottenham er einnig að spá í kappann. United fær líka samkeppni um Evra en Inter er búið að setja sig í samband við Monaco og vill gjarna kaupa hinn 24 ára varnarmann sem sló í gegn með Monaco fyrir tveim árum.


## Fimleikadeild Ármanns

Innritun fyrir vorönn 2006 fer fram á skrifstofu deildarinnar að Sóltúni 16, dagana 3. og 4. janúar, frá kl. 16-19. Boðið er uppá fimleika fyrir stelpur og stráka frá 5 ára aldri undir umsjón reyndra þjálfara. Byrjendur æfa tvisvar í viku, 50 min í senn og fá grunnþjálfun sem nýtist í öllum íþróttum. Einnig er boðið uppá framhaldshópa og keppnisþjálfun. Prufutímar og stöðupróf verða 5. og 6. janúar frá kl. 16-19. Æfingar hefjast skv. stundaskrá fimmtudaginn 5. janúar. Misserinu lýkur 28. maí.

Í boði verða krílahópar fyrir 3-5 ára börn á laugardögum, sem hefjast 7. jan. Greiðsla æfingagjalda fer fram við innritun, staðgr.afsláttur eða raðgreiðslur. Frekari upplýsingar fást á www.armenningar.is/fimleikar, í síma 561-8470 og með því að senda tölvupóst á fimleikar@simnet.is.

Stjórn fimleikadeildar Ármanns


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

30 31 1 **2** 3 4 5

**Mánudagur**

**SJÓNVARP**

- 12.40 **West Ham-Chelsea** á Enska boltanum. Bein útsending.
- 18.30 **NFL** á Sýn.
- 20.30 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 21.30 **Íþróttaannáll 2005** á Sýn.
- 22.30 **HM** á Sýn. England og Argentína.



**BECKHAM OG RONALDINHO** Brasilíumaðurinn Ronaldinho segir Beckham kannski besta leikmann spænsku deildarinnar í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ronaldinho hefur mikið álit á David Beckham:

## Beckham er einn sá besti á Spáni

**FÓTBOLTI** Besti knattspyrnumaður heims, Brasilíumaðurinn Ronaldinho hjá Barcelona, hefur mikið álit á enska landsliðsfyrirliðanum David Beckham og segir hann vera einn besta leikmanninn í spænsku deildinni ef ekki þann besta.

„David er frábær leikmaður og kannski besti leikmaðurinn í spænsku deildinni það sem af er þessu tímabili. Hann hefur svo mörg vopn í búri sínu. Hann hleypur mikið, tæklar, gefur gullfallegar sendingar. Hann virðist vera búinn að finna sinn leik hér á Spáni,“ sagði Brasilíumaðurinn brosmildi sem telur enska landsliðið vera eitt það sterkasta í heiminum í dag. „England er klárlega með eitt besta landslið heims í dag. Wayne Rooney er gríðarlega mikilvægur fyrir enska landsliðið. HM gæti verið mótið sem hann sýnir hversu góður hann er því Rooney er leikmaður sem getur breytt gangi leikja á augnabliki. Ég hitti hann í fyrsta skipti á dögunum og þetta er frábær strákur.“ **- hbg**


## Sunddeild Ármanns

# Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 14. janúar í Árbæjarskóla

## Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 28. janúar nk. í Árbæjarlaug.

**Innritun virka daga frá kl. 17:00 og um helgar frá kl. 13:00 í síma 557-6618 (Stella) og Eygló í síma 866-0122**



# MEISTARINN

Hver slær alla út fyrir

5 milljónir?

Fimmtudagskvöld kl. 20:30

Fjölskyldan sameinast öll í spennandi spurningaleik og Logi Bergmann fer á kostum í leitinni að Meistaranum. Þetta er bráðskemmtilegur spurningaþáttur með útsláttarfyrirkomulagi fyrir alla fjölskylduna þar sem Meistarinn sem slær alla út og fær 5 milljónir króna að launum í beinhörðum peningum.

ÍSLANDSBANKI

GOTT FÓLK McCANN

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Every passing minute is another chance to turn it all around.“**

Svar:
Sofia úr kvikmyndinni Vanilla Sky frá árinu 2001.

# dagskrá

*VIÐ TÆKIÐ* **Bergsteini Sigurðssyni finnst vonlaust að reyna að höfða til allra**

## *Góðar hugmyndir – útvötnuð framkvæmd*

Það er sjálfsagt ekkert grín að gera áramótaskaup, vitandi að þorri þjóðarinnar mun safnast saman fyrir framan skjáinn og ætlast til þess að hláturtaugarnar verði kitlaðar og dæma höfundana hart ef það mislukkast. Það er nánast árlegt brauð að einn af höfundum skaupsins stígi fram fyrir skjöldu og segist „ekki kannast við neitt af þeim atriðum sem ég skrifaði“.



**BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON** Stjarna Skaupsins og bar af í ýmsum gervum.

Skaupið er órætt fyrirbæri og mótsagnakennt; eldri kynslóðirnar vita ekki hverju er verið að gera grín að og þeir yngri skilja ekki hvað á að vera svona fyndið. Skaupið á að höfða til allra – sem gerir oftar en ekki að verkum að engum líkar útkoman. Þetta er það sem upp á ensku er kallað „Catch 22“.

Áramótaskaupið 2005 var miðlungsskaup og helgaðist aðallega af því að höfundarnir reyndu að gera öllum til geðs svo útkoman var hvorki fugl né fiskur. Þarna voru vissulega atriði sem mátti hlæja að; Björgvin Franz Gíslason bar af í hinum ýmsu gervum og náði sínum hæstu hæðum, að mínu mati, sem Guðmundur Steingrímsson. Hjálmar Hjálmarsson var bráðfyndinn sem Eiríkur Jónsson, mislægu gatnamótin hittu í mark, Hilmir Snær var bráðfyndinn í hlutverki Auðuns Georgs og fleira má telja til. Þá var fjarvera syngjandi stjórnmálamanna ánægjuleg.

Á hinn bóginn féllu of mörg atriði kylliflöt; atriðið með völvunni og Jóhannesi í Bónus var skrumskælt, aulagrínið þar sem Edda Björgvins leiddi Ladda um Kringluna var misheppnað eins og reyndar flest ef ekki öll atriðin sem ekki vísuðu í atburði ársins sem leið. Ég þori meira að segja að fullyrða að enginn hafi hlegið að hinu óskiljanlega grænmetisrappi.

Það voru vissulega möguleikar í Skaupinu á gamlárskvöld, en óskandi að höfundarnir hefðu leyft sér aðeins meiri djörfung í stað þess að útvatna það.



▶ **20.45** *Heimildarmynd*

KJARNAKONUR



▶ **20.30** *Raunveruleiki*

WIFE SWAP 2



▶ **21.00** *Lífsstíll*

VEGGFÓÐUR



▶ **21.00** *Spenna*

THE HANDLER



▶ **21.00** *Keppni*

STUMP THE SCHWAB

## SJÓNVARPIÐ

**16.00** Ensku mörkin **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Gurra grís (32:52) **18.06** Kóalabræður (47:52) **18.15** Fæturnir á Fanney (5:13)

**18.30** **Váboði (10:13)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.20** **Átta einfaldar reglur (65:76)** (8 Simple Rules)
▶ **20.45** **Kjarnakonur** Heimildarmynd eftir Gísla Sigurgeirsson um tvær háaldraðar konur á Akureyri, Kristínu Ólafsdóttur og Jóhönnu Þóru Jónsdóttur. Gísli heimsótti þær fyrst í gamla húsið hennar Kristínar í Fjörunni á Akureyri þegar Jóhanna varð hundrað ára. Þá höfðu þær búið saman í 65 ár.
**21.15** **Karen og Adam – Heiðursdans**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **England væntir þess... (1:2)** (England Expects) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.25** Ensku mörkin **0.20** Kastljós **1.10** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Nánar auglýst síðar **11.35** Alf

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Frank McKlusky, C.I. **14.35** Í sex skrefa fjarlægð... **15.35** Osbournes **16.00** Shoebox Zoo **16.25** Cubix **16.50** Skjaldbökurnar **17.15** Kýrin Kolla **17.25** Froskafjör **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons (12:22)**
**20.00** **Strákarnir**
▶ **20.30** **Wife Swap 2 (12:12)** (Vistaskipti 2) (Cedarquist & Oeth) Heimavinnandi húsmóðir sem uppástendur að kenna börnum heima og býr í trékofa skiptir á heimili og fjölskyldu við farsæla útivinnandi kaupsýslukonu með próf frá Harvard-háskóla.
**21.15** **You Are What You Eat 3 (11:17)**
**21.40** **Six Feet Under (9:12)** Bönnuð börnum.
**22.30** **ABC Special – Teri Hatcher**
**22.50** **Ocean's Eleven** Spennumynd á léttum nótum. Bönnuð börnum.

**0.45** Foyle's War 3 (B. börnum) **2.25** Six Feet Under **3.15** Deadwood **4.10** Wife Swap 2 **4.55** The Simpsons **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Summerland (5:13)**
**20.00** **Friends 5 (22:23)**
**20.30** **Fashion Television (10:34)**
▶ **21.00** **Veggfóður** Hönnunar- og lífsstílsþátturinn Veggfóður sem er undir stjórn arkitektsins og sjónvarpskonunnar vinsælu Völu Matt og sjónvarpsmannsins Hálfdáns Steinþórssonar. Í þættinum er lögð áhersla á innlit til fólks og umfjöllun um hönnun og arkitektúr, ásamt því að lífsstíll ýmissa þekktra Íslendinga verður í hávegum hafður. Einnig munu þau Vala og Hálfdán leggja land undir fót og heimsækja Íslendinga í útlöndum.
**22.00** **Summerland (6:13)**
**22.45** **Smallville (3:22)**

**23.30** Friends 5 (22:23) (e) **23.55** The Newlyweds (21:30)

## SKJÁREINN

**12.40** West Ham – Chelsea (b) **17.55** Cheers – 9. þáttaröð **18.20** Popppunktur (e)

**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **Allt í drasli (e)**
**20.00** **The O.C.**
▶ **21.00** **The Handler** Joe biður fyrrum yfirmann sinn um aðstoð þegar tveir af mönnum hans hverfa meðan á hættulegu verkefni stendur. Heather sér um vitni sem heldur að einhver elti sig.
**22.00** **C.S.I.** Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas-borgar. Íslandsvinurinn Quentin Tarantino skrifar og leikstýrir þessum þætti.
**22.50** **Sex and the City – 3. þáttaröð** Aiden biður Carrie að koma með sér að hitta fjölskylduna sína en henni finnst það of mikið of fljótt og ákveður að fara ekki með honum.

**23.20** Jay Leno **0.05** Boston Legal (e) **0.50** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Ameríski fótboltinn** (NFL 05/06) Útsending frá NFL-deildinni.
**20.30** **Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næstefstu deild.
▶ **21.00** **Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttaáhugamenn láta ljós sitt skína.
**21.30** **Íþróttaannáll 2005** Íþróttaárið 2005 á Íslandi. Rifjuð verða upp öll helstu atvikin á íslenska íþróttaárinu 2005.
**22.30** **England – Argentína**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Daredevil (Bönnuð börnum) **8.00** Looney Tunes: Back in Action **10.00** Big **12.00** Eloise at Christmastime **14.00** Looney Tunes: Back in Action **16.00** Big **18.00** Eloise at Christmastime **20.00** **Daredevil** (Ofurhuginn) Bönnuð börnum. **22.00** **Star Trek: Nemesis** (Star Trek: Vélráð) Kafteininn Jean-Luc Picard og félagar hans í Enterprise-geimskipinu eru enn á ferðinni. Bönnuð börnum. **0.00** Collateral Damage (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Kalifornia (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Star Trek: Nemesis (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News Weekend **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **18.00** It's Good To Be **18.30** Celebrity Soup **19.00** E! News Weekend **20.00** THS Investigates **22.00** Dr. 90210 **23.00** Wild On **0.00** Wild On Tara **0.30** Celebrity Soup **1.00** Dr. 90210 **2.00** THS Investigates

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.35** West Ham – Chelsea (b) **14.50** Bolton – Liverpool (b) **18.00** Þrumuskot

**19.00** **West Ham – Chelsea** Leikur frá því fyrr í dag.
**21.00** **Everton – Charlton** Leikur frá því fyrr í dag.

**23.00** Þrumuskot (e) **0.00** W.B.A. – Aston Villa **2.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## ABC Special – Teri Hatcher **Stöð 2** kl. 22.30

### *Leikkonan Teri Hatcher situr fyrir svörum*

Sérstakur viðtalsþáttur ABC-sjónvarpsstöðvarinnar þar sem leikkonan Teri Hatcher situr fyrir svörum. Hatcher er um þessar mundir ein vinsælasta leikkonan í Hollywood en hún fer með eitt af helstu hlutverkunum í sjónvarpsþáttunum vinsælu Desperate Housewifes (Aðþrengdar eiginkonur). Hatcher var fyrst kunn er hún lék blaðakonuna Lois Lane í sjónvarpsþáttunum Lois & Clark sem fjallaði um ný ævintýri ofurmennisins Súpermans. Eftir að framleiðslu á þeim vinsælu þáttum var hætt sneri Hatcher sér að leikhúsinu og lék meðal annars, við góðan orðstír, í hinu margfræga verki Píkusögur. Í tengslum við þá uppfærslu sótti hún Ísland heim árið 2002 í tilefni af fyrsta V-deginum hér á landi.

***Leikkonan Teri Hatcher var fyrst kunn sem blaðakonan Lois Lane í Súperman***



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt **21.30** Á kassanum e **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Í deiglunni **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hvers vegna gerðir þú þetta? **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Söngvamál **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr tónlistarlífinu

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10** *Fréttir*

60 MINUTES

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegi-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þors **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Silfur Egils**
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir**
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og verðurs. **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **14.15** All sports: WATTS **14.30** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **16.15** Football: Football World Cup Season News **16.30** Football: Football World Cup Season Legends **17.30** Football: Football World Cup Season Journeys **17.45** All Sports: Daring Girls **18.00** All sports: WATTS **18.30** Sumo: Kyushu Basho Japan **19.30** Fight Sport: Fight Club **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Football: Football World Cup Season News **22.15** Football: Football World Cup Season Legends **23.15** Football: Football World Cup Season Journeys **23.30** Rally: Rally Raid Dakar **0.00** Olympic Games: Mission to Torino

**BBC PRIME**

**13.00** Monarch of the Glen **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Intergalactic Kitchen **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Ground Force Garden for Africa **20.00** The Office Specials **20.50** New Tricks **22.20** Absolutely Fabulous **23.15** Popcorn **0.00** The Human Mind **1.00** Hidden Treasure **1.30** Hidden Treasure **2.00** Brain and Behavio

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** San Francisco Earthquake **13.00** Tsunami – The Day the Wave Struck **14.00** Hurricane Floyd **15.00** The Super Twisters **16.00** Hurricane Hunters **17.00** Eruption At Pinatubo **18.00** Katrina – Unnatural Disaster **19.00** Hunter Hunted **20.00** Hunter Hunted **21.00** Hunter Hunted **22.00** Hunter Hunted **23.00** Hunter Hunted **0.00** Hunter Hunted **1.00** Hunter Hunted

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** The Planet's Funniest Animals **14.30** The Planet's Funniest Animals **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predator's Prey **19.30** Big Cat Diary **20.00** The Life of Birds **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Predator's Prey **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Animal Precinct **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** The Life of Birds **2.00** The Snake Buster

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See MTV **13.00** Punk'd **13.30** Punk'd **14.00** Punk'd **14.30** Punk'd **15.00** Punk'd **15.30** Punk'd **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** European Top 20 **19.00** Switched On MTV **20.00** Global Room Raiders **20.30** Andy Milonakis Show **21.00** Top 10 at Ten **22.00** MTV Goal **22.30** The Real World **23.00** The Rock Chart **0.30** Just See MTV


Velkomin um borð!




Þann 1. janúar tók Eimskip við rekstri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs

Við tökum við því verkefni með stolti og ánægju og hlökkum til samstarfsins við heimamenn, gesti þeirra og starfsfólk ferjunnar. Þegar er hafin vinna sem miðar að því að bæta enn frekar þjónustu við farþega og auka vellíðan þeirra – milli lands og eyja.
Nú er hægt að bóka far, greiða og prenta út miða á *herjolfur.is*.
Einfalt, skilvirkt og þægilegt!

**Við bjóðum Vestmannaeyinga, landsmenn og aðra þá sem leið eiga milli lands og eyja, velkomna um borð.**

Himinn og haf / SÍA

HERJÓLFUR – milli lands og eyja

EIMSKIP | Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 5481 2991 | www.herjolfur.is



## HRÓSIÐ FÁ...

*Strákarnir fyrir að vera óhræddir við breytingar og fá nýja stráka til liðs við sig.*

## SÉRFRÆÐINGURINN GUÐJÓN SIGMUNDSSON GEFUR LÍTIÐ FYRIR ÁRAMÓTAHEIT

# *Góðir hlutir taka tíma*



Þá er nýtt ár upprunnið og hversdagsleikinn hafinn af fullum þunga eftir mikil hátíðahöld desembermánaðar. Að venju strengdu margir áramótaheit, en ætla má að flest þeirra snúist um betra form og bætta heilsu.

„Ég hef strengt áramótaheit síðastliðin 35 ár en hef hætt því nú. Með aldrinum hefur komið í ljós að maður hefur alltaf svikið sjálfan sig þannig að áramótaheitin hafa ekki staðist,“ segir Guðjón Sigmundsson, sem landsmenn þekkja betur sem Gauja litla, sem fyrir framan alþjóð létti sig í sjónvarpi á og hefur síðan hjálpað holdmiklum Íslendingum að ná tökum á offituvandanum.

„Í stað áramótaheita ættu menn að taka afstöðu til þess að snúast inn í meðvitund um betri heilsu og vera meðvitaðir allt árið. Gerð var rannsókn á sykurneyslu Íslendinga og kom í ljós að hún var nær engin til 28. mars, að nálgaðist páska. Þá sló út fyrir meðvitundinni og síðan tók við vor og sumar þar sem menn hella sér heils hugar í grillmat og bjór,“ segir Guðjón sem einnig styðst við aðsókn að líkamsræktarstöðvum.

„Eigendur segja að aðsókn detti niður eftir 28. mars, eða um það leyti sem páskar eru í árinu. Ég legg því til að menn líti heilt yfir árið og geri þetta ekki með offorsi, en breyti litlu en samt dálitlu þannig að markmiðin séu raunhæf, því góðir hlutir taka tíma,“ segir Guðjón og mælir með hófsemi þegar kemur að breyttum lífsháttum.

„Ef menn hreyfa sig ekkert í viku er gott að byrja á klukkutíma hreyfingu einu sinni í viku. Þegar mönnum fer að líða vel með það má auka hreyfinguna um einn dag í viðbót og svo koll af kolli. Alls ekki þvinga sig í grænmetisát eingöngu og afneita sér um allt sem gott er. Hægar framfarir eru ásættanlegar; annars missa menn meðvitund 28. mars, eins og allir hinir,“ segir Guðjón og biður fólk að básúna ekki áramótaheit sín, heldur eiga þau með sjálfum sér.

„Fljótlega fór ég að þegja um mín áramótaheit, því með því að opinbera sjálfan sig er maður alltaf að brjóta sig niður því maður veit hálfpartinn að maður ætlar að svíkja heitið. Því oftar sem maður svíkur sjálfan sig, því þyngra verður andlegt og líkamlegt niðurbrot,“ segir Guðjón sem er á því að áramót séu bæði óraunhæf og heilmikil vitleysa.

„Sennilega strengja 95 prósent þeirra sem eru of þungir þess heit að grennast á nýju ári, og það er enginn feitur sem stefnir á meiri fitusöfnun á næsta ári. En menn verða að sætta sig við hvernig komið er fyrir þeim og ef þeim líður illa með það á að breyta því.“

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | | |

**LÁRÉTT**
**2** listastefna **6** í röð **8** starfsgrein **9** gljúfur **11** ónefndur **12** yfirstéttar **14** vansæmd **16** borðaði **17** stúlka **18** dýrafita **20** þys **21** megin.
**LÓÐRÉTT**
**1** skraut **3** frá **4** ballerína **5** beita **7** stoppistöð **10** draup **13** hjör **15** drykkur **16** tunna **19** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** dada, **6** áb, **8** fag, **9** gil, **11** nn, **12** aðals, **14** skömm, **16** át, **17** mey, **18** mör, **20** ys, **21** aðal. **LÓÐRÉTT: 1** fága, **3** af, **4** dansmey, **5** agn, **7** biðstöð, **10** lak, **13** löm, **15** mysa, **16** áma, **19** ra.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

1. Björn Th. Árnason
2. Baldvin Þorsteinsson
3. Ari Edwald

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284
Lottó
Vinningstölur laugardaginn 31.12.2005
2 17 19 21 22
Bónus tala 15
Jókertölur vikunnar
Jóker 4 2 9 0 8
Fyrsti vinningur gekk ekki út.
VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum
Vinningstölur miðvikudaginn 28.12.2005
Aðaltölur
6 9 26 29 40 41
Bónustölur Ofurtala
30 32 36
Jókertölur vikunnar
6 0 2 1 2
Fyrsti vinningur gekk ekki út.
Birt með fyrirvara um prentvillur

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## HLEMMUR PLÚS: MÆTIR ANDSTÖÐU ÍBÚA

# Hafa áhyggjur af gömlu húsunum




**ANNA SAARI OG MÁR GUNNLAUGSSON** Andstaðan við fyrirhugaðar framkvæmdir hefur þjappað íbúunum saman.

Í bókinni Leiðarvísir puttaferðalangs um himingeiminn er jörðin sprengd í loft upp af byggingaverktökum utan úr geimnum. Íbúum hinnar ólukkulegu plánetu er sagt að nægur tími hafi verið gefinn til að mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum á skrifstofu yfirvalda, sem staðsett er í næsta sólkerfi.

Sumum virðist sem að borgaryfirvöld í Reykjavík séu lítið aðgengilegri. „Þetta er gróft brot gagnvart íbúum á svæðinu,“ segir Anna Saari, einn íbúi Holtahverfis. „Maður mun ekki sjá í himininn lengur.“ Skipulagsnefnd tilkynnti í sumar tillögu að framkvæmdum á reitnum milli Einholts og Þverholts. „Þetta er hluti af stórverkefni sem gengur undir nafninu Hlemmur plús, en ætlunin er að rífa öll þessi gömlu hús og byggja allt upp að átta hæða blokkir í staðinn til að þétta byggð. Íbúum verður fjölgað um helming í hverfinu.“

Athugasemdir íbúanna gagnvart hugmyndum eru fyrst og fremst þrjár. „Við erum ekki að mótmæla framkvæmdum sem slíkum, enda þau hús sem á að rífa ónýt og vannýtt. En við erum á móti umfangi þeirra, og viljum fá hús sem eru í samræmi við þau sem fyrir eru, 3-4 hæðir í stað átta. Umferðarmál í hverfinu eru þegar í ólestri og sumt af þessu eru hálfgerðir hestakerruvegir. Eitthvað af þessu nýja húsnæði verða stúdentaíbúðir, og ekki er gert ráð fyrir nema hálfu bílastæði á íbúð, sem er alls ekki víst að sé nóg, og ekki er heldur gert ráð fyrir bílastæðum fyrir gesti eða ef fólk á meira en einn bíl. Það er reglulega talað um bílavandamál í miðbænum og samt er verið að hrúga fólki þangað.

Í þriðja lagi höfum við áhyggjur af skemmdum á húsum og lögnum meðan á framkvæmdum stendur, en húsin hér eru byggð upp úr 1940. Mánuðum saman fundum við fyrir höggbylgjum vegna sprengjuframkvæmda við Borgartún og gamla Stjörnubíóreitinn. Ekki hafa fengist svör við því hver ber ábyrgðina ef þau hús sem fyrir eru verða fyrir skemmdum, eða ef skipta þarf um lagnir, og hvenær það er afleiðing af framkvæmdunum. Við viljum að húsin verði ástandstekin áður en framkvæmda er hafist.“

Anna Saari og Már Gunnlaugsson hvöttu fólk í hverfinu til að skrifa borgaryfirvöldum bréf ef það hefði eitthvað við framkvæmdirnar að athuga, og um 70 manns gerðu svo. Einnig stóðu þau fyrir söfnun undirskriftalista gegn byggingu háhýsanna, og um 80% af íbúum hverfisins skrifuðu undir.

„Borgin hefur viðurkennt að þetta brjóti blað í byggingasögunni, enda eru þetta gífurlegar framkvæmdir á einum reit. Við höfum skoðanir á málinu og viljum berjast fyrir rétti okkar. Við erum ekki samtök, bara íbúar, og höfum ekki ráð á að ráða lögfræðing í fulla vinnu eins og í raun þyrfti.

Þetta er spurning um íbúalýðræði, okkur er tilkynnt um hvað er að gerast en við fáum ekki að taka þátt í ákvarðanatökunni. Ákvörðunin verður tekin á næstu dögum og ber að svara öllum athugasemdum. Hafa íbúarnir eitthvað að segja, eða hver á í raun borgina?“

Málið hefur þó einnig haft jákvæðar afleiðingar, segir Már.

„Þetta hefur hnýtt íbúana saman og myndað ný tengsl sem maður hafði ekki áður. Það gerist ekkert ef maður gerir ekkert.“

valurg@frettabladid.is

# Elskar bæði tónlist og kvikmyndir



**ATLI ÖRVARSSON** Að störfum í Los Angeles.

Atli Örvarsson er kannski ekki nafn sem allir kannast við, en líklega þekkja fleiri sjónvarpsþættina Law and Order og NYPD Blue. Atli hefur útsett og samið tónlist fyrir þættina, og hefur nýlega lokið við að semja tónlist fyrir Stuart Little 3, þar sem Michael J. Fox, Geena Davis og Hugh Laurie ljá litlu músafjölskyldunni raddir sínar. En það er fleira á döfinni. „Ég sagði skilið við það fyrirtæki sem ég var að vinna hjá og byrjaði að starfa sjálfstætt á árinu. Ég er að semja tónlist fyrir þættina Just Legal, þar sem Don Johnson fer með aðalhlutverk. Og svo var ég að vinna við myndina Strike the Tent, sem verður frumsýnd á næsta ári en hefur þegar unnið til verðlauna á kvikmyndahátíðum í Cork, Tahoe og víðar.“

Myndin er skrifuð og leikstýrð af Julian Adams, og er byggð á sannri sögu langalangafa hans, sem barðist með Suðurríkjunum í bandaríska borgarastríðinu en var ástfanginn af stúlku frá Norðurríkjunum.

„Hann var ánægður með að ég væri Íslendingur, og héldi því ekki með öðru hvoru liðinu. Þetta er enn viðkvæmt mál og að einhverju leyti skiptir þetta þjóðinni algerlega í tvennt. Til dæmis fóru úrslitin í kosningunum í fyrra eftir nokkurn veginn sömu ríkjalandamærum og borgarastríðið.

Í hverri viku er einhvers staðar í Suðurríkjunum verið að endurgera orrustur úr stríðinu, þar sem áhugamenn koma saman í búningum og leika bardagana. Það er undarleg menning að vera alltaf að endurupplifa orrustur sem þeir töpuðu. Ein slík endurgerð var notuð í myndinni, og þetta eru því ekki leikarar sem klæðast herbúningunum heldur áhugamenn um stríðið.“

Atli hefur búið í Bandaríkjunum í rúm tíu ár. „Ég fór til Boston í nám árið 1993, og svo þaðan til Norður-Karólínu í framhaldsnám. Ég fór fyrst til Los Angeles árið 1998. Mike Post, sem er gamalreyndur sjónvarpstónlistarmaður, á fyrirtæki sem stofnaði sjóð til að hjálpa ungum tónlistarmönnum að komast á framfæri. Á hverju ári er haldin keppni og vinningshafinn fær að fara til Los Angeles í sex vikur og kynnast því að starfa við gerð sjónvarpstónlistar. Ég vann þá keppni, og tveimur árum síðar þegar Post vantaði aðstoðarmann bauð hann mér vinnu.“ Í millitíðinni starfaði Atli meðal annars sem hljómborðsleikari Jessicu Simpson og fór með henni í tónleikaferðalag.

„LA er mikill frumskógur, það tekur tíma og mikla þrautseigju að koma sér inn í bransann. Þjóðsagan er sönn, allir þjónar hérna eru leikarar alls staðar að úr heiminum sem koma til borgarinnar til að meika það. En þetta gefur borginni mikinn kraft, og gerir það áhugavert að búa hér.“

Var það alltaf ætlunin að gerast höfundur sjónvarpstónlistar? „Ég fór í nám til Berkeley að læra djasspíanó, og þar fékk ég að reyna að semja tónlist við myndir. Ég elska bæði tónlist og kvikmyndir og það var ekki aftur snúið. Ég stefni nú að því að færa mig meira inn á kvikmyndir, og verð að semja við tvær myndir á næsta ári, aðra þeirra eftir Julian Adams.“

valurg@frettabladid.is

# Stórútsalan hefst í dag!




REGATTA
GREAT OUTDOORS ™

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550 **Akureyri** Strandgata 3 S. 464-4450 **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




## BAKÞANKAR

**ÞRÁINS BERTELSSONAR**

## *Gleðilegt ár!*

Meðan hundar og kettir landsmanna lágu í valíummóki sprengdu eigendurnir flugelda og skotelda og brenndu stjörnuljósum fyrir 500 milljónir. Það var mikið sjónarspil og alveg stórmerkilegt að enginn skyldi fá rakettuprik í hausinn.

**NÚ** er árið 2005 liðið í aldanna skaut – hvar sem það nú er – og kemur aldrei til baka. Nýja árið, 2006, er gengið í garð, húsdýrin vöknuð úr valíumvímunni og húsbændurnir komnir úr bólunum. Umræðuefni dagsins er „hvernig fannst þér áramótaskaupið?“ og umhugsunarefnið er „hvernig í dauðanum á maður að fara að því að koma lagi á þá félaga Euro og Visa fyrir páska?“ Gallup segir að 53% þjóðarinnar styðji ríkisstjórnina og að Íslendingar séu bjartsýnir hvað varðar atvinnuástand í landinu á komandi ári, en séu þó heldur svartsýnni á efnahagshorfurnar en þeir voru í fyrra, en þá var bjartsýnin slík að það hálfa hefði verið nóg.

**ÞAÐ** er ekki nema eðlilegt að áramót séu soldið sjálfhverfur tími. Hver og einn hugsar um eigin hag, vegur og metur stöðu sína og framtíðarhorfur. En það uppgjör leiðir vonandi hugann að því að við sem hérna búum á þessu efnaða heimili erum tengd hvert öðru og afkoma og hamingja einstaklinga í fjölskyldunni er ekki einkamál hvers og eins, heldur er það hin sameiginlega velferð sem situr í fyrirrúmi. Við erum frjáls þjóð í frjálsu landi, en frelsinu fylgir ábyrgð. Við berum ábyrgð hvert á öðru sem manneskjur, og sem þjóð berum við ábyrgð gagnvart öðrum þjóðum.

**Á** námsárum Sæmundar fróða í Svartaskóla var dólgakapítalismi og frumstæð frjálshyggja allsráðandi. Þar fólust skólagjöldin í því að skrattinn hirti þann sem varð seinastur í röðinni. Sæmi sem var ungur forystumaður í hinu íslenska útrásarliði þess tíma lék snilldarlega á þann gamla og tókst að beisla hann og nota sem samgöngutæki og sigldi á honum heimleiðis; sökkti honum svo í sæ með því að berja hann í hausinn með guðsorðabók sem fjallaði um kristilega samhjálp og náungakærleik. Það er gott ráð að ganga með svoleiðis boðskap upp á vasann enn þann dag í dag að grípa til ef forneskjuleg efnishyggjan ætlar að drekkja manni.


# ÚTSALA

## 27 desember - 22 janúar



© Inter IKEA Systems B.V. 2006

IKEA®

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is